| 4 | 4. feb. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á lögum um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum | 5 |
| 10 | 27. mars | Lög um kjaramál fiskimanna | 41–52 |
| 11 | 27. mars | Lög um Kvótaþing | 53–57 |
| 12 | 27. mars | Lög um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum | 57–58 |
| 13 | 27. mars | Lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna | 59–63 |
| 22 | 8. apríl | Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands | 91–94 |
| 27 | 8. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða | 117–119 |
| 38 | 11. maí | Lög um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum | 148–149 |
| 43 | 29. maí | Lög um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins | 155–156 |
| 49 | 3. júní | Lög um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum | 202 |
| 55 | 10. júní | Lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða | 210–218 |
| 74 | 15. júní | Lög um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum | 295–296 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 121 | 29. okt. | Lög um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða | 461 |
| 134 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum, nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða | 472 |
| | | **Sjóðir.** | |
| 4 | 4. feb. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á lögum um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum | 5 |
| 43 | 29. maí | Lög um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins | 155–156 |
| 46 | 11. maí | Lög um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins | 197–198 |
| 48 | 3. júní | Lög um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997 | 200–201 |
| 49 | 3. júní | Lög um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum | 202 |
| 52 | 3. júní | Lög um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997 | 209 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 84 | 16. júní | Lög um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit | 361–374 |
| 146 | 22. des. | Lög um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum | 490 |
| 155 | 28. des. | Lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda | 506–510 |
| 157 | 28. des. | Lög um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum | 511 |
| | | **Skattar, gjöld og tollar.** | |
| 1 | 12. jan. | Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum | 1–2 |
| 42 | 20. maí | Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum | 154 |
| 56 | 10. júní | Lög um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum | 218 |
| 80 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum | 316 |
| 81 | 16. júní | Lög um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum | 316–333 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 83 | 16. júní | Lög um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum | 358–361 |
| 89 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum | 392–394 |
| 90 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur | 394 |
| 91 | 16. júní | Lög um bindandi álit í skattamálum | 395–396 |
| 92 | 22. júní | Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum | 397–399 |
| 93 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi | 399–400 |
| 95 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 402–403 |
| 96 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum | 404–405 |
| 97 | 16. júní | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 406–407 |
| 148 | 22. des. | Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða | 491–492 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 151 | 28. des. | Lög um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum | 494–498 |
| 154 | 28. des. | Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum | 502–506 |
| 157 | 28. des. | Lög um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum | 511 |
| 158 | 28. des. | Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999 | 512 |
| 159 | 28. des. | Lög um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga | 513–514 |
| | | **Skip,** sjá Siglingar, skip. | |
| | | **Skipulagsmál.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Skoteldar og sprengiefni.** | |
| 16 | 25. mars | Vopnalög | 79–88 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Skólar,** sjá Menntamál. | |
| | | **Sóttvarnir,** sjá Heilbrigðismál. | |
| | | **Stjórnarráð Íslands.** | |
| 3 | 9. feb. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingu | 4 |
| | | **Sveitarstjórnarmál.** | |
| 5 | 6. mars | Lög um kosningar til sveitarstjórna | 6–24 |
| 17 | 30. mars | Lög um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur | 88 |
| 45 | 3. júní | Sveitarstjórnarlög | 173–196 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 100 | 10. júlí | Bráðabirgðalög um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 | 409 |
| 123 | 6. nóv. | Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998 | 462 |
| 156 | 28. des. | Lög um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996 | 510 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Söfn.** | |
| 158 | 28. des. | Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999 | 512 |
| 159 | 28. des. | Lög um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga | 513–514 |
| | | **Tekjustofnar sveitarfélaga,** sjá Sveitarstjórnarmál. | |
| | | **Tollar,** sjá Skattar, gjöld og tollar. | |
| | | **Tóbak.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 98 | 16. júní | Lög um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum | 407 |
| | | **Tryggingar.** | |
| 47 | 3. júní | Lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 | 198–200 |
| 48 | 3. júní | Lög um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997 | 200–201 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 84 | 16. júní | Lög um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit | 361–374 |
| 133 | 23. des. | Lög um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum | 467–471 |
| | | **Umferðarmál.** | |
| 23 | 8. apríl | Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum (öndunarsýni) | 94–95 |
| 32 | 8. apríl | Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar) | 129 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Umhverfismál.** | |
| 7 | 12. mars | Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir | 25–35 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 133 | 23. des. | Lög um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum | 467–471 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Útflutningur.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 137 | 23. des. | Lög um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum | 475–476 |
| | | **Útvarp.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Vatnamál.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Vegabréf.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 136 | 22. des. | Lög um vegabréf | 473–475 |
| | | **Vegamál.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 83 | 16. júní | Lög um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum | 358–361 |
| 101 | 23. júní | Auglýsing um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1998-2002 | 410–445 |
| 103 | 23. júní | Auglýsing um þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð | 450–452 |
| 151 | 28. des. | Lög um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum | 494–498 |
| | | **Veiði, friðun.** | |
| 50 | 3. júní | Lög um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum | 203–207 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Verðbréf.** | |
| 34 | 21. apríl | Lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða | 131–142 |
| 35 | 21. apríl | Lög um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfa viðskipti | 143 |
| 84 | 16. júní | Lög um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit | 361–374 |
| 87 | 16. júní | Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi | 383–389 |
| 88 | 16. júní | Lög um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum | 389–392 |
| 94 | 16. júní | Lög um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, sbr. lög nr. 35/1998 | 401 |
| | | **Verðlagsmál.** | |
| 13 | 27. mars | Lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna | 59–63 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Verslun.** | |
| 28 | 8. apríl | Lög um verslunaratvinnu | 119–125 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 98 | 16. júní | Lög um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum | 407 |
| | | **Vextir.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Vopn.** | |
| 16 | 25. mars | Vopnalög | 79–88 |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Vörumerki.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| | | **Þingvellir.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Þjóðlendur.** | |
| 58 | 10. júní | Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta | 226–231 |
| | | **Þjóðskrá.** | |
| 61 | 12. júní | Lög um dánarvottorð, krufningar o.fl. | 258–261 |
| 145 | 23. des. | Lög um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum | 489 |
| 152 | 28. des. | Lög um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum | 499 |
| | | **Ökutæki.** | |
| 71 | 15. júní | Lög um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995 | 289 |
| 83 | 16. júní | Lög um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum | 358–361 |
| 151 | 28. des. | Lög um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum | 494–498 |
| 159 | 28. des. | Lög um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga | 513–514 |
| | | **Öryggismál.** | |
| 82 | 16. júní | Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar) | 334–357 |
| 133 | 23. des. | Lög um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum | 467–471 |

## Skrá um útgáfudaga A-deildar 1998.

| | | | |
|---|---|---|---|
| A | 1, | nr. 1 | 15. janúar |
| A | 2, | nr. 2 | 23. janúar |
| A | 3, | nr. 3-4 | 13. febrúar |
| A | 4, | nr. 5-6 | 13. mars |
| A | 5, | nr. 7-9 | 24. mars |
| A | 6, | nr. 10-14 | 28. mars |
| A | 7, | nr. 15-17 | 3. apríl |
| A | 8, | nr. 18-21 | 16. apríl |
| A | 9, | nr. 22-36 | 29. apríl |
| A | 10, | nr. 37 | 30. apríl |
| A | 11, | nr. 38-39 | 11. maí |
| A | 12, | nr. 40-42 | 27. maí |
| A | 13, | nr. 43 | 29. maí |
| A | 14, | nr. 44-45 | 5. júní |
| A | 15, | nr. 46-65 | 18. júní |
| A | 16, | nr. 66-99 | 24. júní |
| A | 17, | nr. 100 | 10. júlí |
| A | 18, | nr. 101-104 | 17. júlí |
| A | 19, | nr. 105-110 | 27. ágúst |
| A | 20, | nr. 111-118 | 23. september |
| A | 21, | nr. 119 | 1. október |
| A | 22, | nr. 120-121 | 30. október |
| A | 23, | nr. 122-130 | 3. desember |
| A | 24, | nr. 131-132 | 23. desember |
| A | 25, | nr. 133-161 | 30. desember |
| A | 26, | nr. 162 | 31. desember |
| A | 27, | nr. 163 | 4. jan. 1999 |
| A | 28, | nr. 164-169 | 11. jan. 1999 |

**Endurprentað blað:** 446.

**Leiðréttingar:**

Bls. 375, í fyrirsögn: ... um opinber innkaup, með síðari breytingu. Les: ... um opinber innkaup, með síðari breytingum.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 1998

12. janúar 1998 1 Nr. 1


## AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 87. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 8701.9000 skiptist upp og orðast svo:

| | | A % | E % |
|---|---|---|---|
| | — Aðrar: | | |
| 8701.9001 | — — Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd | 0 | |
| 8701.9009 | — — Annars | 0 | |

b. Tollskrárnúmerin 8705.1000 til 8705.9009 skiptast upp og orðast svo:

| | | A % | E % |
|---|---|---|---|
| | — Kranabifreiðar: | | |
| 8705.1001 | — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna | 0 | |
| 8705.1009 | — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn | 0 | |
| | — Borkranabifreiðar: | | |
| 8705.2001 | — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna | 0 | |
| 8705.2009 | — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn | 0 | |
| | — Slökkvibifreiðar: | | |
| 8705.3001 | — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna | 0 | |
| 8705.3009 | — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn | 0 | |
| | — Steypuhræribifreiðar: | | |
| 8705.4001 | — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna | 0 | |
| 8705.4009 | — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn | 0 | |
| | — Önnur: | | |
| | — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna: | | |
| 8705.9011 | — — — Snjóplógar | 0 | |
| 8705.9012 | — — — Gálgabifreiðar | 0 | |
| 8705.9019 | — — — Annars | 0 | |
| | — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn: | | |
| 8705.9021 | — — — Snjóplógar | 0 | |
| 8705.9022 | — — — Gálgabifreiðar | 0 | |
| 8705.9029 | — — — Annars | 0 | |




Gutenberg

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 1998.*

F. h. r.
**Bergþór Magnússon.**

*Hermann Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1998

22. janúar 1998 3 Nr. 2

## FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:*

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 27. janúar 1998 kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 22. janúar 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

**Stjórnartíðindi A 2, nr. 2. Útgáfudagur 23. janúar 1998.**

Gutenberg

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1998

Nr. 3 4 9. febrúar 1998

## AUGLÝSING

**um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingu.**

Forseti Íslands hefur hinn 9. febrúar 1998 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingu:

1. gr.

11. tölul. 10. gr. reglugerðarinnar, sbr. 4. gr. auglýsingar nr. 114/1993, um staðfestingu reglugerðar um breyting á reglugerð þessari, fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast gildi við birtingu.

*Forsætisráðuneytinu, 9. febrúar 1998.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# AUGLÝSING

## um staðfestingu forseta Íslands á lögum um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 2. febrúar 1998 að tillögu sjávarútvegsráðherra staðfest leiðrétt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1944, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, eins og það var samþykkt á stjórnskipulegan hátt á Alþingi hinn 17. desember 1996. Leiðréttingin varðar 4. gr. laga nr. 152/1996 og hljóðar svo:

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra til staðfestingar sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1998

Nr. 5 6 6. mars 1998

# LÖG

## um kosningar til sveitarstjórna.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Kjördagur.

1. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.

Félagsmálaráðuneytið skal auglýsa hvenær almennar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár.

### II. KAFLI
### Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr.

Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.

Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa glatað kosningarrétti þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

3. gr.

Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr. og hefur ekki verið sviptur lögræði.

### III. KAFLI
### Kjörskrár.

4. gr.

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

5. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

6. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

Gutenberg

7. gr.

Þegar kjörskrá hefur verið samin og staðfest af sveitarstjórn skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar kærum skuli komið á framfæri og hver kærufrestur er.

9. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

10. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir þann tíma er greinir í 5. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt ríkisfang.

11. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 10. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá.

12. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt og hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

## IV. KAFLI
## Kjördeildir.

13. gr.

Hvert sveitarfélag er ein kjördeild, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.

## V. KAFLI
## Kjörstjórnir og undirbúningur kosninga.

14. gr.

Yfirkjörstjórn skal kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

Í sveitarfélagi sem skipt er í kjördeildir skal kjósa undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa hverfiskjörstjórn til að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórnir síðar en kveðið er á um í 1. mgr.

Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn sem allir skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Sveitarstjórn getur ákveðið að sama kjörstjórn stýri kosningum til sveitarstjórnar og kosningum til Alþingis.

15. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Yfirkjörstjórnir bóka viðtöku framboða, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningarathöfnina.

Sveitarstjórnir skulu láta yfirkjörstjórnum í té gerðabækur. Yfirkjörstjórnir láta undirkjörstjórnum og hverfiskjörstjórnum í té gerðabækur, nema þeim kjörstjórnum séu lögð til sérstök eyðublöð er komi í stað gerðabókar.

16. gr.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar í bundnum hlutfallskosningum.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

17. gr.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

## VI. KAFLI
## **Framboð og umboðsmenn.**

18. gr.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn fyrir lok framboðsfrests að hann skorist undan endurkjöri.

19. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem geta verið með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

20. gr.

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

21. gr.

Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.

22. gr.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar.

Lágmarksfjöldi meðmælenda skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

a. í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa 10 meðmælendur,
b. í sveitarfélagi með 501–2.000 íbúa 20 meðmælendur,
c. í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa 40 meðmælendur,
d. í sveitarfélagi með 10.001–50.000 íbúa 80 meðmælendur,
e. í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

23. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.

24. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita

frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

25. gr.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurð sveitarstjórnar má kæra á sama hátt sem fyrir er mælt í 93. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

26. gr.

Á framboðslista í sveitarfélagi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn í sveitarstjórn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Við hinar sömu sveitarstjórnarkosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

27. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

28. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem úrskurðaður er ógildur.

29. gr.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn.

30. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

31. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð sinn á framboðslista merkir hún lista framboðanna með hliðsjón af skrá dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu alþingiskosningar.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

32. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

Nú fer óbundin kosning fram, framboðsfrestur framlengist samkvæmt ákvæðum 29. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 18. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

33. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 30. gr. skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn birta listann þannig breyttan með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

## VII. KAFLI
## **Kjörgögn.**

34. gr.

Um kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, gerð þeirra og meðferð fer eftir lögum um kosningar til Alþingis.

35. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

36. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar sveitarstjórnarkosningar.

37. gr.

Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

Þar sem bundnar hlutfallskosningar fara fram skal prenta framboðslistana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti ½ sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök eða annað framboð hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ... (nafn stjórnmálasamtakanna eða annars framboðs).

38. gr.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

39. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en nauðsynlegt er að mati yfirkjörstjórnar og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

40. gr.

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórn síðan afhenda með öruggum hætti hverri undirkjörstjórn jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu afhentir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

41. gr.

Sömu atkvæðakassar skulu að jafnaði notaðir og við alþingiskosningar. Sýslumenn eða fulltrúar þeirra varðveita atkvæðakassana milli kosninga og sjá um að þeir séu til taks í tæka tíð þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera af sömu gerð, eigi minni en 31,5 sm að lengd, 21 sm að breidd og 15,7 sm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa er sé 15,7 sm löng að minnsta kosti og 6,5 mm víð að ofan en víðari að neðan.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í sveitarfélaginu.

42. gr.

Félagsmálaráðuneytið lætur hverri yfirkjörstjórn í té sérprentun af lögum þessum ásamt skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir. Yfirkjörstjórn skal sjá til þess að undirkjörstjórnir fái slíka sérprentun.

Formenn yfir- og undirkjörstjórna geyma eintök þessi og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

## VIII. KAFLI
## **Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.**

43. gr.

Kjósandi hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

Nú hefur kjördagur verið ákveðinn með skemmri fyrirvara en átta vikum og á kjósandi þá rétt á að greiða atkvæði frá og með næsta virka degi eftir að kjördagur hefur verið ákveðinn.

Þegar kosning er óbundin ritar kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra aðal- og varamanna er hann kýs. Tilgreina skal varamenn í þeirri röð sem kjósandi kýs að þeir taki sæti.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar fer að öðru leyti eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

## IX. KAFLI
## **Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.**

44. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveður sveitarstjórn.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

45. gr.

Þegar kosning fer fram skal svo búið um kjörklefa að utan frá verði hvorki í þá gengið né séð.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

46. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar er félagsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

Félagsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þessara en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnum.

47. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis en yfirkjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

48. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

49. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista má enginn vera inni í kjörfundarstofunni nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram böggul með kjörseðlum. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal fjöldi seðlanna skráður í gerðabók kjörstjórnar og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

50. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána sem fylgir. Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella skal það skráð sérstaklega í gerðabók kjörstjórnar og varðveitt með sama hætti og aðrir atkvæðaseðlar.

51. gr.

Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

52. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

53. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

54. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörslu einn mann eða fleiri sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til að atkvæðagreiðsla hefjist og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um í hverri röð kjósendur komist að skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn sem framar stendur á kjörskrá af þeim sem gefa sig fram.

55. gr.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir fulltrúi í kjörstjórn honum einn kjörseðil.

56. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði nema ~~hann~~ hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema hann sanni með vottorði að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama sveitarfélags og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í gerðabók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar gerðabók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað, enda sé einnig getið um það í gerðabókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt sé það undirritað af oddvita eða framkvæmdastjóra sveitarstjórnar fyrir hennar hönd. Tilkynna ber undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag hvaða kjósendum í kjördeildinni sveitarstjórn hafi gefið vottorð.

57. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

58. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði við bundnar hlutfallskosningar á þann hátt að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

59. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

60. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

61. gr.

Kjósandi má ekki hagga neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

62. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður þótt hann skili auðum seðli.

63. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í gerðabókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

64. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

65. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

66. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

67. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin og rannsaka hvort sá sem bréfið er frá stendur á kjörskrá og ef svo er hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist að sá sem bréfið er frá standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

68. gr.

Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 56. gr., eða hafi dáið fyrir kjördag leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

69. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og skal þá bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fólginn og skal síðan yfirkjörstjórn úrskurða um gildi þess.

70. gr.

Þau kjörseðilsumslög sem enginn ágreiningur er um að gild séu lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

71. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og kjörseðilsumslög þau er gild hafa verið tekin hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá sér í umslagi öllum þeim seðlum sem ónýttir hafa verið og í öðru öllum þeim seðlum sem afgangs eru ónotaðir.

72. gr.

Um leið og kosningu er lokið og undirkjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar ásamt atkvæðakössum.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn gögn skv. 1. mgr. óinnsigluð, að viðstöddum umboðsmönnum lista.

73. gr.

Yfirkjörstjórn kannar hvort tala kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjördeildarbókum undirkjörstjórna sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórna.

74. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í gerðabókina.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

## X. KAFLI
## Framkvæmd atkvæðatalningar.

75. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin nema kjördeild sé ein og talning fari fram í lok kjörfundar. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað skv. 89. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

76. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Telji Verðlagsstofa ekki fram komnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna skv. II. kafla laga þessara með kröfu um að úrskurðarnefnd ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar þess skips er í hlut á. Skulu fylgja kæru öll gögn sem aflað hefur verið um uppgjör á aflahlut áhafnar skips skv. 1. mgr., svo og nauðsynlegar upplýsingar um verðlagningu sambærilegs afla í hliðstæðum viðskiptum.

## II. KAFLI
## Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

8. gr.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Í nefndinni eiga sæti sjö menn, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Sjómannasambandi Íslands, einn af Vélstjórafélagi Íslands, þrír af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn skv. 2. mgr. skal sjávarútvegsráðherra skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd.

9. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðar-

nefndar skv. 8. gr. hver um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár, eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

10. gr.

Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 9. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í málum sem skotið er til hennar af Verðlagsstofu skiptaverðs gildir um verð í öllum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar, sbr. þó 3. mgr. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, sbr. 2. mgr. 9. gr., en til verðs fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum, en þó aldrei síðar en sjö dögum eftir að málinu var skotið til hennar, ef hún varðar kæru frá Verðlagsstofu skiptaverðs, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða viðskipti milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

11. gr.

Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem Verðlagsstofa fiskverðs hefur safnað.

Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

12. gr.

Úrskurðarnefnd skal fela Verðlagsstofu skiptaverðs að leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn og þeim aðilum er um ræðir í 4. og 5. gr. um öll þau atriði sem máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli.

13. gr.

Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðar skulu þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra

skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra.

Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefndar skal vera rökstuddur.

14. gr.

Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð, hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði, er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástatt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

16. gr.

Stöðvi útgerð rekstur skips eða breyti útgerðarháttum þess í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar skal það tilkynnt áhöfn skriflega með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Er útgerð skylt að greiða áhöfn bætur fyrir skertan aflahlut fyrir þann tíma sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar. Skulu þær nema áætluðum aflahlut einstakra skipverja miðað við óbreytta útgerðarhætti að frádregnum greiðslum sem í stað aflahlutar kunna að hafa komið.

Við áætlun aflahluta skv. 1. mgr. skal taka mið af fyrri veiðum skips og afla hliðstæðra skipa sem stunda sambærilegar veiðar á þeim tíma er bæturnar varða.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef óviðráðanlegar ástæður valda því að útgerð stöðvar rekstur skips eða breytir útgerðarháttum þess.

## III. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

17. gr.

Starfsmenn Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar hagi tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar skuli veittar eða að skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda gildir þó ekki gagnvart fiskverði sem úrskurðað er skv. II. kafla eða almennum upplýsingum skv. 3. gr.

18. gr.

Kostnaður af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í úrskurðarnefndinni.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 84 20. júní 1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

25. mars 1998 Nr. 14

# LÖG

## um Örnefnastofnun Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hlutverk Örnefnastofnunar Íslands er að safna íslenskum örnefnum frá öllum tímum þjóðarsögunnar og skrá þau og varðveita á aðgengilegan hátt eftir viðurkenndum fræðilegum kröfum á hverjum tíma. Þá skal stofnunin og starfsmenn hennar stunda og stuðla að fræðistörfum á sviði örnefnafræða, m.a. með fræðilegri útgáfu, og leggja rækt við náið og virkt samstarf og samráð við aðrar stofnanir og einstaka fræðimenn, innan lands sem utan, er fást við hvers kyns fræði og starfsemi er örnefnum tengjast eftir því sem frekast má verða örnefnafræðum til eflingar. Stofnunin tekur þátt í fjölþjóðlegu samstarfi í örnefnafræðum eftir því sem föng eru á.

Stofnunin þjónar eftir megni öllum þeim er leita eftir upplýsingum og leiðbeiningum um hvaðeina er heyrir til fræðasviðs hennar og býður fram vinnuaðstöðu í því augnamiði eftir því sem aðstæður leyfa. Lögð skal áhersla á að almenningur geti aflað sér glöggra upplýsinga um örnefni, fræðirit í safni stofnunarinnar og ýmsar aðrar heimildir á sviði örnefnafræða, m.a. með tilstilli nettengingar um tölvur. Þá skal stofnunin styðja við kennslu í örnefnafræðum eftir því sem henni verður komið á við Háskóla Íslands eða á öðrum vettvangi.

2. gr.

Örnefnastofnun Íslands tekur til varðveislu öll örnefna- og heimildasöfn sem nú eru geymd í Örnefnastofnun Þjóðminjasafns og tekur jafnframt við öllum eignum þeirrar stofnunar.

Auk þess fjár sem veitt verður til stofnunarinnar á fjárlögum ár hvert er henni heimilt að afla sértekna, m.a. fyrir verkefni eftir samkomulagi við tiltekna aðila, svo sem sveitarfélög og félagasamtök.

Stofnuninni er heimilt að semja svo um, eftir því sem fé fæst til, að tilteknir aðilar, einstaklingar eða stofnanir, er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði örnefnasöfnunar, annist afmörkuð söfnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina sem verktakar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Örnefnastofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður að tilnefningu þjóðminjaráðs, annar að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður stjórnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin vinnur, ásamt forstöðumanni, að stefnumörkun og hefur eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni forstöðumann til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar í samráði við stjórn hennar.

Ágreiningi, er varðar ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar, verður skotið til menntamálaráðherra að hætti stjórnsýslulaga.

4. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um að Örnefnastofnun Íslands hafi nánar tiltekin rekstrar- eða aðstöðutengsl, svo sem um bókhald og húsnæði, við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir sé það talið hagkvæmt.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Örnefnastofnunar Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Frá sama tíma leggst af Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sem sett var á stofn með bréfi menntamálaráðherra frá 23. júní 1969.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa stjórn stofnunarinnar fyrir þann tíma sem þar er greindur og hlutast til um að starf forstöðumanns verði auglýst laust til umsóknar með þeim hætti að unnt verði að ráða hann frá 1. ágúst 1998 og að stjórninni gefist áður tækifæri til að láta ráðherra í té umsögn sína um umsóknir um það starf. Verði þessi heimild notuð er stjórn stofnunarinnar ekki ætluð önnur starfsemi fram til hins almenna gildistökudags laganna.

Þeim starfsmönnum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, er starfa þar við gildistöku laga þessara í heimiluðum stöðugildum, skal gefinn kostur á sambærilegum störfum við Örnefnastofnun Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 25. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1998

25. mars 1998 65 Nr. 15

# LÖG

## um dómstóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI
### Dómstólaskipanin.

1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Borgarhreppur, Borgarbyggð, Álftaneshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fljótahreppur og Siglufjarðarkaupstaður.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit,

Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Keldunesshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.

6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðar-, Jökuldals- og Tunguhreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Bæjarhreppur, Hornarfjarðarbær, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Ölfushreppur.
8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogsbær.

Umdæmi hvers héraðsdómstóls skal vera ein þinghá. Frá þessu má dómsmálaráðherra þó víkja með reglugerð sem hann getur sett að fenginni umsögn hlutaðeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

3. gr.

Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.

## II. KAFLI
## Hæstiréttur Íslands.

4. gr.

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.

7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Áður en skipað verður í dómaraembætti skal dómsmálaráðherra leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Umsækjanda verður ekki veitt embættið ef í umsögninni kemur fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tölul. 2. mgr.

5. gr.

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til tveggja ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómarar kjósa annan í hans stað til loka þess. Hæstiréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum.

Nú eru hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu máls eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómari sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

6. gr.

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda þar. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einn má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi í lögum eða hliðstæðri prófgráðu í lögfræði eða annarri grein við háskóla.

Forseti ræður til Hæstaréttar lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer og með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennu reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarar skipi dóm. Þá getur forseti ákveðið að einn dómari skipi dóm í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikilsverða hagsmuni, svo og að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.

Þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu að jafnaði eiga þar sæti þeir sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar. Varadómari skv. 8. gr. verður ekki kvaddur þar til setu nema tölu dómara verði ekki náð vegna vanhæfis eða forfalla reglulegra dómara.

Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur ekki annars þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum ef annar dómari verður síðar fyrir forföllum.

Þegar Hæstiréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómarar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Hafi dómari forföll eða sé hann vanhæfur skal að jafnaði ekki kvaddur til varadómari skv. 8. gr. nema færri en fimm hæstaréttardómarar geti sinnt því.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku máls. Þá getur Hæstiréttur einnig falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

8. gr.

Nú er hæstaréttardómari vanhæfur til að skipa dóm í máli eða hann fær leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá dómsmálaráðherra samkvæmt tillögu forseta varadómara til að taka sæti hans í tilteknu máli. Varadómari skal vera úr röðum héraðsdómara, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmanna eða fyrrverandi dómara við Hæstarétt og fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara.

Séu allir hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli skal forseti gera tillögu til dómsmálaráðherra um einn varadómara til að sitja þar í forsæti. Þegar slíkur varadómari hefur verið skipaður gerir hann tillögu til ráðherra um skipan dómsins að öðru leyti.

Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema samkvæmt eigin ósk eða hann missi að mati Hæstaréttar almenn dómaraskilyrði áður en starfi hans lýkur.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa varadómara fyrir hvert mál sem hann tekur sæti í.

9. gr.

Hæstaréttardómara verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Dómsmálaráðherra veitir dómara leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Hæstaréttar setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 8. gr. segir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 4. mgr. 4. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími.

10. gr.

Hæstiréttur heldur dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Forseti Hæstaréttar stýrir dómi ef hann á þar sæti, en ella varaforseti. Taki hvorugur þeirra þátt í meðferð máls situr þar í forsæti sá dómari í málinu sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

Hæstiréttur getur ákveðið að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómara og annarra starfsmanna.

11. gr.

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

## III. KAFLI
## Héraðsdómstólar.

12. gr.

Dómarar í héraði eru 38 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í dómnefnd til þriggja ára í senn til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar. Tilnefnir Dómarafélag Íslands annan mann í nefndina úr röðum héraðsdómara en Lögmannafélag Íslands þann þriðja úr hópi starfandi lögmanna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er þrjú ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skv. 3. mgr. skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Ráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar.

13. gr.

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem dómsmálaráðherra skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Skipunartími í dómstólaráð er fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Hver þessara fimm manna skal hafa varamann sem skipaður er og eftir atvikum tilnefndur á sama hátt og aðalmaður. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í dómstólaráði oftar en tvisvar samfleytt.

Láti héraðsdómari eða dómstjóri, sem sæti á í dómstólaráði, af embætti eða starfi dómstjóra áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans. Ráðherra skipar til sama tíma nýjan mann í dómstólaráð ef sá sem hann skipar án tilnefningar hverfur frá starfinu áður en skipunartíma lýkur.

Dómstólaráð kýs sér formann frá byrjun hvers árs að telja. Það ákveður hvar starfsemi þess fer fram.

Kjaradómur ákveður þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

14. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómstólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdómstóla, gera tillögur til dómsmálaráðherra um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipta á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.
2. Að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, svo og að setja almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.
3. Að skipuleggja endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla.
4. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, en dómstólaráð getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr.
5. Að safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við héraðsdómstóla og gera eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé þar skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.
6. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal um hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi héraðsdómstóla vegna orlofs dómara og annarra starfsmanna.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega.
8. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla eða löggjöf sem um þá gildir.

Dómstólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna.

15. gr.

Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti. Heimilt er þó að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeirra í skjóli almennrar heimildar dómstólaráðs. Dómstólaráð ákveður hvar slíkir dómarar hafi starfsstöð.

Ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang skv. 1. mgr. skal hvort heldur gilda um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um fyrsta starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Eftir því sem frekast er unnt skal dómstólaráð taka tillit til óska héraðsdómara þegar starfsvettvangur hans er ákveðinn.

Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleytt við sama dómstól eða án fasts sætis við tiltekinn dómstól, enda standi ákvæði 5. mgr. því ekki í vegi að fengið verði fyrir hann dómarasæti á öðrum vettvangi, sbr. og 39. gr.

Héraðsdómari verður ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ef þörf er á héraðsdómara, sem á fast sæti við héraðsdómstól, til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól, þar á meðal í fjölskipuðum dómi, ákveður dómstólaráð hverjum verði falið starfið. Dómara er skylt að hlíta slíkri ákvörðun dómstólaráðs.

16. gr.

Dómsmálaráðherra skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómarar eiga fast sæti við héraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómararnir tveir tilnefnir dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við héraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartímanum.

Við héraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri héraðsdómarar eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti héraðsdómara.

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Nú telur dómstólaráð dómstjóra brjóta af sér í því starfi, og skal það þá gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingarnar. Telji dómstólaráð skýringar dómstjóra óviðunandi getur það veitt honum skriflega áminningu. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekað getur dómstólaráð lagt til í rökstuddu erindi að dómstjóra verði veitt lausn frá starfinu. Dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um hvort dómstjóra verði veitt lausn, en um meðferð slíks máls gilda að öðru leyti ákvæði stjórnsýslulaga.

Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.–30. gr. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólnum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann að fela honum sérstaklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

17. gr.

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera tímabundin og ekki til lengri tíma en fimm ára við sama dómstól.

18. gr.

Við úthlutun mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Dómstólaráð getur sett leiðbeiningarreglur um úthlutun mála.

Sé máli úthlutað deild dómara ákveða þeir sem hana skipa hver þeirra fari með það.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema annað sé skylt að lögum. Dómstjóri getur þó ákveðið að neytt verði heimildar í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum. Hann úthlutar þeim þá máli í sameiningu og velur einn úr hópi þeirra til að sitja þar í forsæti. Sé þörf á héraðsdómara frá öðrum dómstóli til að skipa dóm í máli leitar dómstjóri til dómstólaráðs sem felur dómara verkið.

Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun máls vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé

beiðni hans studd haldbærum rökum og kostur annars dómara við dómstólinn til að fara með málið. Þá er dómara og heimilt að biðjast undan úthlutun vegna sérstakra anna eða þess að jafnaðar sé ekki gætt með henni. Dómstjóri tekur afstöðu til beiðna sem þessara, en dómara þeim sem í hlut á er heimilt að skjóta ákvörðun hans til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Dómstjóra er heimilt að draga aftur úthlutun án beiðni þess dómara sem hefur fengið mál til meðferðar ef hann verður ekki við tilmælum dómstjóra um að ljúka því innan hæfilegs frests eða veikindi hans eða hliðstæð atvik torvelda að hann geti sinnt því. Hlutaðeigandi dómara er heimilt að skjóta slíkri ákvörðun dómstjóra til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nú víkur héraðsdómari sæti í máli, og skal þá dómstjóri úthluta því á ný, enda fullnægi annar dómari sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með það. Ef með þarf getur dómstjóri leitað til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun málsins.

19. gr.

Fullnægi enginn dómari við héraðsdómstól sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því. Reynist enginn dómari við annan dómstól heldur hæfur til að fara með málið gefur dómstólaráð skriflegt og rökstutt álit um það. Skal þá dómsmálaráðherra skipa setudómara til að fara með málið.

Setudómari skal fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Nú hefur setudómari verið skipaður og hann telur þörf á að dómur verði fjölskipaður í málinu með öðrum en sérfróðum meðdómsmönnum eða það er skylt að lögum. Skal dómsmálaráðherra þá að ósk hans skipa aðra tvo setudómara til að fara með málið með honum en sá sem fyrst var skipaður situr í forsæti í dóminum.

Setudómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Dómstólaráð ákveður þóknun setudómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

20. gr.

Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólaráð getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. Dómstólaráð setur að öðru leyti reglur um leyfi héraðsdómara frá störfum. Dómstólaráð veitir leyfi vegna orlofs, auk þess að taka afstöðu til umsóknar um leyfi í öðru skyni, sem stendur í heild í mánuð eða skemmri tíma. Að öðrum kosti gerir það tillögu um afgreiðslu umsóknar héraðsdómara um leyfi, en dómsmálaráðherra ákveður hvort það skuli veitt að fenginni slíkri tillögu.

Nú hefur héraðsdómari forföll eða honum er veitt leyfi skv. 1. mgr., og verður þá annar því aðeins settur í embætti hans að sérstakar annir krefji og dómstólaráð mæli með því. Dómsmálaráðherra setur þá dómara að fenginni ábendingu dómstólaráðs um mann til starfans. Ráðherra getur þó að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans.

Þrátt fyrir framangreint er dómsmálaráðherra heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 3. og 4. mgr. 12. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari.

21. gr.

Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómstóls. Um slíka ákvörðun skal mælt í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls.

Héraðsdómari getur háð þing utan fasts þingstaðar til að taka fyrir mál innan umdæmis síns ef það þykir heppilegt vegna rekstrar þess. Með sama skilyrði getur héraðsdómari einnig háð þing utan umdæmis síns til að taka fyrir mál eftir þingfestingu þess.

22. gr.

Við héraðsdómstóla skulu háð regluleg dómþing á föstum þingstöðum samkvæmt því sem dómstólaráð ákveður að fengnum tillögum dómstjóra. Dómstólaráð tilkynnir slíka ákvörðun með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

## IV. KAFLI
## Réttindi og skyldur dómara.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla taka jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara nema annars sé sérstaklega getið.

Til að gegna störfum sem mælt er nánar fyrir um í þessum kafla skipar dómsmálaráðherra þrjá menn til að sitja í nefnd um dómarastörf, svo og jafnmarga til vara. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Skal sá síðastnefndi vera formaður nefndarinnar og fullnægja skilyrðum til að verða skipaður í embætti hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarmanna er sex ár en þó þannig að skipunartími eins þeirra rennur út annað hvert ár. Sömu reglur gilda um skipun varamanna. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Úrlausnum nefndar um dómarastörf verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nefnd um dómarastörf skal hafa eftir þörfum samvinnu við dómstólaráð um starfsemi sína. Kjaradómur ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni.

24. gr.

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms.

Dómara er skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmætum ákvörðunum dómstólaráðs.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

25. gr.

Kjaradómur ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra.

26. gr.

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Dómari skal tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því. Sé ekki getið um heimild til að gegna starfinu í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Sé ekki getið um heimild til að eiga slíkan hlut í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

27. gr.

Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á hans hlut með störfum sínum er heimilt að beina skriflegri kvörtun af því tilefni til nefndar um dómarastörf. Í slíkri kvörtun skal greint frá atvikum og röksemdum fyrir því að brotið hafi verið á rétti þess sem hana ber fram. Berist nefndinni kvörtun sem hún telur þegar sýnt að gefi ekki tilefni til frekari aðgerða vísar hún kvörtuninni frá sér. Að öðrum kosti gefur nefndin hlutaðeigandi dómara og forstöðumanni dómstóls kost á að skila skriflegum athugasemdum innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að taka í einu lagi til meðferðar tvær eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara.

Sé kvörtun metin tæk til meðferðar skal nefnd um dómarastörf ljúka málinu með skriflegu og rökstuddu áliti. Telji nefndin kvörtunina gefa tilefni til aðgerða getur hún í áliti sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu eftir ákvæðum 28. gr.

28. gr.

Nú telur forstöðumaður dómstóls að háttsemi dómara eða vanræksla í starfi eða framferði hans utan starfs sé slík að aðfinnsluvert sé án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við. Getur þá forstöðumaðurinn beint munnlegum eða skriflegum tilmælum til dómarans um úrbætur.

Beri tilmæli skv. 1. mgr. ekki árangur eða telji forstöðumaður dómstóls ávirðingar dómara alvarlegri en svo að tilmæli hans ein séu við hæfi skal hann beina málinu til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Eins skal farið að ef dómari hlítir ekki ákvörðun dómstólaráðs eða banni skv. 4. mgr. 26. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að beina máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og greinir í 2. mgr. Þá er nefndinni og heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði ef atvik eru með þeim hætti sem þar segir.

Berist nefnd um dómarastörf mál samkvæmt því sem um ræðir í 2. eða 3. mgr. skal hún gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð. Nefndinni ber að öðru leyti að afla gagna eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Um meðferð máls fer annars samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem átt getur við.

Nefnd um dómarastörf skal ljúka máli með skriflegri og rökstuddri ákvörðun um hvort hlutaðeigandi dómara verði veitt áminning. Sé áminning veitt skal hún birt dómaranum með sannanlegum hætti, en jafnframt skal þá ákvörðunin send forstöðumanni dómstólsins sem hann starfar við auk dómsmálaráðherra. Dómstólaráði skal jafnframt send ákvörðunin ef héraðsdómari á í hlut.

Dómara, sem hefur sætt áminningu, er heimilt að höfða mál á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins til að fá hana fellda úr gildi, en það skal þá gert innan mánaðar frá því að hún var birt dómaranum.

29. gr.

Veita má dómara lausn frá embætti um stundarsakir ef hann hefur sætt áminningu en lagar sig ekki að henni innan hæfilegs tíma eða gerist innan þriggja ára á ný sekur um ávirðingar sem gefa tilefni til áminningar. Dómara verður einnig veitt lausn frá embætti um stundarsakir ef hann missir almenn hæfisskilyrði til að gegna því. Það sama gildir jafnframt ef opinber rannsókn beinist að dómara eða opinbert mál er höfðað á hendur honum og áfellisdómur um sakirnar sem hann er borinn yrði til þess að hann missti almenn hæfisskilyrði.

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra, en ráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

Nú hefur dómara verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir af öðrum ástæðum en þeim sem getur í lokamálslið 1. mgr., og skal þá innan tveggja mánaða höfða á hendur honum mál samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 30. gr., en ella fellur lausnin sjálfkrafa niður. Verði máli vísað frá dómi eða sé það fellt niður fellur lausnin jafnframt sjálfkrafa niður ef nýtt mál er ekki höfðað innan tveggja vikna en þannig verður þó ekki farið að oftar en eitt skipti. Lausn sem veitt hefur verið um stundarsakir eftir ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. stendur þar til opinberri rannsókn lýkur með ákvörðun um að hlutaðeigandi dómari verði ekki sóttur til sakar, sex mánuðir eru liðnir án þess að ákæra sé gefin út á hendur honum eða opinberu máli lýkur með endanlegum dómi um sýknu hans en annars þar til tvær vikur eru liðnar frá því að endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu hans.

Dómari heldur fullum embættislaunum meðan á lausn um stundarsakir stendur.

30. gr.

Þegar dómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

Þótt dómur gangi í héraði í máli skv. 1. mgr. stendur lausn um stundarsakir áfram meðan kostur er á áfrýjun innan almenns frests, svo og enn eftir það meðan mál er rekið fyrir Hæstarétti ef áfrýjað er.

Endanlegur dómur um að dómara sé vikið frá leiðir sjálfkrafa til lausnar hans úr embætti.

Sé dómari sýknaður af kröfu um frávikningu tekur hann sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma sem dómur um það telst endanlegur.

31. gr.

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ef hann leitar eftir henni sjálfur, enda sé það gert með þeim fyrirvara sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins.

Dómari telst sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tekur við skipun í annað embætti.

Heimilt er að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára, en hann skal þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri.

32. gr.

Um refsiábyrgð dómara vegna háttsemi hans í embætti fer eftir almennum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga.

Verði athafnir dómara í starfi eða athafnaleysi öðrum til tjóns ber ríkið á því bótaábyrgð eftir almennum reglum. Dómari verður ekki sjálfur krafinn um bætur, en ríkinu er þó heimilt að gengnum áfellisdómi að beina að honum framkröfu, enda hafi ásetningsverk hans leitt til bótaskyldu.

Við rekstur mála samkvæmt framangreindu skal fara eftir almennum reglum.

33. gr.

Um önnur atriði en að framan greinir gilda almennar reglur um starfsmenn ríkisins um dómara eftir því sem átt getur við.

## V. KAFLI
## Gildistaka, brottfall laga o.fl.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanteknum ákvæðum 38. gr. sem taka þegar gildi.

35. gr.

Við gildistöku þessara laga falla brott eftirtalin lög og ákvæði laga:

1. Lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.
2. I. kafli laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með áorðnum breytingum.
3. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989.
4. 160. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.
5. 3. mgr. 3. gr., 2. málsl. 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 143. gr. og 4. mgr. 165. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum.

36. gr.

Við gildistöku þessara laga verða svofelldar breytingar á ákvæðum annarra laga:

1. Í 10. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, fellur brott orðið „Hæstaréttarritari“, en í stað þess kemur: Skrifstofustjóri Hæstaréttar.
2. Heiti laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, verður: Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

   Kaflanúmer og kaflafyrirsagnir í sömu lögum falla brott.

   Greinanúmer í sömu lögum breytast þannig að 10.–16. gr. verða 1.–7. gr.

   Í 1. gr. (áður 10. gr.) sömu laga fellur brott tilvísun í 12. gr., en í staðinn kemur: 3. gr.

   Í 2. mgr. 5. gr. (áður 2. mgr. 14. gr.) sömu laga falla brott orðin „skilyrðum 1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.

   Í 3. mgr. 6. gr. (áður 3. mgr. 15. gr.) sömu laga falla brott orðin „ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu.

   17.–20. gr. sömu laga falla brott.
Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara, orðast eins og greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1998.

*Gjört í Reykjavík, 24. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

**Fylgiskjal.**

## Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnmálahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

[*Skylda til að virða mannréttindi.*][1)]

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

## I. KAFLI

## [Réttindi og frelsi.][1)]

2. gr.

[*Réttur til lífs.*][1)]

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;
b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;
c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Bann við pyndingum.*][1)]

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.*][1)]

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;

c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;

d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Réttur til frelsis og mannhelgi.*][1)]

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;

c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;

d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;

e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;

f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.*][1)]

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum.

Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.
d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

*[Engin refsing án laga.]*[1]

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

8. gr.

*[Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.]*[1]

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

9. gr.

*[Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.]*[1]

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

10. gr.

[*Tjáningarfrelsi.*][1]

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

11. gr.

[*Funda- og félagafrelsi.*][1]

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

12. gr.

[*Réttur til að stofna til hjúskapar.*][1]

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

13. gr.

[*Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.*][1]

Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

14. gr.

[*Bann við mismunun.*][1]

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða ann-

arra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

15. gr.

*[Skerðing réttinda á hættutímum.]*[1)]

1. Á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

16. gr.

*[Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.]*[1)]

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

17. gr.

*[Bann við misnotkun réttinda.]*[1)]

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

18. gr.

*[Takmörkun á skerðingu réttinda.]*[1)]

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi sem heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi við hafðar í nokkru öðru skyni en fyrir er um mælt.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[II. KAFLI

**Mannréttindadómstóll Evrópu.**

19. gr.

*Stofnun dómstólsins.*

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.
*Fjöldi dómara.*

Dómstóllinn skal skipaður jafnmörgum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.
*Hæfisskilyrði.*

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

2. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

3. Meðan kjötímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.
*Kosning dómara.*

1. Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meiri hluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

2. Sami háttur skal hafður á til að fylla tölu dómara við tilkomu nýs samningsaðila eða þegar sæti losnar í dómstólnum.

23. gr.
*Kjörtímabil.*

1. Dómararnir skulu kosnir til sex ára í senn. Þá má endurkjósa. Kjörtímabili helmings þeirra dómara, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að kosningu þeirra lokinni.

3. Til að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming dómara þriðja hvert ár er þinginu heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og þingið beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins annast þegar að kosningu lokinni.

5. Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.

6. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.

7. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir við.

24. gr.
*Brottvikning.*

Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveggja þriðju meiri hluta að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.

25. gr.
*Skrifstofa og löglærðir aðstoðarmenn.*

Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins. Dómstólnum til aðstoðar skulu vera löglærðir aðstoðarmenn.

26. gr.

*Fullskipaður dómstóll.*

Fullskipaður dómstóll skal:

1. kjósa forseta sinn og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;
2. skipa deildir til ákveðins tíma;
3. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
4. samþykkja starfsreglur dómstólsins; og
5. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara.

27. gr.

*Nefndir, deildir og yfirdeild.*

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.

2. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem kjörinn er af hálfu þess ríkis sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti hann ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir aðildarríkið dómara.

3. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara sem sæti áttu í þeirri deild sem kvað upp dóm í málinu eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem sæti átti af hálfu þess ríkis sem er málsaðili.

28. gr.

*Yfirlýsingar nefnda um að kæra sé ótæk.*

Með samhljóða atkvæðum er nefnd heimilt að að lýsa ótæka eða fella af málaskrá sinni kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari könnunar. Ákvörðunin skal vera endanleg.

29. gr.

*Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efnishlið hennar.*

1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 28. gr. skal deild kveða á um hvort kæra sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr. sé tæk og um efnishlið hennar.

2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur skv. 33. gr. séu tækar og um efnishlið þeirra.

3. Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn, í undantekningartilvikum, ákveði að annar háttur skuli hafður á.

30. gr.

*Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.*

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á samningnum eða samningsviðaukum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu, nema því aðeins að málsaðili mótmæli.

31. gr.

*Hlutverk yfirdeildarinnar.*

Yfirdeildin skal:

1. úrskurða um kærur sem bornar eru fram skv. 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftirlátið lögsögu skv. 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar skv. 43. gr.; og
2. fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram skv. 47. gr.

32. gr.

*Lögsaga dómstólsins.*

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og samningsviðauka við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34. og 47. gr.

2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

33. gr.

*Milliríkjamál.*

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samningsaðila á ákvæðum samningsins og samningsviðauka við hann.

34. gr.

*Kærur einstaklinga.*

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og samningsviðaukum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.

*Skilyrði þess að mál sé tækt.*

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan 6 mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann skv. 34. gr. ef hún er:

a. frá ónafngreindum aðila, eða
b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja þá kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. sem hann telur ósamrýmanlega ákvæðum samningsins, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.

4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málflutningsins sem er.

36. gr.

*Málsaðild þriðja aðila.*

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.

2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málaferlunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.

37. gr.

*Kærur felldar niður.*

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða
c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.

Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru í samningi þessum eða samningsviðaukum við hann séu virt.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

38. gr.

*Rannsókn máls og sáttaumleitanir.*

1. Ef dómstóllinn lýsir kæru tæka skal hann:

a. framkvæma athugun á málinu með fulltrúum málsaðila og ef þörf krefur framkvæma rannsókn sem þeim ríkjum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna;
b. vera málsaðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skilgreind eru í samningnum og samningsviðaukum við hann.

2. Það sem fram fer skv. b-lið 1. mgr. skal vera trúnaðarmál.

39. gr.

*Sáttagerð.*

Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.

40. gr.

*Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.*

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.

2. Málskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.

*Sanngjarnar bætur.*

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.

*Dómar uppkveðnir í deildum.*

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.

*Vísun máls til yfirdeildar.*

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deildar að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar.

2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið vekur alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum og samningsviðaukum við hann eða alvarlegt deiluefni sem er almennt mikilvægt.

3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málinu með dómi.

44. gr.

*Endanlegir dómar.*

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.

2. Dómur deildar verður endanlegur:

a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málinu verði vísað til yfirdeildarinnar, eða

b. þremur mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar, eða

c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot skv. 43. gr.

3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.

*Rökstuðningur dóma og ákvarðana.*

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækar eða ótækar.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

46. gr.

*Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.*

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.

47. gr.

*Ráðgefandi álit.*

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningsviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.

*Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.*

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.

*Rökstuðningur ráðgefandi álits.*

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.

3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.

*Kostnaður við dómstólinn.*

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

51. gr.

*Sérréttindi og friðhelgi dómara.*

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 1. gr.

[III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

52. gr.

*Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.*][1)]

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[53. gr.

*Verndun núverandi mannréttinda.*][1)]

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[54. gr.

*Vald ráðherranefndarinnar.*][1)]

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofnskrá Evrópuráðs.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[55. gr.

*Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.*][1)]

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[56. gr.

*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli [þó með fyrirvara skv. 4. mgr. þessarar greinar][1)] gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.

2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.

4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að [dómstóllinn sé bær um að taka við kærum][1] frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga [skv. 34. gr. samnings þessa][1].

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[57. gr.
*Fyrirvarar.*][1]

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[58. gr.
*Uppsögn.*][1]

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.

2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið áður en uppsögnin tók gildi.

3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. [56. gr.][1].

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[59. gr.
*Undirritun og fullgilding.*][1]

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.

4. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, á ensku og frönsku — jafngildir textar báðir — í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

**Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.**

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn").

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

[*Friðhelgi eignarréttar.*][1)]

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Réttur til menntunar.*][1)]

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Réttur til frjálsra kosninga.*][1)]

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um, að hve miklu leyti hann ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til landsvæða þeirra sem hann gegnir fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er að ákvæði samningsviðauka þessa gildi ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. mgr. [56. gr.][1)] samningsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

Samningsaðilum ber að líta á 1., 2., 3. og 4. gr. hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

Samningsviðauka þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðs, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal samningsviðaukinn ganga í gildi frá þeim degi, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og skal hann tilkynna öllum aðildarríkjum nöfn þeirra er fullgilt hafa.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í París hinn 20. mars 1952, á ensku og frönsku — jafngildir textar báðir — í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

## Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og samningsviðauka nr. 1 við hann.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita og ákveðið hafa að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það er þegar greinir í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist „samningurinn"), og í 1., 2. og 3. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn er undirritaður var í París 20. mars 1952,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

[*Bann við skuldafangelsi.*][1)]

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Ferðafrelsi.*][1)]

1. Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Bann við brottvísun eigin borgara.*][1)]

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.

2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Bann við hópbrottvísun útlendinga.*][1)]

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita samningsviðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um það að hve miklu leyti þau ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir og nefnd eru í yfirlýsingunni.

2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt næsta tölulið á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu um breytingar á fyrri yfirlýsingu eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.

3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. mgr. [56. gr.][1)] samningsins.

4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem hann nær til samkvæmt yfirlýsingu ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. gr. um landsvæði ríkis.

[5. Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–4. gr. þessa samningsviðauka, eina eða allar.][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

1. Aðildarríkja í milli skal líta á ákvæði 1.–5. gr. þessa samningsviðauka sem viðaukagreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda í samræmi við það.

2. [...][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar þeim aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Skal fullgilda hann um leið og samninginn eða síðar. Skal hann öðlast gildi þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar og gengur hann í gildi gagnvart þeim þann dag sem fullgilding er fram lögð.

2. Fullgildingarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Strassborg, 16. dag septembermánaðar 1963, á ensku og frönsku — jafngildir textar báðir — í einu eintaki sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóri láta öllum ríkjum, er undirritað hafa, staðfest afrit í té.

## Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn"), telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum aðildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

[*Afnám dauðarefsingar.*][1)]

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Dauðarefsing á stríðstímum.*][1)]

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Bann við frávikum.*][1)]

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Bann við fyrirvörum.*][1)]

Óheimilt er að gera fyrirvara skv. [57. gr.][1)] samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðaukinn nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1.–5. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann skal háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða fyrr. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

8. gr.

[*Gildistaka.*][1)]

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fimm aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar samþykkir að vera bundið af samningsviðauka þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

9. gr.

[*Framlagningar.*][1)]

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 5. og 8. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í Strassborg, 28. apríl 1983, á ensku og frönsku — jafngildir textar báðir — í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

**Samningsviðauki nr. 7 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.**

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, og ákveðið hafa að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

[*Réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga.*][1)]

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:

a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,
b. að fá mál sitt tekið upp að nýju, og
c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.

2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna skv. a-, b- og c-lið 1. tölul. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Réttur til áfrýjunar sakamáls.*][1)]

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Bætur fyrir ranga sakfellingu.*][1)]

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin upp í tíma.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.*][1)]

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.

2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. samningsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Jafnrétti hjóna.*][1)]

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til og taka fram að hve miklu leyti það ábyrgist að ákvæði hans gildi á slíku landsvæði eða landsvæðum.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum, má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. tölul. [56. gr.][1)] samningsins.

5. Heimilt er að skoða landsvæði sérhvers ríkis, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landsvæði, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem aðgreind landsvæði að því er varðar vísun til landsvæðis ríkis í 1. gr.

[6. Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–5. gr. þessa samningsviðauka.][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

1. Aðildarríkjanna í milli skulu ákvæði 1.–6. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

2. [...][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

8. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða á undan. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

9. gr.

[*Gildistaka.*][1)]

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

10. gr.

[*Framlagningar.*][1)]

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 6. og 9. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í Strassborg, 22. nóvember 1984, á ensku og frönsku — jafngildir textar báðir — í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Nr. 26 24. mars 1998

# LÖG

**um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (tilkynningar skiptastjóra).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í 1. málsl. 84. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. a og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

| Tegund | Hámarks-aflahlutdeild |
|---|---|
| Þorskur | 10% |
| Ýsa | 10% |
| Ufsi | 20% |
| Karfi | 20% |
| Grálúða | 20% |
| Síld | 20% |
| Loðna | 20% |
| Úthafsrækja | 20% |

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að ofan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1., 2. og 5. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra lögaðila, eða tengdra aðila, nema allt að 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda skv. 2. mgr., eigi enginn aðili, einstaklingur eða lögaðili eða tengdir aðilar, meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Engar hömlur mega vera á viðskiptum með eignarhluta í viðkomandi lögaðilum. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessari málsgrein telst einnig eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg. Ef um tengda aðila er að ræða þurfa báðir eða allir að fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar. Það á þó ekki við um eignarhlut móðurfyrirtækis í dótturfyrirtæki. Samvinnufélög teljast fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar ef félagsaðilar þeirra eru 100 eða fleiri.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. b og orðast svo:

Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 11. gr. a, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 11. gr. a hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við

úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Sé aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 1. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Fiskistofa skal í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilkynna aðila hver umframaflahlutdeild hans er og gildir 2. mgr. 2. gr. um frest aðila til að ráðstafa umframaflahlutdeildinni og áhrif þess að umframaflahlutdeildinni er ekki ráðstafað innan tilskilins frests.

**II.**

Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** (L. S.) **Pétur Kr. Hafstein.**

*Þorsteinn Pálsson.*

8. apríl 1998 Nr. 28

# LÖG

**um verslunaratvinnu.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Lög þessi taka til verslunar í atvinnuskyni hvort sem hún er gerð fyrir eigin reikning eða reikning annars manns eða í eigin nafni eða í nafni annars manns.

Með orðinu verslun er átt við hvers kyns milligöngu um yfirfærslu á beinum eignarrétti að lausafé.

Lög þessi taka þó ekki til sérákvæða annarra laga sem setja sérstök skilyrði varðandi tilteknar vörur eða tilteknar atvinnugreinar.

Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker firmaskrárritari úr honum innan þrjátíu daga. Þeim úrskurði má áfrýja til viðskiptaráðuneytisins innan

þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskrárritara. Úrskurður ráðuneytisins skal liggja fyrir innan þrjátíu daga frá því að kæra er móttekin.

2. gr.

Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá, firmu og prókúruumboð.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

*föst starfsstöð:* húsnæði eða annað rými þar sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni,

*hreyfanleg starfsstöð:* rými sem er færanlegt og þar sem rekin er reglulega verslun í atvinnuskyni, svo sem bifreiðar og dráttarvagnar,

*markaður:* verslun í atvinnuskyni sem fram fer utan fastrar starfsstöðvar, hvort heldur sem er innan eða utan húss (sala á torgum),

*farandsala:* verslun í atvinnuskyni utan fastrar starfsstöðvar, þar með taldar hreyfanlegar starfsstöðvar og markaðir,

*sjálfsali*: tæki sem notað er til verslunar og afhendingar vöru gegn endurgjaldi.

## II. KAFLI
## Almenn skilyrði fyrir rétti til að stunda verslun.

4. gr.

Skylt er að skrásetja í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við á verslun sem stunduð er skv. 1. gr. þessara laga.

Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda áfram verslun í samræmi við ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

5. gr.

Á hinni föstu starfsstöð skal vera nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem hefur skráð verslunarrekstur. Sjálfsalar skulu einnig merktir með sama hætti. Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum þess sem skráð hefur verslun skal greina heiti verslunar, kennitölu og heimilisfang. Sama á við um verslun með fjarskiptatækni (fjarsölu) að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Ef kaupandi óskar þess er hverjum þeim sem stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim skylt að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.

6. gr.

Firmaskrárritari lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Að því leyti sem ekki eru sett ákvæði um það í lögum þessum skulu samþykktir sveitarstjórna gilda um réttindi og skyldur þeirra sem stunda farandsölu, hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki.

## III. KAFLI
## Um sölu notaðra lausafjármuna.

8. gr.

Þegar notuðum lausafjármunum er veitt móttaka til endursölu eða umboðssölu skulu þeir skráðir og verðmerktir.

9. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd skráningar og varðveislu skrárinnar.

10. gr.

Sá sem verslun rekur samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu notaðra lausafjármuna. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku notuðum lausafjármunum til endursölu frá ólögráða aðila.

## IV. KAFLI
## Um sölu notaðra ökutækja.

11. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.
2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

12. gr.

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt kafla þessum.

Heimilt er bifreiðasala að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögn leyfisins.

Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–6. tölul. 1. mgr. 13. gr. Ákvæði 6. tölul. á þó ekki við um útibú hlutafélags eða einkahlutafélags sem hlotið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja.

13. gr.

Leyfi skv. 12. gr. skal veitt til fimm ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eru búsettir á Íslandi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.

4. Hafa forræði á búi sínu.
5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.
6. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er viðskiptaráðuneytið ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrðum 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 19. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

14. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölunnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda þess og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

15. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Kostnað við slíkt mat skal kaupandi greiða nema um annað verði samið.

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka.

16. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptil-

boðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.

17. gr.

Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutæki eða kaupa ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á skal viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og náin skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við söluna.

18. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

## V. KAFLI
## **Frjáls uppboð.**

20. gr.

Þeim sem hafa skráð verslunarrekstur samkvæmt lögum þessum er heimilt að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði nema aðrar takmarkanir séu gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi lögreglustjóra í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni. Rétt er lögreglustjóra að synja um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur að skipulagi uppboðsins sé verulega áfátt. Þetta á þó ekki við frjálst uppboð á listmunum sem fram fer í öðru húsnæði en fastri starfsstöð.

21. gr.

Sá sem ber ábyrgð á frjálsu uppboði er í kafla þessum nefndur uppboðsstjóri.

22. gr.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

23. gr.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggjast ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Uppboð eru opin almenningi og skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu.

Á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum skal leggja 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

## VI. KAFLI
## **Viðurlög við brotum.**

### 24. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi. Heimilt er að krefjast þess að verslun verði afmáð úr firmaskrá í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá, firmu og prókúruumboð hafi skráð verslun ítrekað brotið gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda.

Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber firmað þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð firma verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

## VII. KAFLI
## **Gildistaka o.fl.**

### 25. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um hana. Fyrir skráningu á verslun samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

### 26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum, lög nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna, með síðari breytingum, lög nr. 36/1987, um listmunauppboð o.fl., með síðari breytingum, lög nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, með síðari breytingum, lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, með síðari breytingum, svo og 1.–5. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar útgefin verslunarleyfi koma til endurnýjunar skal skrá viðkomandi verslunarstarfsemi hjá firma- eða hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði laga þessara. Skráningu á verslunarstarfsemi skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** (L. S.) **Pétur Kr. Hafstein.**

*Finnur Ingólfsson.*

8. apríl 1998 Nr. 29

# LÖG

**um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Orðin „deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi“ í b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

2. gr.

A-liður 4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðhátta.

3. gr.

Í stað orðanna „Skipshafnir varðskipa“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: Áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla.

4. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

3. Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögregluvalds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun lögregluskilríkja með reglugerð.

5. gr.

3. og 4. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 83 27. maí 1997, orðast svo:

3. Dómsmálaráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

4. Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.

6. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins.

Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.

Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 45. gr., svohljóðandi:

*Undanþága frá aldursskilyrði.*

Valnefnd Lögregluskóla ríkisins er heimilt, til ársloka 1998, að undanþiggja umsækjendur, sem voru lausráðnir eða ráðnir tímabundið til lögreglustarfa í tíð eldri laga, aldursskilyrði a-liðar 2. mgr. 38. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (tölvubrot).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 155. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Sömu refsingu varðar að nota fölsuð gögn, sem geymd eru á tölvutæku formi, til að blekkja með þeim í lögskiptum.

2. gr.

Við 157. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um notkun ófalsaðra gagna sem geymd eru á tölvutæku formi.

3. gr.

Við 158. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um rangfærslu og notkun upplýsinga og gagna sem geymd eru á tölvutæku formi.

4. gr.

Við 1. mgr. 228. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 249. gr. a, svohljóðandi:

Ef maður á ólögmætan hátt breytir, bætir við eða eyðileggur tölvuvélbúnað, eða gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi, eða hefur með öðrum hætti gert ráðstafanir sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu, varðar það fangelsi allt að 6 árum.

6. gr.

Við 1. mgr. 257. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar að breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, sem orðast svo:

1. Nú eru skilyrði til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 115. gr. og lögreglustjóri telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 50.000 kr. Getur þá lögreglustjóri gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar, en í sektarboði skal koma fram stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið og þau refsiákvæði sem það varðar við. Einnig skal koma fram í sektarboði hverjar geta orðið afleiðingar þess að því er ekki sinnt.

2. Hafni sakborningur sektarboði skv. 1. mgr. skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

3. Sinni sakborningur ekki sektarboði skv. 1. mgr. innan 30 daga frá því að það sannanlega barst honum eða einhverjum þeim sem birta mætti stefnu fyrir á hendur honum í einkamáli getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Slík áritun hefur sama gildi og dómur. Ekki er þörf á að kveðja sakborning fyrir dóm áður en máli verður lokið á þennan hátt.

4. Telji dómari hæfileg viðurlög við broti fara fram úr því sem greinir í 1. mgr. eða fyrirliggjandi gögn ekki nægileg til að sýnt sé fram á sök sakbornings hafnar hann málalokum skv. 3. mgr. með áritun sektarboðs. Slíkri ákvörðun verður ekki skotið til æðra dóms, en dómari er ekki bundinn af henni ef til saksóknar kemur vegna brotsins.

5. Nú hefur máli verið lokið með ákvörðun viðurlaga skv. 3. mgr., og getur sakborningur þá krafist þess að málið verði tekið upp á ný, enda færi hann þá fram varnir sem gætu hafa haft áhrif á úrslit þess. Kröfu um endurupptöku skal beint til þess dómstóls, þar sem máli var lokið, innan fjögurra vikna frá því að sakborningi varð kunnugt um sektarákvörðun. Dómari ákveður með úrskurði hvort krafa verður tekin til greina. Fallist dómari á kröfuna fellur ákvörðun um viðurlög skv. 3. mgr. úr gildi og sætir málið upp frá því meðferð samkvæmt almennum reglum, þó án þess að ákæra hafi verið gefin út.

6. Nú telur ríkissaksóknari að sakborningur hafi verið látinn sæta fjarstæðum málalokum, og getur ríkissaksóknari þá krafist endurupptöku málsins fyrir hlutaðeigandi dómstóli. Um meðferð þeirrar kröfu og málsins upp frá því fer eftir 5. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað „250.000.000 kr." í 2. mgr. kemur: 1.000 millj. kr., og í stað „50.000.000 kr." kemur: 175 millj. kr.
b. Í stað „Tryggingaeftirlitsins" í 3. mgr. kemur: Vátryggingaeftirlitsins.

2. gr.

92. gr. laganna orðast svo:

Auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr.

Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Slasist vátryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr vátryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Vátryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 75 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggingarfjárhæðin skal breytast í samræmi við reglu 3. mgr. 91. gr. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 48 22. maí 1997.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# ÚRSKURÐUR HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

**um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:*

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Bonn, Brussel, Helsinki, Kaupmannahöfn, London, Moskvu, Osló, París, Peking, Stokkhólmi og Washington. Fastanefndin í New York skal jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.
   b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf, New York og Strassborg. Sendiráðið í París skal jafnframt gegna hlutverki fastanefndar hjá nánar tilteknum alþjóðastofnunum.
   c. Aðalræðisskrifstofa skal vera í New York.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
   a. *Bonn.* Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Serbía-Svartfjallaland (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu), Sviss og Ungverjaland.
   b. *Brussel.* Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein og Lúxemborg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu (EU).
   c. *Helsinki.* Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland og Úkraína.
   d. *Kaupmannahöfn.* Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Bosnía-Hersegóvína, Litháen og Tyrkland.
   e. *London.* Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldíveyjar og Nepal.
   f. *Moskva.* Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Aserbaídsjan, Búlgaría, Georgía, Moldóva, Rúmenía, Túrkmenistan og Úsbekistan.
   g. *Osló.* Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Makedónía (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu), Pólland, Slóvakía og Tékkland.
   h. *París.* Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm á Ítalíu.
   i. *Peking.* Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía, Indónesía, Japan, Mongólía, Norður-Kórea (Alþýðulýðveldið Kórea), Nýja-Sjáland, Suður-Kórea (Lýðveldið Kórea), Taíland og Víetnam.
   j. *Stokkhólmur.* Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Bangladess, Kýpur, Pakistan og Slóvenía.
   k. *Washington.* Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kanada, Kostaríka, Kólumbía, Marshalleyjar, Mexíkó, Níkaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela.

3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
   a. *Brussel.* Auk Atlantshafsbandalagsins (NATO) og stofnana tengdra því skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Vestur-Evrópusambandinu (WEU) og Stofnuninni um bann við efnavopnum (OPCW) í Haag í Hollandi.
   b. *Genf.* Auk Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf og öðrum alþjóðastofnunum sem hafa aðsetur í Genf og Ísland er aðili að.
   c. *New York.* Auk þess að fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs. Umdæmi þess skal vera eftirtalin ríki Karíbahafs: Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Grenada og Kúba.
   d. *Strassborg.* Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Evrópuráðinu.
4. Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar í New York skal vera fylkin New York, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.
5. Utanríkisráðherra ákveður hvar fyrirsvar gagnvart eftirtöldum alþjóðaskrifstofnunum í Vín skal vera hverju sinni: Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA), Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE).
6. Sendiherra gagnvart Páfagarði skal hafa búsetu í Reykjavík.
7. Sendiherra gagnvart eftirtöldum ríkjum í Miðausturlöndum og Norður-Afríku skal hafa búsetu í Reykjavík: Alsír, Barein, Egyptalandi, Írak, Íran, Ísrael, Jórdaníu, Kúveit, Líbanon, Marokkó, Óman, Sádi-Arabíu og Túnis.
8. Sendiherra gagnvart eftirtöldum ríkjum í Afríku skal hafa búsetu í Reykjavík: Angóla, Botsvana, Eþíópíu, Gana, Grænhöfðaeyjum, Kenía, Lesótó, Mósambík, Namibíu, Níger, Nígeríu, Seychelleseyjum, Sómalíu, Suður-Afríku, Svasílandi, Tansaníu og Úganda.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 11 frá 28. mars 1996.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** (L. S.) **Pétur Kr. Hafstein.**

*Halldór Ásgrímsson.*

21. apríl 1998 Nr. 34

# LÖG

## um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem starfa hér á landi.

Starfsemi, sem kveðið er á um í lögum þessum, er einungis heimil kauphöll og skipulegum tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

*skipulegur verðbréfamarkaður:* markað með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti,

*kauphöll:* markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa og viðskipti með þau fara fram og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara,

*skipulegur tilboðsmarkaður:* markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 31. gr. laga þessara,

*verðbréf:* verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti,

*fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti,

*opinber skráning:* skráningu til opinberra viðskipta og verðskráningar í kauphöll á grundvelli samræmdra skilmála um verðbréf og útgefendur þeirra sem staðfestir hafa verið af stjórnvöldum,

*markaðsaðili:* þann sem rétt hefur til að setja fram tilboð og eiga viðskipti á hlutaðeigandi markaði.

*Starfsleyfi.*

3. gr.

Viðskiptaráðherra veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

Ákvörðun ráðherra um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd.

Starfsleyfi verða aðeins veitt hlutafélögum er fullnægja skilyrðum laga um útgáfu leyfisins. Óheimilt er að hefja starfsemi fyrr en hlutafé skv. 4. gr. hefur verið að fullu greitt.

4. gr.

Starfsleyfi samkvæmt lögum þessum verður einungis veitt aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Innborgað hlutafé nemi að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Taki starfsleyfi einungis til starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar er þó heimilt að veita starfsleyfi ef innborgað hlutafé nemur að lágmarki helmingi þeirrar fjárhæðar.
2. Fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, svo og upplýsingar um fyrirhugað skipulag og reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi sem nota skal í starfseminni, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um aðild að markaðnum og áætlun um væntanlega markaðsaðila.
3. Í samþykktum fyrir félag skal í ákvæðum um tilgang félagsins koma fram hvað unnt er að taka þar til viðskipta og skráningar.

Auk skilyrða skv. 1. mgr. er starfsleyfi kauphallar háð því að uppfyllt séu skilyrði laga þessara, þar á meðal 30. gr. um starfsábyrgð kauphallar, og að lagðar hafi verið fram reglur sem fullnægja ákvæðum 17. gr.

Í starfsleyfi kauphallar skal þess getið hvort þar skuli einnig fara fram starfsemi samkvæmt ákvæðum IX. kafla, um skipulegan tilboðsmarkað og starfsemi hans.

*Stjórn.*

5. gr.

Stjórnarmenn í kauphöll skulu vera fimm hið fæsta. Í stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar skulu vera eigi færri en þrír stjórnarmenn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

*Virkur eignarhlutur.*

6. gr.

Einstaklingar og lögaðilar skulu tilkynna bankaeftirliti beina eða óbeina hlutdeild í hlutafélagi er starfar eftir lögum þessum sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins, svo og um hve mikil eign þessi er.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur félagsins getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir félagið að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

*Framkvæmdastjórn og aðrir starfsmenn.*

7. gr.

Framkvæmdastjóri hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal auk þess uppfylla hæfisskilyrði laga um hlutafélög, hafa óflekkað mannorð, hafa aldrei verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum er án leyfis stjórnar óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár.

Um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna hlutafélags, sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, fer eftir þeim reglum sem stjórn félagsins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

*Um nafntilgreiningu.*

8. gr.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi til kauphallarstarfsemi, er einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *kauphöll* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi til reksturs skipulegs tilboðsmarkaðar samkvæmt lögum þessum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin *skipulegur tilboðsmarkaður* ein sér eða samtengd öðrum orðum.

9. gr.

Hlutafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, ber að tilkynna til bankaeftirlitsins ef það verður þess áskynja að lög þessi og önnur lög sem um starfsemina gilda, reglugerð sett samkvæmt þeim eða reglur sem settar hafa verið og gilda fyrir kauphöll eða tilboðsmarkað hafi verið brotin.

## II. KAFLI
## Kauphöll og hlutverk hennar.

10. gr.

Undir starfsemi kauphallar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa á sér stað, einnig sú skipulega starfsemi að viðskipti eiga sér stað milli kauphallaraðila með verðbréf sem eru opinberlega skráð hjá:

1. kauphöll sem stofnuð er og skráð á Íslandi og hlotið hefur starfsleyfi í samræmi við ákvæði þessara laga,
2. kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu,
3. kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði sem aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu hafa gert samstarfssamning við,
4. öðrum sambærilegum skipulegum verðbréfamörkuðum utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem bankaeftirlitið metur gilda.

*Hlutverk.*

11. gr.

Hlutverk kauphallar er:

1. að annast opinbera skráningu verðbréfa og að setja reglur um skráningarhæfi þeirra,
2. að stuðla að því að skráning, viðskipti og verðmyndun í kauphöllinni verði á skýran og gagnsæjan hátt og kappkosta að jafnræði sé með aðilum að viðskiptum sem þar fara fram og tryggja að starfrækt sé skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. 21.–23. gr.,
3. að setja reglur um starfsemi kauphallarinnar og viðskipti sem þar fara fram, svo og önnur atriði sem stjórn hennar telur nauðsynleg til að tryggja öryggi í viðskiptum,
4. að hafa eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og kauphallaraðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um hana gilda,
5. að setja siðareglur fyrir kauphöllina.

*Starfsemi.*

12. gr.

Kauphöll er heimilt að stunda aðra starfsemi en lýst er í 10. og 11. gr. enda sé hún í eðlilegum tengslum við kauphallarstarfsemina.

Kauphöll er einnig heimilt að stunda þá hliðarstarfsemi að veita aðilum utan hennar þjónustu sína.

Bankaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi samkvæmt þessari grein skuli einungis rekin af öðru félagi.

*Málskotsréttur.*

13. gr.

Synjun stjórnar kauphallar á umsókn um aðild að kauphöll eða umsókn um skráningu verðbréfa skal rökstudd skriflega. Hið sama gildir um að fella endanlega af skrá einstaka verðbréfaflokka, sbr. 18. gr.

Ágreiningi um ákvarðanir stjórnar í kauphöll skv. 1. mgr. er heimilt að skjóta til ráðherra til endurskoðunar. Um málsmeðferð og kærur fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

## III. KAFLI
## Kauphallaraðilar.

14. gr.

Kauphallaraðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram og samþykkja tilboð í verðbréf í kauphöll. Kauphallaraðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands,
2. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning,
3. lögaðilar sem heimild hafa til aðildar að markaði sem tilgreindur er í 2. og 3. tölul. 10. gr. og heimild hafa til að veita þjónustu hér á landi,
4. lögaðilar sem heimild hafa til aðildar að markaði sem tilgreindur er í 4. tölul. 10. gr. og heimild hafa til að veita þjónustu hér á landi.

*Aðildarumsókn og aðildarsamningur.*

15. gr.

Stjórn kauphallarinnar setur nánari reglur um aðild að henni.

Skriflegar umsóknir um aðild skulu sendar stjórn kauphallarinnar. Hún athugar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um aðild skv. 14. gr. og ákvæði reglna sem hún hefur sett um aðild.

Ákvörðun um aðild að kauphöll skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst stjórn kauphallarinnar.

Um leið og umsókn um aðild að kauphöll er samþykkt skal það tilkynnt til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

16. gr.

Áður en kauphallaraðili má hefja viðskipti í kauphöllinni skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning við kauphöllina.

Brjóti aðili að kauphöll ítrekað eða með vítaverðum hætti þau skilyrði sem sett eru í aðildarsamningi er kauphöllinni heimilt að fella samninginn einhliða úr gildi eða beita vægari ráðstöfunum, svo sem tímabundinni stöðvun aðildar að kauphöllinni. Grípi kauphöll til ráðstafana samkvæmt þessari málsgrein skal hún án tafar gera bankaeftirlitinu grein fyrir þeim.

## IV. KAFLI
## Reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

17. gr.

Kauphallaraðilar sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar fyrir hönd útgefenda nema stjórn hennar samþykki annað. Skráning er háð samþykki stjórnar kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Áður en stjórn kauphallar samþykkir fyrir sitt leyti reglur um opinbera skráningu verðbréfa skal hún leita umsagnar um þær hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla þær reglur sem leiðir af alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu fela í sér skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar, svo sem:

1. að lögð sé fram skráningarlýsing útgefanda,
2. um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa,
3. að birtar séu við skráningu og eftirleiðis upplýsingar um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur.

Umsækjanda skal tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

Stjórnin tryggir að nauðsynlegar upplýsingar um opinberlega skráð verðbréf séu aðgengilegar almenningi.

Reglur, sem stjórn kauphallar setur um opinbera skráningu verðbréfa, svo og breytingar á þeim reglum, skulu staðfestar af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Niðurfelling skráningar og tímabundin stöðvun viðskipta.*

18. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni eða skilyrða skráningu verðbréfanna. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi opinberlega skráðra verðbréfa eða kauphallaraðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá kauphallarinnar. Skal stjórn kauphallarinnar verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en allt að eitt ár er liðið frá því að fullbúin greinargerð berst kauphöllinni. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

Heimilt er að stöðva tímabundið viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Tilkynna skal um slíka tímabundna stöðvun til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

## V. KAFLI
## **Yfirtökutilboð.**

19. gr.

Hafi eignarhlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í félagi sem hefur fengið opinbera skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll skal öllum hluthöfum félagsins gefinn kostur á því að afhenda eignarhlut sinn með sambærilegum kjörum þeim aðila sem:

1. hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu eða samsvarandi hluta hlutafjár,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,
3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið,
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33⅓% atkvæða í félaginu.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um eignarhlut í félagi sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara þrátt fyrir að atvik sem nefnd eru í 1.–4. tölul. 1. mgr. eigi við um þann eignarhlut. Hafi eignarhlutur í félagi, sem ákvæði þessarar málsgreinar tekur til, farið niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. eftir gildistöku laganna skulu þó reglur 1. mgr. eiga að öllu leyti við.

Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

*Opinbert tilboðsyfirlit.*

20. gr.

Þegar tilboð um yfirtöku á hlutum er sett fram er skylt að semja og gera opinbert tilboðsyfirlit þar sem fram koma allar upplýsingar um tilboðsgjafa. Þar skal koma fram til hvaða hlutabréfaflokka tilboðið tekur, fjárhagsatriði þess, svo sem upplýsingar um grundvöll fyrir því verði sem boðið er, greiðsluskilmála og hvort greiða eigi með öðrum verðbréfum, svo og lágmark og hámark þess hlutafjár sem tilboðið tekur til. Auk þess skulu koma fram önnur skilyrði sem það er háð, þar með talinn sá frestur sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið og áhrif yfirtökunnar á framtíðarstarfsemi félagsins, auk annarra upplýsinga sem telja má að séu nauðsynlegar svo að hluthafar geti fengið nægilega yfirsýn yfir tilboðið. Frestur til að taka tilboði má ekki vera styttri en fjórar vikur og ekki lengri en tíu vikur.

Taki tilboð sem skylt er að gera skv. 19. gr. ekki til allra hlutabréfa í félagi eða hluthafar bjóðast til að selja tilboðsgjafa meira af hlutafjáreign sinni en tilboð hans nær til skal gæta jafnræðis pro rata gagnvart hluthöfum.

Þegar að öðru leyti er sett fram opinbert yfirtökutilboð sem ekki telst falla undir skyldu til þess að gera tilboð skv. 19. gr. um yfirtöku á hlutabréfum í félagi sem hefur einn eða fleiri flokka hlutabréfa skráða í kauphöll er heimilt að semja tilboðsyfirlit eins og kveðið er á um í 1. mgr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að setja nánari reglur um skyldu til þess að gera tilboð skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 19. gr., svo og nánari reglur um innihald tilboðsyfirlitsins, birtingu þess, hvernig því hafi lokið, með hvaða hætti unnt er að afturkalla tilboðið og hvernig skuli fara með tilboð sem ætlað er að keppa við yfirtökutilboðið.

## VI. KAFLI
## Viðskipta- og upplýsingakerfið.

### 21. gr.

Stjórn kauphallarinnar setur reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi og uppgjör viðskipta sem þar eiga sér stað. Í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með verðbréf sem þar eru skráð, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

### 22. gr.

Kauphallaraðilar gera upp viðskipti sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur og bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

Kauphallaraðilar skulu gera stjórn kauphallar grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu bréfa sem þar eru skráð.

### 23. gr.

Kauphallaraðila er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf sem skráð eru í kauphöll án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfi hennar svo fremi að hann geri bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé. Senda skal upplýsingar um slík viðskipti til kauphallarinnar með þeim hætti sem reglur settar skv. 21. gr. segja til um.

## VII. KAFLI
## Upplýsingaskylda.

### 24. gr.

Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll, ber að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geti haft áhrif á verð bréfanna eða skylt er að gera í samræmi við reglur sem stjórn kauphallar setur, sbr. 17. gr. þessara laga.

Birting telst hafa átt sér stað þegar tilkynning er komin til kauphallar sem tekið hefur verðbréfin til opinberrar skráningar og hefur verið miðlað til kauphallaraðila í samræmi við reglur sem stjórn setur. Kauphöll er heimilt að setja nánari reglur um form tilkynninga.

### 25. gr.

Hlutafélagi, sem fengið hefur hlutabréf sín opinberlega skráð í kauphöll, ber þegar í stað að tilkynna henni um heildareign félagsins á eigin hlutabréfum, þar með talið í dótturfélögum þess, þegar hún nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir 5% og 10% af heildarhlutafé í félaginu.

Í tilkynningum til kauphallar, sem getið er um í 1. mgr., skal taka fram raunverulega hlutafjáreign, hvernig hún skiptist á hlutabréfaflokka og hvernig hún var samkvæmt síðustu tilkynningu um hlutafjáreign.

*Flöggunarreglur.*

26. gr.

Eiganda hlutabréfa í hlutafélagi, sem hefur skráð hlutabréf sín í kauphöll, ber, þegar svo háttar sem segir í 2. mgr., að tilkynna þegar í stað til hennar og félagsins um atkvæðisrétt eða eignarhlut í félaginu.

Skylt er að tilkynna skv. 1. mgr. þegar atkvæðisréttur eða nafnverð hlutafjár nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir eftirfarandi mörk: 5%, 10%, 20%, 33⅓%, 50% og 66⅔%.

27. gr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að kveða nánar á um skyldu útgefenda og eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni.

Í reglugerð er einnig heimilt að setja nánari reglur um upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið verðbréf sín skráð í fleiri en einni kauphöll.

*Hagtölugerð og veiting upplýsinga.*

28. gr.

Stjórn kauphallar er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni utanaðkomandi aðila og í samræmi við heimildir annarra laga, að vinna og birta hagtölur og aðrar upplýsingar í þágu markaðarins á grundvelli gagna sem hún hefur yfir að ráða eða aflar með öðrum hætti um viðskipti sem skráð eru í kauphöllinni.

*Viðskipti og skýrslugjöf.*

29. gr.

Skylt er markaðsaðilum að gera grein fyrir samningum um eignayfirtöku á verðbréfum sem skráð eru eða viðskipti eiga sér stað með í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði eða samsvarandi skipulegum markaði fyrir verðbréf í ríki innan Evrópusambandsins eða í ríki sem Evrópusambandið hefur gert samstarfssamning við enda hafi markaðsaðilar að þeim átt þátt í að viðskiptin fóru fram.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að ákveða að skylda til skýrslugjafar hvíli jafnframt á öðrum og þar að auki má ákveða að í sérstökum tilvikum nái skylda til skýrslugjafar einnig til annarra óskráðra verðbréfa sem keypt eru og seld á tilboðsmarkaði.

Þeir sem skylda til skýrslugjafar hvílir á skulu geyma skjöl sem varða þau viðskipti sem skylt er að gera grein fyrir og skýrsluna í að minnsta kosti fimm ár eftir að skýrslugjöfin fór fram.

Ráðherra setur nánari reglur um skyldu til skýrslugjafar, þar með talið hversu víðtæk hún skuli vera og innihald hennar að öðru leyti og hvert skuli senda hana.

Kauphöll setur nánari reglur um gjaldtöku vegna skýrslugjafar og kostnað af birtingu.

## VIII. KAFLI
## **Starfsábyrgð kauphallar.**

30. gr.

Kauphöll er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns viðskiptamanns sem rakið er til gáleysis í starfsemi kauphallarinnar eða starfsmanna hennar.

Vátryggingin skal bæta tjón allt að 32,5 milljónum króna vegna hvers tjónsatburðar og allt að 65 milljónum króna innan hvers tryggingarárs. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá gildistöku laganna. Nánari ákvæði um gildissvið vátryggingar þessarar er heimilt að setja í reglugerð.

## IX. KAFLI
## Skipulegur tilboðsmarkaður og starfsemi hans.

### 31. gr.

Undir starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem viðskipti fara fram með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll.

Verðbréf, sem ekki hafa verið tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, er heimilt að beiðni útgefanda að kaupa og selja á skipulegum tilboðsmarkaði enda séu skilyrði laga uppfyllt að öðru leyti og viðskipti með verðbréfin séu í samræmi við tilgang í samþykktum sem um tilboðsmarkaðinn gilda og stjórn hans telur hagsmuni af því að viðskipti eigi sér þar stað með þau.

Í samþykktum fyrir skipulegan tilboðsmarkað skal koma fram hvaða tegundir verðbréfa þar skuli keypt og seld.

*Hlutverk og starfsemi.*

### 32. gr.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar ber ábyrgð á því að starfsemi hans fari fram á öruggan og hagkvæman hátt.

Sérhver skipulegur tilboðsmarkaður ber ábyrgð á því að:

1. tryggður sé nauðsynlegur aðgangur að upplýsinga- og viðskiptakerfum fyrir verðbréf sem þar eru keypt og seld,
2. stuðlað sé að því að starfsemi hans fari fram á þann hátt að tryggt sé að viðskiptin á markaðinum eigi sér stað með skýrum og gagnsæjum hætti í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og tryggt sé jafnræði allra aðila að viðskiptum á markaðinum,
3. haft sé eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og aðilar að tilboðsmarkaðinum starfi eftir lögum og reglum, svo og samþykktum sem um hann gilda.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar skal setja reglur um:

1. skilyrði þess að hefja megi viðskipti með verðbréf á markaðinum, svo og um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og hluthafa,
2. skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta orðið aðili að markaðinum,
3. skýrslugjöf vegna viðskipta í upplýsingaskyni.

Reglur, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skulu liggja frammi á starfsstöð hins skipulega tilboðsmarkaðar.

Áður en markaðsaðili má hefja viðskipti á skipulegum tilboðsmarkaði skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning. Brjóti markaðsaðili að skipulegum tilboðsmarkaði ítrekað eða með vítaverðum hætti skilyrði þau sem sett eru fyrir aðild að markaðinum er heimilt að afturkalla aðildina.

*Um stöðvun viðskipta.*

### 33. gr.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að ákveða að hætt skuli viðskiptum með verðbréf á markaðinum enda telji hún að áframhaldandi viðskipti með þau séu ekki í þágu útgefenda verðbréfa eða markaðarins.

Hafi bú útgefanda verðbréfs verið tekið til gjaldþrotaskipta er óheimilt að stunda viðskipti með bréfið.

Setji útgefandi verðbréfs fram beiðni um að hætt verði viðskiptum með bréfið ber að taka hana til greina nema stjórn skipulega tilboðsmarkaðarins telji að það sé í andstöðu við hagsmuni fjárfesta, lántakenda eða markaðarins. Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að óska eftir skriflegri greinargerð frá útgefanda. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en að sex mánuðum liðnum frá því að fullbúin greinargerð er afhent. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

Viðskipti með verðbréf á skipulegum tilboðsmarkaði er skylt að stöðva eigi síðar en við opinbera skráningu þeirra í kauphöll.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar setur nánari reglur um hvenær viðskiptum með verðbréf skuli hætt.

## X. KAFLI
## Viðskipti utan skipulegs verðbréfamarkaðar.

### 34. gr.

Óheimilt er að gefa til kynna að verðbréfamarkaður sé skipulagður vegna viðskipta með eða tilboða í verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, svo sem með því að birta skipulega upplýsingar um viðskiptin með sama hætti og kauphöll og skipulegur tilboðsmarkaður gera eða á nokkurn þann hátt að hætta skapist á ruglingi við slíka starfsemi. Þetta á við jafnt þótt slík viðskipti fari fram í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar.

Starfræki aðilar verðbréfamarkað þar sem veruleg viðskipti eiga sér stað er bankaeftirliti Seðlabanka Íslands heimilt að setja það sem skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi hans að hann uppfylli ákvæði þessara laga um kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað, eftir því sem við getur átt.

## XI. KAFLI
## Eftirlit.

### 35. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sé í samræmi við lög þessi, reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir sem um starfsemina gilda. Skal bankaeftirlitinu þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi sem fram fer samkvæmt lögum þessum sem það telur nauðsyn á. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa skal það eiga sambærilegan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá viðkomandi aðila. Um eftirlitið gilda lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti, svo og ákvæði annarra laga, eftir því sem við getur átt.

### 36. gr.

Telji bankaeftirlitið að kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður, sem starfar samkvæmt lögum þessum, hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða að háttsemi félaga eða stofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust skal það veita hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Í tilefni af brotum samkvæmt lögum þessum er bankaeftirlitinu jafnframt heimilt að krefjast úrbóta án tafar, svo og að leggja tímabundið bann við frekari starfsemi ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Hafi kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður ekki sinnt ítrekuðum tilmælum bankaeftirlitsins um úrbætur samkvæmt þessari grein er því heimilt að gera tillögu um afturköllun starfsleyfis, sbr. 37. gr. þessara laga.

## XII. KAFLI
## Afturköllun starfsleyfis.

### 37. gr.

Ráðherra skal afturkalla starfsleyfi kauphallar og skipulegs tilboðsmarkaðar að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands:

1. hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögmætum hætti,
2. brjóti félagið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn samþykktum sem um starfsemina gilda eða lögum þessum, reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
3. fullnægi stjórnarmenn ekki skilyrðum 5. gr. eða rekstur leyfishafa er óstarfhæfur vegna ákvæða í 2. mgr. 6. gr.,
4. sé það mat bankaeftirlitsins að náin tengsl leyfishafa við einstaklinga og lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum eða að lög og reglur, sem um þá aðila gilda, hindri eðlilegt eftirlit,
5. hafi bú leyfishafa verið tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum.

Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi leyfishafa og veitt honum kost á að leysa úr málinu.

### 38. gr.

Afturköllun starfsleyfis skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi leyfishafa og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar til að starfa hér á landi skal slíta félaginu.

### *Févíti.*

### 39. gr.

Kauphöll og skipulegum tilboðsmarkaði er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða viðurlög vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemi þeirra í formi févítis. Févíti getur numið allt að tíföldu árgjaldi markaðsaðila að viðkomandi markaði ef brot eru alvarleg.

## XIII. KAFLI
## Um þagnarskyldu og skil ársreikninga.

### *Þagnarskylda.*

### 40. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn félags sem starfar samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna þess og málefni félagsins, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til þess að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kauphöll heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem kauphöll fær framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

*Um skil ársreikninga.*

41. gr.

Ársreikningur hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum félagsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

## XIV. KAFLI
## Gildistaka o.fl.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Verðbréfaþingi Íslands, sem starfar eftir lögum nr. 11/1993, er veittur frestur til 1. júlí 1999 til að laga starfsemi sína að lögum þessum. Ákvæði þeirra laga halda gildi sínu um starfsemi þess að öllu leyti til þess tíma að undanskildu ákvæði um einkarétt þess á að stunda verðbréfaþingsstarfsemi, sbr. 1. gr. laganna. Auk þess skulu ákvæði V., VI. og VII. kafla laga þessara gilda eftir því sem við getur átt um útgefendur verðbréfa sem hafa verið tekin til skráningar á Verðbréfaþingi Íslands. Jafnframt er því heimil starfsemi í samræmi við ákvæði IX. og X. kafla laga þessara.

### II.

Ráðherra skal innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara skipa nefnd sem undirbúi stofnun hlutafélags sem hafi það markmið að starfrækja kauphöll og taka við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands, sbr. lög nr. 11/1993, ásamt síðari breytingum. Við stofnun hlutafélags verði leitast við að ná sátt um skiptingu hluta milli núverandi þingaðila, útgefenda skráðra bréfa og fjárfesta.

Ráðherra skal fela óháðum löggiltum endurskoðanda að meta eiginfjárstöðu Verðbréfaþings Íslands miðað við þann dag sem nýtt hlutafélag, sem hlotið hefur starfsleyfi á grundvelli þessara laga, yfirtekur starfsemi þess.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 10. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Kauphöll sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Í stað 2., 3. og 4. málsl. 1. tölul. 3. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr., en þar skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 10 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 125.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

3. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:
Ákvæði þessa kafla taka til viðskipta með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt taka þau til viðskipta með verðbréf utan skipulegra verðbréfamarkaða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

# LÖG

**um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Seðlabankinn ákveður alla nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 1998

28. apríl 1998 145 Nr. 37

# LÖG

## um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aflak, Jehad, verkamaður í Reykjavík, f. 14. febrúar 1977 í Sýrlandi.
2. Ajayi, Julius Funmisho, sjómaður í Kópavogi, f. 24. júlí 1968 í Nígeríu. Fær réttinn 19. ágúst 1998.
3. Anna Sóley Thoroddsen, fiskverkakona á Höfn, f. 11. ágúst 1967 í Reykjavík. Fær réttinn 20. ágúst 1998.
4. Antonio, Zenaida Zanoria, verkakona í Kópavogi, f. 10. janúar 1953 á Filippseyjum. Fær réttinn 18. ágúst 1998.
5. Apiwongngam, Pakpum, barn í Reykjavík, f. 24. júní 1985 í Tælandi. Fær réttinn 5. júlí 1998.
6. Aref, Bassem Ben Salem, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. júní 1969 í Túnis. Fær réttinn 24. ágúst 1998.
7. Bauer, Christine, skrifstofumaður í Keflavík, f. 27. maí 1964 í Keflavík.
8. Belányi, Zoltán, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 25. mars 1968 í Ungverjalandi. Fær réttinn 19. ágúst 1998.
9. Bezzeghoud, Khadija, fiskverkakona í Reykjavík, f. 29. september 1970 í Marokkó. Fær réttinn 28. maí 1998.
10. Bonifacius, Raj Kumar, tennisþjálfari í Reykjavík, f. 8. nóvember 1969 í Bandaríkjunum.
11. Bono Heite, Olive Louise, atvinnurekandi á Seyðisfirði, f. 28. júlí 1947 í Bandaríkjunum.
12. Daníel Ekaphan Valberg, barn í Reykjavík, f. 21. október 1996 í Reykjavík.
13. Deluxsana, Petcharee, starfsstúlka í Reykjavík, f. 2. maí 1964 í Tælandi.
14. Dokljanov, Željko, vélamaður í Reykjavík, f. 22. september 1969 í Júgóslavíu. Fær réttinn 21. júlí 1998.
15. Drzymkowski, Mariusz, verkamaður í Vogum, f. 1. október 1973 í Póllandi.
16. Eiríksson, Marianne Caroline, húsmóðir í Mosfellsbæ, f. 17. ágúst 1964 í Sviss.
17. Elín Pálsdóttir, barn í Úganda, f. 1. desember 1995 í Úganda.

18. Ereno, Gina Ayson, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 3. maí 1967 á Filippseyjum.
19. Eysteinn Martins Sveinbjörnsson, barn í Reykjavík, f. 20. október 1996 í Reykjavík.
20. Gasmi, Abdelaziz Ben Salah, verkamaður í Reykjavík, f. 9. maí 1964 í Túnis. Fær réttinn 28. maí 1998.
21. Grant, Judith Ann, starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. ágúst 1976 í Kanada.
22. Guðmundsson, Katarzyna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. janúar 1958 í Póllandi. Fær réttinn 23. ágúst 1998.
23. Gulázsiová, Viera, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1970 í Tékkóslóvakíu. Fær réttinn 16. september 1998.
24. Hadoudi, Nabil, verkamaður í Reykjavík, f. 8. júlí 1970 í Marokkó. Fær réttinn 21. júní 1998.
25. Hani, Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. janúar 1960 í Marokkó. Fær réttinn 28. september 1998.
26. Hansen, Rannveig Birna, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 13. ágúst 1972 á Akureyri.
27. Hoti, Nusret, verkamaður í Reykjavík, f. 25. mars 1962 í Júgóslavíu.
28. Jacobsen, Regin, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 3. ágúst 1971 í Færeyjum.
29. Joó, Beata Kinga, tónlistarkennari á Ísafirði, f. 25. janúar 1963 í Ungverjalandi.
30. Kantorska, Małgorzata, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 14. ágúst 1968 í Póllandi. Fær réttinn 31. júlí 1998.
31. Kantorski, Jacek Zbigniew, læknir í Reykjavík, f. 15. nóvember 1959 í Póllandi. Fær réttinn 31. júlí 1998.
32. Ketel, Róbert Veigar, sjómaður í Hafnarfirði, f. 20. apríl 1980 í Reykjavík.
33. Khan, Hasim Ægir, nemi í Reykjavík, f. 31. mars 1980 í Indlandi.
34. Koca, Ömer, fiskverkamaður á Suðureyri, f. 1. júní 1974 í Tyrklandi. Fær réttinn 19. apríl 1998.
35. Kristín Joanna Jónsdóttir, fiskverkakona í Hrísey, f. 5. apríl 1972 í Póllandi.
36. Lach, Krystyna, verkakona í Reykjavík, f. 28. september 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. apríl 1998.
37. Lowery, Dorothy Joe, húsmóðir á Ísafirði, f. 2. mars 1978 í Bandaríkjunum.
38. Ly, Binh Chanh, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1968 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
39. Ly, Liên Kha, saumakona í Reykjavík, f. 2. júní 1960 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
40. Ly, Sang Hoa, verkamaður í Reykjavík, f. 5. mars 1930 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
41. Maňásek, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. september 1966 í Tékkóslóvakíu. Fær réttinn 16. september 1998.
42. Martin, Margaret Roberta, húsmóðir í Vogum, f. 28. maí 1968 í Bandaríkjunum.
43. Mateev, Nikolai Ivanov, vélaverkfræðingur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1960 í Búlgaríu.
44. Mateeva, Amelia Borisova, kennari í Reykjavík, f. 7. júní 1961 í Búlgaríu. Fær réttinn 29. júlí 1998.
45. Mladenović, Ivan, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. mars 1974 í Júgóslavíu. Fær réttinn 2. september 1998.
46. Ninir, Noureddine, fiskverkamaður í Reykjavík, f. 15. september 1973 í Marokkó. Fær réttinn 24. september 1998.
47. Oyod, Mark Angelo, fiskverkamaður í Keflavík, f. 12. júlí 1976 á Filippseyjum.
48. Oyod, Rudolph Francis, fiskverkamaður í Keflavík, f. 13. apríl 1975 á Filippseyjum.
49. Pradablert, Samaporn, bréfberi í Reykjavík, f. 28. mars 1961 í Tælandi.

50. Ramos Jácome de Játiva, Inés Maria del Rosario, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1960 í Ekvador. Fær réttinn 8. ágúst 1998.
51. Reisenhus, Valborg, verkakona á Akureyri, f. 29. desember 1967 á Akureyri.
52. Sigríður Eyþórsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 22. júlí 1981 í Reykjavík.
53. Sjarif, Deslijati, húsmóðir í Keflavík, f. 19. desember 1958 í Indónesíu. Fær réttinn 15. júlí 1998.
54. Slobodeniouk, Natalia Vladimirovna, starfsmaður á dagheimili í Reykjavík, f. 20. mars 1974 í Rússlandi.
55. de Sousa, Ana Lidia Miranda Oliveira, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1966 í Brasilíu.
56. Sverrisson, Patricia Elizabeth Velasco Coello, markaðsráðgjafi í Reykjavík, f. 30. september 1967 í Ekvador.
57. Sörensen, Vera Mikhailovna, ritari í Garðabæ, f. 25. júlí 1954 í Sovétríkjunum.
58. Tanja Helena Garðarsdóttir, fiskverkakona á Dalvík, f. 7. september 1973 á Akureyri.
59. Tennci, Maiza, verkamaður í Reykjavík, f. 25. júní 1967 í Alsír.
60. Toquero, Leticia Eborda, fiskverkakona á Seltjarnarnesi, f. 21. september 1956 á Filippseyjum.
61. Torres, Jeraldine Tolo, fiskverkakona í Kópavogi, f. 5. maí 1969 á Filippseyjum.
62. Townley, Mark, kerfisstjóri í Kópavogi, f. 3. október 1969 í Bretlandi.
63. Tórshamar, Eydís Unnur, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. desember 1973 í Færeyjum.
64. Tran, Thanh, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. desember 1934 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
65. Udomsri, Nongyuao, herbergisþerna í Reykjavík, f. 11. júlí 1964 í Tælandi. Fær réttinn 11. september 1998.
66. Vejdenpak, Kambiz, verkamaður í Reykjavík, f. 21. mars 1964 í Íran. Fær réttinn 30. september 1998.
67. Vu, Thuy Thu Thi, nemi í Reykjavík, f. 19. nóvember 1984 í Víetnam.
68. Wieczerzak, Teresa Eva, starfsstúlka í Reykjavík, f. 15. desember 1968 í Póllandi. Fær réttinn 24. maí 1998.
69. Yuchangkoon, Chaluai, fiskverkakona í Vogum, f. 17. janúar 1950 í Tælandi.
70. Zimmermannová, Lenka, leikskólakennari í Kópavogi, f. 19. október 1965 í Tékkó-slóvakíu.
71. Özcan, Zeynep, verkakona á Húsavík, f. 1. janúar 1968 í Tyrklandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 11 - 1998

Nr. 38 148 11. maí 1998

## LÖG

**um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, gilda ekki um úthlutun veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum.

2. gr.

Á árunum 1998, 1999 og 2000 skulu eftirfarandi reglur gilda um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum:

a. Allar veiðar eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiði sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.
b. Skipta skal a.m.k. 90% af þeim árlegu heildarveiðiheimildum sem í hlut Íslands koma milli þeirra skipa sem veiðar stunduðu úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997 eða komið hafa í þeirra stað, þannig að 60% sé skipt milli þeirra miðað við burðargetu þeirra en 40% skal skipt jafnt. Allt að 10% af árlegum heildarveiðiheimildum skal skipt milli annarra skipa á grundvelli reglna sem ráðherra setur, þó þannig að aldrei komi meira magn í hlut hvers skips en sem nemur 25% af meðaltalsaflahámarki skv. 1. málsl. þessa stafliðar.
c. Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þremur síðustu vertíðum og leyfilegan heildarafla hvers árs. Skal það magn, sem heimilt er að framselja, nema 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síðustu þriggja síldarvertíða.
d. Sjávarútvegsráðherra skal setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Getur ráðherra m.a. ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um úthlutun á takmörkuðu aflamagni sem íslenskum skipum er heimilt að veiða innan lögsögu annarra. Þá getur ráðherra ákveðið að endurúthluta skuli afla eftir tiltekinn tíma sýnist það nauðsynlegt til að fullnýta leyfðan heildarafla íslenskra skipa.

Gutenberg

e. Að öðru leyti gilda á þessu tímabili ákvæði laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

27. apríl 1998 Nr. 39

# LÖG

## um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

*Skilgreiningar.*
1. gr.

Í lögum þessum merkir:

*Evra:* Gjaldmiðil þeirra ríkja Evrópusambandsins (ESB) sem taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í samræmi við sáttmála ESB, sem undirritaður var 7. febrúar 1992.

*EMU:* Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

*Eka:* Evrópureikningseiningu (European Currency Unit, ECU) sem myndar myntkörfu sem um er fjallað í reglum ESB nr. 3320/94 og í gildi er þegar evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þátttökuríkja í EMU.

Eka sem vísað er til í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi og skilgreind er á sama hátt og segir í 1. mgr. skal metin sem ein eka á móti einni evru. Sé vísað til eku í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi án þess að eka sé skilgreind á þann hátt sem greinir í 1. mgr. skal líta svo á að um eku í skilningi 1. mgr. sé að ræða, nema sýnt sé fram á að annað hafi vakað fyrir aðilum að slíkum samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi.

*Áframhaldandi gildi samninga.*
2. gr.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í gjaldmiðli sem ekki verður lengur til sem sjálfstæður gjaldmiðill við tilkomu evrunnar skal evra koma í stað þess gjaldmiðils samkvæmt því hlutfalli sem ákveðið er í reglum ESB að gilda skuli.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í eku mun ein evra koma í stað einnar eku samkvæmt reglum ESB.

Skuldbindingar þær sem lýst er í 1. og 2. mgr. er heimilt að efna í þeim gjaldmiðli eða gjaldmiðlum sem upphaflega hefur verið samið um í samningum, skuldaskjölum eða öðrum löggerningum sem þar eru greindir, svo fremi að þeir gjaldmiðlar séu þá lögmætir, eða evru en ekki í öðrum gjaldmiðlum.

3. gr.

Aðili að samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi getur ekki borið fyrir sig að hann þurfi ekki að efna skuldbindingar sem í þeim felast og að hann hafi einhliða rétt til að breyta, segja upp eða gjaldfella slíka samninga, skuldaskjöl eða aðra löggerninga, vegna eftirgreindra atriða:

a. Tilkomu evrunnar.
b. Að boðin sé fram evra til að efna skuldbindingar sem getið er í 1. og 2. mgr. 2. gr.
c. Að verðmæti skuldbindinga sé ákveðið í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr.
d. Að útreikningi eða ákvörðun efnis eða greiðslumáta samnings, skuldaskjals eða annars löggernings vegna vaxta eða annarra atriða hafi verið breytt eða skipt út vegna tilkomu evrunnar og að evran komi þar í stað sem efnislega jafngildur gjaldmiðill.

*Gildissvið.*

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um alla samninga, skuldaskjöl (þar með talin hlutabréf, arðmiða, vaxtamiða og þess háttar) og aðra löggerninga hverju nafni sem nefnast, sem fela í sér greiðsluskyldu, hvort sem þeir eru gerðir í atvinnuskyni eða ekki.

*Gildistaka.*

*5. gr.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1998

11. maí 1998 151 Nr. 40

# LÖG

## um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er nefnist örnefnanefnd. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands, annar af umhverfisráðuneyti en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allir skulu nefndarmenn vera kunnáttumenn á sviði örnefna- og staðfræði. Íslensk málnefnd skal hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi.

Örnefnanefnd skal fjalla um nafngiftir býla skv. 5., 7. og 8. gr. laganna. Jafnframt úrskurðar örnefnanefnd um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortagerðarmenn, Örnefnastofnun Íslands, landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnsýslulaga. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Úrskurðum nefndarinnar er hægt að skjóta til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar. Skulu þar m.a. vera ákvæði um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, þar á meðal um að örnefni, sem ágreiningur er um, skuli auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi, gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Einnig má þar setja ákvæði um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvörðunum nefndarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá Fasteignamati ríkisins, má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar.

Gutenberg

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal örnefnanefnd um nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna og þorpa.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns skv. 3. gr. skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlisins verði lagt niður og þeim ástæðum er ráðið hafa vali umsækjanda á nýju nafni. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem að býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama héraði eða því um líkt.

Í tilkynningu eiganda til örnefnanefndar um nafn á nýbýli skv. 4. gr. skal hann skýra frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali á hinu nýja nafni.

Sé hið nýja nafn býlis dregið af staðháttum skal þeim lýst í umsókn, sbr. 3. gr., eða tilkynningu, sbr. 4. gr. Þá skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt málsaðila á býlinu. Við upptöku nýnefna skal gæta þess að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama héraði né nafna sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í héraðinu að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ágreiningi um nafngift skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðar örnefnanefndar.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt eftir að henni hefur borist beiðni um breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., beiðni um nafnfesti á þorpum skv. 7. gr. eða önnur erindi til ákvörðunar leggja rökstuddan úrskurð á málið.

Heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., eða nafnfesti á þorpi skv. 7. gr. skal hún senda nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Telji örnefnanefnd ekkert athugavert við nafn sem tilkynnt hefur verið til hennar skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hún senda það hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Telji hún nafnið ónothæft skal hún tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býli. Hafi málsaðili ekki innan sex mánaða valið nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá. Úrskurðinn sendir örnefnanefnd málsaðila og hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar.

Þinglýsingarstjórar skulu ætíð skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingum ef þeir eru kunnir. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðinda skrá um nöfn þau sem tekin hafa verið upp á árinu. Svo skal og birta skrá yfir nöfn á eldri býlum sem ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

7. gr.

2. málsl. 9. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Rennur þá jafnframt út skipunartími þeirrar örnefnanefndar er starfað hefur samkvæmt heimild í 2. gr. núgildandi laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa örnefnanefnd fyrir þann tíma sem þar er greindur þannig að hún geti tekið við störfum 1. ágúst 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

22. maí 1998 Nr. 41

# LÖG

**um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. b-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að endurgreiða sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins hlut almannatrygginga í kostnaði vegna læknisþjónustu. Skilyrði endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Hafi sérfræðingur ekki endurnýjað samning sinn af þeim sökum að hann hafi hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur skal þó heimilt að endurgreiða sjúklingum hans samkvæmt framansögðu. Endurgreiðslan skal miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 7. mars 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

# AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

1. gr.

Undirliðurinn 8507.80 skiptist upp og orðast svo:

| | | A % | E % |
|---|---|---|---|
| | — Aðrir geymar: | | |
| 8507.8010 | — — Rafgeymar sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum | 10 | 0 |
| | — — Aðrir: | | |
| 8507.8091 | — — — Með vökva | 10 | 0 |
| 8507.8099 | — — — Án vökva | 10 | 0 |

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. maí 1998.*

F. h. r.
**Bergþór Magnússon.**

*Hermann Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1998

29. maí 1998 155 Nr. 43

## LÖG

**um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal hlutafélag er nefnist Íslandssíld hf. Ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til Íslandssíldar hf. ef annað leiðir ekki af lögum þessum. Sjávarútvegsráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins.

2. gr.

Hlutverk Íslandssíldar hf. er að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar aðra starfsemi er því tengist. Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Íslandssíld hf. tekur við stofnun félagsins, sbr. 6. gr., við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim sem ráðstafað er á annan hátt, sbr. 8. og 9. gr.

4. gr.

Heildarupphæð hlutafjár Íslandssíldar hf. skal nema 75% af eigin fé félagsins. Skal ráðherra skipa matsnefnd til að meta eignir og skuldir síldarútvegsnefndar til viðmiðunar um upphæð hlutafjár að teknu tilliti til ákvæða 8. og 9. gr.

5. gr.

Þeir síldarsaltendur sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útfluttri síld skv. 2. gr. laga nr. 62/1962 á tímabilinu 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 eru eigendur 85% hlutafjár félagsins við stofnun þess, Íslandssíld hf. skal eiga 10% hlutafjár félagsins og lífeyrissjóðir sjómanna, í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna, skulu eiga 5% hlutafjár félagsins.

Félög sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, á annan hátt en með sameiningu við önnur félög, teljast þó ekki eigendur skv. 1. mgr. Sama á við sé gjaldþrotaskiptum á búi aðila lokið fyrir sama tíma. Eigendur sameignarfélaga sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara skulu eiga rétt á hlutafé skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr., í hlutfalli við eignarhlut þeirra í sameignarfélaginu við slit þess.

Hlutdeild hvers aðila skal miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 af heildarverðmæti samanlagðs útflutnings allra aðila er teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., þessarar greinar á sama tímabili, framreiknað til verðlags við gildistöku laga þessara á grundvelli vísitölu neysluverðs.

Eigin hluti félagsins skal selja innan 18 mánaða frá stofnun þess. Hluthafar sem greiddu lögmælta söluþóknun, sbr. 1. mgr., á tímabilinu 1. júlí 1992 – 31. desember 1997 eiga fyrstu 18 mánuði eftir stofnun félagsins forkaupsrétt að þeim. Enn fremur er heimilt að veita þeim forkaupsrétt að hlutum sem boðnir eru til sölu vegna hlutafjárhækkunar á sama tímabili. Forkaupsrétturinn skal miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar 1. júlí 1992 – 31. desember 1997 af heildarverðmæti útflutnings allra aðila er teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., á sama tímabili.

6. gr.

Halda skal stofnfund fyrir 1. ágúst 1998 og skal félagið þá taka við eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim er um ræðir í 8. og 9. gr., sbr. 3. gr. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið og kjósa stjórn þess.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins skal greiðast af félaginu.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar skulu eiga kost á starfi hjá Íslandssíld hf.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá síldarútvegsnefnd gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Stofna skal sjóð sem skal renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal vera í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Stofnfé sjóðsins skal vera 110 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar. Ráðstöfun fjár úr sjóðnum skal háð samþykki sjávarútvegsráðherra og skal árleg ráðstöfun miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins.

9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988.

10. gr.

Sjóður sá sem um er rætt í 8. gr. skal undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem þeir nefnast. Framlag til sjóðs þess sem um er rætt í 9. gr. skal undanþegið tekjuskatti.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, falla úr gildi 1. ágúst 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 29. maí 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1998

3. júní 1998 157 Nr. 44

# LÖG

## um húsnæðismál.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. ÞÁTTUR
### Almenn ákvæði.
### I. KAFLI
### Tilgangur og orðskýringar.

1. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

2. gr.

*Orðskýringar.*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

*Almenn lán* eru þær lánveitingar sem fólgnar eru í skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði.

*Fasteignaveðbréf* eru skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.

*Félagasamtök* merkja almenn félög eða almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það langtímamarkmið að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

*Félög* merkja félög sem rekin eru að hætti samvinnufélaga, hlutafélaga, einkahlutafélaga, sjálfseignarstofnana eða félaga með ótakmarkaðri ábyrgð er hafa að markmiði að byggja, eiga og reka leiguhúsnæði.

*Húsbréf* eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs í tengslum við lánveitingar hans.

*Húsnæðisbréf* eru skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs og sjóðurinn selur á almennum markaði í því skyni að afla fjár til starfsemi sinnar.

*Húsnæðislán* nefnast þær lánveitingar sem Íbúðalánasjóður annast samkvæmt lögum þessum.

*Lán til leiguíbúða* eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, aðilum á þeirra vegum, félögum eða félagasamtökum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði með veði í hlutaðeigandi eign.

*Viðbótarlán* eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir einstaklingum til viðbótar almennu húsnæðisláni til öflunar eigin húsnæðis með veði í hlutaðeigandi eign, næst á eftir fasteignaveðbréfi, eftir tilvísun húsnæðisnefndar sveitarfélags.

Gutenberg

2. ÞÁTTUR
**Stjórn húsnæðismála.**
II. KAFLI
**Skipulag.**
3. gr.
*Yfirstjórn.*

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

4. gr.
*Íbúðalánasjóður.*

Stofna skal sérstakan lánasjóð er nefnist Íbúðalánasjóður. Íbúðalánasjóður skal annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála samkvæmt lögum þessum. Skal sjóðurinn vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðherra og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum og fara með þau verkefni sem getið er í lögum þessum og ráðherra felur honum með reglugerð. Félagsmálaráðherra getur krafið stjórn Íbúðalánasjóðs um gögn og upplýsingar sem snerta málefni sjóðsins.

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra.

5. gr.
*Sveitarstjórnir.*

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitarfélaginu.

6. gr.
*Húsnæðisnefndir.*

Sveitarstjórnir skipa húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Húsnæðisnefndir sveitarfélaga fara með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélags.

III. KAFLI
**Íbúðalánasjóður.**
7. gr.
*Stjórn.*

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Íbúðalánasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna, en stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

8. gr.
*Framkvæmdastjóri.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Hann annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

9. gr.
*Verkefni.*

Verkefni Íbúðalánasjóðs eru:

1. Að annast lánveitingar og sinna húsbréfaviðskiptum í samræmi við ákvæði laga þessara.
2. Að annast lánveitingar til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði.

3. Að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Íbúðalánasjóðs og gæta þess að sjóðurinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
4. Að gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn í samræmi við ákvæði fjárlaga þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður.
5. Að koma á framfæri við almenning upplýsingum um hlutverk og þjónustu Íbúðalánasjóðs.
6. Að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, m.a. með veitingu lána eða styrkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.
7. Að fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði.
8. Að sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum með reglugerð á sviði húsnæðismála.

10. gr.
*Tekjur.*

Íbúðalánasjóður fjármagnar þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum með þeim hætti sem hér segir:
1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með útgáfu húsbréfa.
3. Með sölu húsnæðisbréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

11. gr.
*Varsla.*

Íbúðalánasjóður skal varðveita og ávaxta það fé sem hann hefur umsjón með. Stjórn Íbúðalánasjóðs getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að fela öðrum varðveislu eigna sjóðsins, að nokkru leyti eða öllu. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.

12. gr.
*Skipulag.*

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fenginni tillögu stjórnar Íbúðalánasjóðs, frekari verkefni og skipulag sjóðsins, þar á meðal skiptingu hans í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum.

## IV. KAFLI
## **Húsnæðisnefndir.**

13. gr.
*Skipan.*

Sveitarstjórn skipar húsnæðisnefnd að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndina skipa þrír til fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal kjörinn af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

14. gr.
*Verkefni.*

Helstu verkefni húsnæðisnefndar sveitarfélags eru:

1. Að gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu um, og geta átt frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun.
2. Að leggja mat á þörf einstaklinga, sem búa við erfiðar aðstæður, á viðbótarláni og hvort þeir uppfylli skilyrði í því efni.
3. Að hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélags til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga.
4. Að veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og húsaleigusamninga.
5. Að aðstoða aldraða og fatlaða, svo og samtök þeirra við öflun húsnæðis, með ráðgjöf, við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð o.fl.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði húsnæðismála. Húsnæðisnefndir setja sér starfsreglur sem sveitarstjórnir skulu staðfesta og almenningur skal hafa greiðan aðgang að.

Húsnæðisnefnd er heimilt að taka gjöld fyrir þjónustu sem hún veitir skv. 1. mgr. og á grundvelli gjaldskrár sem sveitarstjórn staðfestir. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við þá þjónustu sem húsnæðisnefnd lætur einstaklingum í té.

## 3. ÞÁTTUR
## **Húsnæðislán.**
## V. KAFLI
## **Almenn ákvæði.**

15. gr.
*Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.*

Íbúðalánasjóður annast lánveitingar samkvæmt eftirfarandi lánaflokkum:

1. *Almenn lán* skv. VI. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.
2. *Viðbótarlán* til einstaklinga skv. VII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.
3. *Lán til leiguíbúða* til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga skv. VIII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu.

16. gr.
*Aðrir lánaflokkar.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að stofna til nýrra lánaflokka. Gert skal ráð fyrir öllum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram.

Um nánari skilyrði lánveitinga samkvæmt þessari grein fer eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs.

17. gr.
*Húsbréfadeild.*

Til þess að annast almenn húsnæðislán skal Íbúðalánasjóður starfrækja húsbréfadeild. Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs. Hlutverk húsbréfadeildar er:

1. Að gefa út flokka markaðshæfra húsbréfa í nafni Íbúðalánasjóðs með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.
2. Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum.
3. Að stuðla að því að greið sala sé á húsbréfum á markaði.

4. Að gæta þess að inn- og útgreiðslur vegna fasteignaveðbréfa og húsbréfa standist á þannig að jafnvægi sé á hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi fram í tímann.

## VI. KAFLI
## Almenn lán — húsbréf.

### 18. gr.
*Greiðslumat.*

Um skilyrði þess að húsbréfadeild samþykki skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fer eftir viðmiðunarreglum sem stjórn Íbúðalánasjóðs setur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er húsbréfadeild heimilt að synja um skipti á skuldabréfum.

Við skipti á húsbréfum gegn fasteignaveðbréfum skv. 2. tölul. 17. gr. skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

1. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
2. Greiðslugetu skuldara.
3. Verðmæti húsbréfa og fasteignaveðbréfa miðað við markaðsvexti sambærilegra verðbréfa á viðskiptadegi. Sé ekki unnt að miða við vexti á viðskiptadegi skal miða við nýjustu og bestu heimildir um markaðsvexti.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um að annast mat skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr. og hafa með höndum samskipti útgefanda fasteignaveðbréfa við húsbréfadeild. Jafnframt má ákveða í reglugerð að mat skv. 1. tölul. 2. mgr. megi fela sérstökum trúnaðarmönnum.

### 19. gr.
*Fasteignaveðbréf.*

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, og hafa sömu lánskjör og þau húsbréf sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, sbr. 24. gr., að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 28. gr.

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar.

### 20. gr.
*Matsverð.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði.

### 21. gr.
*Lánstími og lánskjör.*

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 40 ár. Ráðherra skal kveða nánar á um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbréfa.

22. gr.
*Hlutkesti.*

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbréfunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða nánar á um framkvæmd þessa í reglugerð.

23. gr.
*Aukaafborganir.*

Skuldurum fasteignaveðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. 22. gr.

24. gr.
*Greiðslukjör húsbréfa.*

Húsbréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum og skulu öll bréf í sama flokki bera sömu upphæð. Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

25. gr.
*Gjaldfallin húsbréf.*

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta af húsbréfum, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Húsbréf bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu húsbréfa fer eftir almennum lögum.

26. gr.
*Verðbréfaviðskipti.*

Húsbréf skulu skráð á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

Fyrirtækjum sem leyfi hafa til verðbréfaviðskipta og annast viðskipti með húsbréf er skylt að hafa á reiðum höndum, og aðgengilega, nýjustu skráningu á gengi húsbréfa fyrir viðskiptaaðila sína. Viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta söluverðs eða kaupverðs sem opinbert er, án þess að koma opinberlega slíku kaup- eða sölutilboði á framfæri. Fyrirtækjum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að tilkynna öll viðskipti sem þau annast jafnharðan til þess verðbréfaþings eða kauphallar sem annast skráningu húsbréfa.

27. gr.
*Eftirlit.*

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með því að starfsemi húsbréfadeildar sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer eftir ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Haft skal eftirlit með útgáfu húsbréfa og fjárhag húsbréfadeildar. Skal Íbúðalánasjóður veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbréfadeildar hefur það rétt til að afla upplýsinga og láta fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Íbúðalánasjóðs.

Auk eftirlits með húsbréfadeild skv. 1. mgr. skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og laga um verðbréfasjóði.

Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

28. gr.

*Vaxtaálag.*

Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

29. gr.

*Reglugerð.*

Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, þar á meðal um skyldur fasteignasala til þess að veita upplýsingar um gengi húsbréfa.

## VII. KAFLI
## **Viðbótarlán.**

30. gr.

*Lánveiting.*

Að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags veitir Íbúðalánasjóður einstaklingum sem rétt eiga á almennu láni til kaupa á eigin íbúð viðbótarlán sem má nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) getur þó aldrei orðið hærra en 90% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að almennt lán og viðbótarlán séu innan þessara marka.

Að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga setur ráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð um skilyrði lánveitinga skv. 1. mgr. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis.

Að höfðu samráði við stjórn Íbúðalánasjóðs er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu almenns láns skv. 18. gr. til einstaklinga sem hyggjast taka bæði almennt lán og viðbótarlán.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda viðbótarlána skv. 1. mgr. ef fyrirséð er að víkja verður frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eða þau raski í verulegum atriðum fjárhag þess.

31. gr.

*Lánskjör viðbótarlána.*

Viðbótarlán skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Viðbótarlán eru afborgunarlaus fyrsta árið.

Hámarkslánstími viðbótarlána skal vera 40 ár. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um lánstíma í reglugerð.

Viðbótarlán endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt neysluvísitölu á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar viðbótarlána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Íbúðalánasjóði er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af viðbótarlánum skulu taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

Um lánskjör og matsverð fasteigna skulu að öðru leyti gilda meginreglur VI. kafla laga þessara um fasteignaveðbréf eftir því sem við getur átt.

32. gr.

*Sala íbúðar með viðbótarláni.*

Eiganda íbúðar sem á hvílir viðbótarlán er heimilt að selja íbúð sína, enda greiði hann annaðhvort upp viðbótarlánið eða afli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu. Að höfðu samráði við húsnæðisnefnd sveitarfélags skal Íbúðalánasjóður við þær aðstæður gæta þess að nýr kaupandi sem ætlað er að yfirtaka viðbótarlánið uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til þeirra sem ætluð eru slík lán.

## VIII. KAFLI
## **Lán til leiguíbúða.**

33. gr.

*Almennt.*

Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða.

Samþykktir eða stofnskrár félaga og félagasamtaka skv. 1. mgr. skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra áður en þau eru skráð og hefja starfsemi sína.

34. gr.

*Samþykktir.*

Í samþykktum félaga og félagasamtaka skulu vera ákvæði um eigið fé, fjárhagslega ábyrgð, skipun stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjör stjórnarmanna, fundarboðun, hver geti skuldbundið félagið, reikningsár og endurskoðun og ráðstöfun eigin fjár við slit félags. Í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, skal setja nánari fyrirmæli um efni samþykkta félaga og félagasamtaka, svo og skilyrði um eigið fé og fjárhagslega ábyrgð slíkra aðila.

Félagsmálaráðherra lætur gera fyrirmyndir að samþykktum skv. 1. mgr.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá yfir félög og félagasamtök sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra. Allar breytingar á samþykktum slíkra aðila skulu tilkynntar félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.

Samþykktir, sem félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest vegna félaga og félagasamtaka, sem undir lög þessi falla, halda gildi sínu.

35. gr.

*Lánsumsóknir.*

Þegar sótt er um lán til leiguíbúða skv. 33. gr. skal koma fram í lánsumsókn fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár. Að lokinni athugun tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um hvort framkvæmdin og lánveiting falli að settum skilyrðum fyrir láni.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að hafna lánsumsókn ef íbúðarhúsnæði telst óvandað eða ófullnægjandi að mati stjórnar sjóðsins.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána til leiguíbúða, þar á meðal um gerð íbúða, stærðir þeirra, hagkvæmni og byggingarkostnað, svo og úrræði til þess að tryggja sem lægst íbúðarverð.

36. gr.

*Lánskjör.*

Lán til leiguíbúða sem veitt eru sveitarfélögum, félagasamtökum og félögum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi íbúð. Lánin skulu vera að fullu verðtryggð og höfuðstóll þeirra miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Lán til leiguíbúða mega nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 90% af þeim kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt.

Lánstími lána skv. 1. og 2. mgr. má nema allt að 50 árum. Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum á lánstímanum. Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af lánum til leiguíbúða skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

37. gr.

*Ráðstöfun leiguhúsnæðis.*

Um rétt til leiguhúsnæðis fer eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og því hvort tekjur hans og eignir eru innan tekju- og eignamarka sem nánar skulu ákveðin í reglugerð er félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem húsnæðissamvinnufélög hafa fengið lán til byggingar eða kaupa á samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer að öðru leyti eftir lögum um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Aðilum, sem byggja eða kaupa leiguíbúðir, er heimilt að selja leigutaka, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán til leiguhúsnæðis nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs.

38. gr.

*Leiguíbúðir sveitarfélaga.*

Sveitarfélagi er heimilt að stofna hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaðri ábyrgð er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er heimilt að leggja slíku félagi til íbúðir í eigu sveitarfélags, ásamt þeim skuldbindingum sem þeim fylgja.

Áður en skráning hlutafélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðherra.

Stofni sveitarfélag hlutafélag skv. 1. mgr. skal allt hlutafé þess vera í eigu sveitarfélags og skal sala þess óheimil án samþykkis félagsmálaráðherra. Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um slíkt félag eftir því sem við getur átt.

Sveitarfélag er leggur félagi skv. 1. mgr. til íbúðir í eigu sveitarfélagsins ber áfram ábyrgð á þeim fjárhagsskuldbindingum sem til hefur verið stofnað vegna byggingar eða kaupa slíkra íbúða.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag skv. 1. mgr., hvað skuli koma fram í samþykktum þess og hvernig skuli hagað yfirfærslu eigna og skulda til slíks félags.

39. gr.

*Leigufjárhæð.*

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skuli miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnað af framlagi eiganda íbúðar auk almenns rekstrarkostnaðar. Víki lántakandi frá viðmiðunarleiguupphæð er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að gjaldfella lán til leiguhúsnæðis sem veitt hefur verið.

40. gr.

*Eftirlit með félögum og félagasamtökum.*

Félög og félagasamtök samkvæmt lögum þessum skulu láta Íbúðalánasjóði í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir, húsbyggingar, ráðstöfun leiguhúsnæðis og ákvörðun leigufjárhæðar óski Íbúðalánasjóður eftir því.

Komi í ljós að félög eða félagasamtök hafi vikið frá skilyrðum lánveitinga eða um ráðstöfun leiguhúsnæðis er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán.

## 4. ÞÁTTUR
## Önnur ákvæði.

### IX. KAFLI
### Kærunefnd húsnæðismála.

41. gr.

*Skipan.*

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsnæðismála til þriggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda samkvæmt lögum þessum.

Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna og skal hann fullnægja almennum skilyrðum til þess að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan átta vikna frá því að nefndinni barst mál til úrskurðar.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

42. gr.

*Valdsvið.*

Telji umsækjandi um lán eða lánþegi á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kærunefndar húsnæðismála.

Telji umsækjandi um viðbótarlán eða lánþegi slíks láns á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

Úrskurði kærunefndar húsnæðismála verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar og skrifstofuhald.

## X. KAFLI
## Varasjóður.

### 43. gr.
*Stjórn.*

Starfræktur skal sérstakur varasjóður í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga sem Íbúðalánasjóður varðveitir. Félagsmálaráðherra skipar stjórn varasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír stjórnarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnarinnar og varamann hans og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Kostnaður við störf stjórnar varasjóðs greiðist úr varasjóði.

### 44. gr.
*Hlutverk.*

Varasjóðurinn bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Varasjóðurinn skal aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.

### 45. gr.
*Framlög.*

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 44. gr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal í upphafi nema 5,0% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 30. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 1. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð, samskipti Íbúðalánasjóðs og varasjóðs og uppgjör tjóna skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

## XI. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 46. gr.
*Þinglýsing og stimpilgjald.*

Ekki skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfi fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga þessara, eru stimpilfrjáls.

47. gr.
*Afskriftir.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu íbúðar.

Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, reglugerð um nánari framkvæmd innheimtu krafna skv. 1. mgr. og um skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari grein.

48. gr.
*Greiðsluvandi.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að veita lán til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., í allt að þrjú ár og leggja þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Lán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslu skv. 2. mgr. geta farið saman.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og lánþegum eldri lána, sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika. Skilyrði er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða endurskipulagningar á fjárhag félags eða félagasamtaka, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

49. gr.
*Gjaldtaka.*

Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs, lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum og gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og gjöld vegna annarrar sambærilegrar þjónustu. Heimilt er að jafna kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

50. gr.
*Reglugerð.*

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

51. gr.
*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum.

## XII. KAFLI
## Gildistaka og lagaskil.

### 52. gr.
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði I til bráðabirgða skulu þó halda gildi sínu. Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði II til bráðabirgða og snerta innlausn félagslegra íbúða og útreikning innlausnarverðs. Enn fremur halda gildi sínu þau ákvæði sem vísað er til í ákvæði IV til bráðabirgða og varða réttarstöðu eigenda félagslegra íbúða, svo og þær greinar sem vísað er til í ákvæði V til bráðabirgða og snerta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samninga um leigu á félagslegum leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum. Loks skulu þau ákvæði laga nr. 97/1993, sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir, halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra gefa út þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem halda skulu gildi sínu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 13. gr. um skipan húsnæðisnefnda öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi 39. gr. laga nr. 97/1993. Ákvæði 55. gr. um undirbúningsnefnd og 56. gr. um matsnefnd öðlast gildi þegar í stað. Félagsmálaráðherra skal skipa nefndir þessar eigi síðar en 1. júní 1998.

Ákvæði 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VII öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laganna skal Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður. Íbúðalánasjóður skal þá taka við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

### 53. gr.
*Sameining sjóða.*

Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna, verður hjá Íbúðalánasjóði þegar hann tekur til starfa. Íbúðalánasjóður tekur við öllum réttindum og öllum skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtast með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Íbúðalánasjóður tekur til starfa. Ákvæði í veðskuldabréfum, sem gefin hafa verið út vegna lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, skulu að öðru leyti halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal Tryggingarsjóður vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993 lagður niður. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal frá sama tíma taka við og varðveita sérstaklega framlög annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga sem runnið hafa til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Jafnframt tekur Íbúðalánasjóður við því hlutverki að bæta meðan þörf gerist byggingargalla sem ekki teljast eðlilegt viðhald á íbúðum sem slíkir aðilar hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald. Þegar framangreindu hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla telst lokið skulu þeir fjármunir sem þá standa eftir endurgreiddir þeim framkvæmdaraðilum í hlutfalli við framlög þeirra til sjóðsins.

Við gildistöku laga þessara tekur varasjóður skv. X. kafla laga þessara og ákvæði til bráðabirgða VIII við þeim hluta sveitarfélaga sem þau hafa lagt til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.

54. gr.

*Skipun stjórnar.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal skipuð í fyrsta sinn frá og með 1. janúar 1999. Á sama tíma lýkur skipunartíma núverandi húsnæðismálastjórnar og til starfa tekur stjórn Íbúðalánasjóðs samkvæmt þessum lögum.

55. gr.

*Undirbúningsnefnd.*

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga, sem eru nauðsynlegir vegna fyrirhugaðrar starfrækslu Íbúðalánasjóðs. Við gildistöku laga þessara skal Íbúðalánasjóður bundinn við þá löggerninga. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Undirbúningsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir.

Kostnaður við störf undirbúningsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

56. gr.

*Matsnefnd.*

Félagsmálaráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og annarra sjóða sem Húsnæðisstofnun ríkisins fer með eða varðveitir. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 1999. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Matsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni nauðsynlega aðstoð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

*Ákvæði laga nr. 97/1993.*

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu eftirtalin ákvæði laga nr. 97/1993, með síðari breytingum, ásamt fyrirsögnum einstakra greina, halda gildi sínu, að því er snertir lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og eftir því sem við getur átt: 2.–4. mgr. 16. gr., 36. gr., 44. gr., 46. gr., 9.–13. mgr. 52. gr., 3. og 4. mgr. 58. gr. a, 64. gr., 2. mgr. 68. gr., 77. gr., 79. gr., 1., 3. og 4. mgr. 82. gr., 83.–86. gr., 93. gr. a og ákvæði IV til bráðabirgða í þeim lögum, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum þessum.

Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæðum til bráðabirgða II, IV, V og VII í lögum þessum.

Telji aðili sem borið getur réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–V og VII á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd á þeim ákvæðum getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála skv. IX. kafla laga þessara.

## II.

*Innlausn eldri íbúða.*

Með íbúðir sem sveitarfélög hafa innleyst og ekki hefur verið endurúthlutað á grundvelli eldri laga við gildistöku laga þessara og íbúðir sem sveitarfélög innleysa eftir gildistöku laga þessara skal farið samkvæmt lögum þessum.

Kaupskylda sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila sem kann að vera til staðar eftir að félagsleg íbúð hefur verið innleyst fellur niður eftir það.

Ákveði sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili að nýta sér forkaupsrétt á félagslegri íbúð eða kaupleiguíbúð, sem boðin er til sölu, fellur slíkur réttur niður eftir að íbúð hefur verið ráðstafað á ný. Sveitarstjórn eða framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

Kaupskylda sveitarfélags við nauðungarsölu íbúðar skv. 86. gr. laga nr. 97/1993 skal ekki vara lengur en í 15 ár frá útgáfu síðasta afsals.

Á meðan kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga á félagslegu húsnæði varir samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, skulu húsnæðisnefndir, þar sem þær eru starfandi, annast meðferð mála vegna þeirra íbúða sem ganga til sveitarfélaga.

Um útreikning á innlausnarverði félagslegra íbúða, sem sveitarfélög leysa til sín skv. 1. mgr., skal beita fyrirmælum 1. og 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993. Hafi íbúð verið byggð eftir gildistöku laga nr. 51/1980 skal enn fremur gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993, en annars 1.– 3. og 8. mgr. 89. gr. laga nr. 97/1993, hafi íbúðin verið byggð fyrir gildistöku fyrrnefndra laga. Um íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna fer eftir ákvæðum 90. gr. laga nr. 97/1993. Stjórn varasjóðs skv. 43. gr. laga þessara skal fjalla um heimildir húsnæðisnefnda skv. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993.

## III.

*Ráðstöfun innleystra íbúða.*

Íbúð sem sveitarstjórn hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga getur hún ráðstafað þannig:

1. Sveitarstjórn getur ákveðið að selja íbúðina á almennum markaði. Áður skal hún greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins.
2. Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Við þær aðstæður skal sveitarfélagið eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara.

Á næstu tveimur árum eftir gildistöku laga þessara er sveitarfélögum heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélaga að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði.

## IV.

*Sala og ráðstöfun eignaríbúða.*

Eftir gildistöku laga þessara getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar hvenær sem er, að virtum ákvæðum um forkaupsrétt sveitarfélaga, selt íbúð sína á almennum markaði, greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Forkaupsréttur sveitarfélaga skal aldrei vera lengri en 30 ár frá útgáfu síðasta afsals íbúðar. Sveitarstjórn er heimilt að stytta þann tíma hvenær sem er.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga nr. 97/1993 eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

## V.

*Leigu- og kaupleiguíbúðir.*

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um félagslegar leiguíbúðir, halda gildi sínu. Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga. Um leigugjald gilda ákvæði 73. gr. laga nr. 97/1993.

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um kaupleiguíbúðir, halda gildi sínu. Um réttarstöðu slíkra aðila og um samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 72. gr., 2., 3., 5. og 6. mgr.73. gr. og 76. gr. laga nr. 97/1993 með þeim takmörkunum þó sem í lögum þessum greinir.

Einstaklingur, sem hefur kauprétt vegna íbúðar sem hann hefur á leigu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993, heldur þeim rétti. Um lánveitingar og lánskjör vegna slíkra kaupa fer eftir ákvæðum laga þessara.

## VI.

*Framkvæmdaíbúðir.*

Framkvæmdalánssamningar, sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert fyrir gildistöku laga þessara skv. 58. gr. laga nr. 97/1993, skulu halda gildi sínu.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað íbúða, sem fullgerðar eru eftir gildistöku laga þessara, með úttekt sinni.

Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal skila lokauppgjöri á byggingarkostnaði innan mánaðar frá því er framkvæmdalánssamningur rann út eða lokaúttekt fór fram.

Að uppfylltu ákvæði 3. mgr. skulu greiddar eftirstöðvar framkvæmdaláns sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt.

Um ráðstöfun íbúða samkvæmt þessu ákvæði sem koma til afhendingar eftir gildistöku laga þessara fer eftir því sem segir í ákvæði til bráðabirgða VII.

## VII.

*Meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir.*

Úthlutanir íbúða sem farið hafa fram og samningar sem gerðir hafa verið við einstaklinga um félagslegar eignaríbúðir fyrir 15. júní 1998 skulu halda gildi sínu. Um meðferð slíkra íbúða, lánveitingar, réttarstöðu aðila og samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 42. gr., 43. gr., 51. gr., 1.–8. mgr. 52. gr., 2. mgr. 54. gr., 2. mgr. 56. gr., 57. gr., 58. gr., 1. og 2. mgr. 58. gr. a, 59.–61. gr., 64. gr., 1. mgr. 68. gr., 69. gr. og 78. gr. laga nr. 97/1993.

Með allar aðrar félagslegar eignaríbúðir sem eru á framkvæmdarstigi eða eru til endurúthlutunar við gildistöku laga þessara og ekki hefur verið úthlutað til einstaklinga fyrir 15. júní 1998 skal farið á grundvelli laga þessara hafi uppgjör og lánveitingar samkvæmt eldri lögum ekki verið lokið fyrir gildistöku laga þessara.

Um kaupskyldu, forkaupsrétt og ráðstöfun félagslegra eignaríbúða gilda fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða II og IV.

## VIII.

*Varasjóður.*

Í varasjóð skv. X. kafla laga þessara skulu auk framlaga sveitarfélaga renna:

1. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

2. Söluhagnaður af íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og innleystar eru af hálfu sveitarfélaga og endurseldar með söluhagnaði.
3. Framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum vegna afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna.

Varasjóðurinn skal meðan þörf gerist bæta byggingargalla en ekki það sem telst eðlilegt viðhald á íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald samkvæmt ákvæðum 81. gr. laga nr. 97/1993.

Stjórn varasjóðsins skal nota söluhagnað af innleystum íbúðum, sbr. 2. tölul. 1. mgr., og framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, sbr. 3. tölul. 1. mgr., til þess að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða, þó aldrei fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Varasjóður skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 2. og 3. mgr. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að færa fé á milli deilda ef ástæða þykir til. Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglur um nánari framkvæmd 2. og 3. mgr.

**IX.**

*Könnun á leigumarkaði.*

Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

3. júní 1998 Nr. 45

# SVEITARSTJÓRNARLÖG

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**
1. gr.
*Almennt.*

Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.
Sveitarfélög eru lögaðilar.
Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

2. gr.
*Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.*

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.
Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.

*Staðarmörk sveitarfélaga.*

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

4. gr.

*Heiti sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til breytingar á nafni þess, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem kjósa skal um. Nefndin skal skila áliti sínu innan þriggja vikna. Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins. Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags í Stjórnartíðindum.

5. gr.

*Byggðarmerki.*

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag.

Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.

6. gr.

*Lágmarksíbúatala.*

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

7. gr.

*Almennar skyldur sveitarfélaga.*

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.

## II. KAFLI
## Sveitarstjórnir og sveitarstjórnarfundir.

8. gr.

*Sveitarstjórn.*

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn sem kjörin er samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.

9. gr.

*Hlutverk og verksvið sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

*Samþykkt um stjórn og stjórnsýslu.*

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðuneytinu til staðfestingar.

11. gr.

*Heiti sveitarstjórna o.fl.*

Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda byggi slík málnotkun á hefð. Byggðaráð skv. 38. gr. má á sama hátt nefnast bæjarráð eða hreppsráð og sveitarstjóra má kalla bæjarstjóra.

Í Reykjavík nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

12. gr.

*Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn.*

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

a. þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
b. þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
c. þar sem íbúar eru 1.000–9.999 7–11 aðalmenn,
d. þar sem íbúar eru 10.000–49.999 11–15 aðalmenn,
e. þar sem íbúar eru 50.000 eða fleiri 15–27 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í átta ár samfellt.

Kveðið skal á um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

13. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

14. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár. Nú nýtur oddviti ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn og skal hann þá víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til ráðuneytisins þegar að því loknu.

Ef oddviti deyr, verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum eða nýtur ekki lengur trausts sveitarstjórnar sem oddviti áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

15. gr.

*Sveitarstjórnarfundir.*

Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir þar sem byggðarráð er kjörið skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

16. gr.

*Opnir fundir.*

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar slíkt telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins.

17. gr.

*Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður einnig fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.

18. gr.

*Auglýsing sveitarstjórnarfunda.*

Íbúum sveitarfélags skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils taka ákvörðun um hvernig fundir hennar eru auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, t.d. í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélags hafi greiðan aðgang að auglýsingu um sveitarstjórnarfundi.

Þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar hefur verið samin og send sveitarstjórnarmönnum skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er sveitarstjórn ákveður.

19. gr.

*Hæfi sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Til almenns borgarafundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningarbærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr. skal farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

105. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum, og lög um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með talið jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Félagsmálaráðuneytið skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1998

11. maí 1998 197 Nr. 46

# LÖG

## um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verja skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar þær byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti, sbr. lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970. Undanþegnar eru þó byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmur og aðrar sambærilegar byggingar.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um byggingar sem reistar eru á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir.

2. gr.

Í greinargerð með frumathugun og áætlanagerð skv. 3. gr. og 6. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, skal auk annarra atriða sem þar eru tilgreind gera grein fyrir áætlun um kostnað vegna listskreytinga.

Við ákvarðanir um mannvirki sem lög þessi taka til skulu arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd leita faglegrar ráðgjafar um listskreytingu hjá stjórn Listskreytingasjóðs, sbr. 5. gr.

3. gr.

Veita skal árlega eftir ákvörðun Alþingis fé í Listskreytingasjóð til listskreytinga opinberra bygginga sem þegar eru fullbyggðar við gildistöku þessara laga, umhverfis þeirra og annarra útisvæða á forræði ríkisins og sveitarfélaga. Sé bygging, umhverfi hennar eða útisvæði á forræði sveitarfélags skal koma framlag frá viðkomandi sveitarfélagi á móti úthlutun úr Listskreytingasjóði.

4. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og formaður skipaður án tilnefningar. Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skal vera til ráðgjafar um listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum. Stjórnin ákvarðar úthlutun úr Listskreytingasjóði.

Gutenberg
A 16

6. gr.

Um meiri háttar verkefni á sviði listskreytinga skal að öðru jöfnu fara fram opinber samkeppni í samræmi við venjur og reglur sem um það gilda á hverjum tíma. Slík samkeppni skal opin erlendum listamönnum enda njóti íslenskir listamenn sömu réttinda í þeirra löndum.

7. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar skv. 3. gr., þar með talinn kostnaður við samkeppni.

8. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast fjárvörslu Listskreytingasjóðs. Heimilt skal stjórn sjóðsins með samþykki menntamálaráðherra að semja við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans að öðru leyti.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með síðari breytingum. Heimilt skal að gera nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir til þess að lögin geti komið til framkvæmda við gildistöku, m.a. að því er varðar skipun stjórnar Listskreytingasjóðs.

*Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

Nr. 47 3. júní 1998

# LÖG

## um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfellt. Ákvæði þetta gildir ekki um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningi VMSÍ og VSÍ/VMS.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og

fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf, sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans, er úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 7. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 2. mgr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 3. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili. Að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara ekki við.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 6. mgr. orðast svo:
Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

Nr. 48 3. júní 1998

# LÖG

## um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

*Geymdur bótaréttur.*

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

*Bótaréttur með hlutastarfi.*

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans er

úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 11. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 4. mgr. 11. gr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 6. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili, en að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 8. gr. laga þessara ekki við.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „2.433 kr." í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 5. mgr. orðast svo:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# LÖG

**um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
**Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.**
1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.
b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga“ í 6. málsl. 5. mgr. kemur: sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár.
b. Í stað orðsins „Veiðiferð“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: Sóknardegi.

II. KAFLI
**Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.**
3. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: 1. október 1998.

III. KAFLI
**Gildistaka.**
4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra" í 3. og 4. mgr. kemur: veiðimálastjóri.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóra" í 3. mgr. kemur: veiðimálanefndar.
c. Orðin „og veiðimálastjóri" í 4. mgr. falla brott.

2. gr.

Í stað orðsins „ráðherra" hvarvetna í 13. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðherra" í 7. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: veiðimálastjóra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur veiðimálastjóri að fenginni umsögn Fiskistofu leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma ársins.
b. Fyrri málsliður 3. mgr. orðast svo: Til verndunar villtra stofna laxfiska er veiðimálastjóra rétt að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra" í 3. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra" í 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „Ráðherra" í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóra.
d. Í stað orðanna „hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra" kemur: og hlutaðeigandi veiðifélags.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú telst sannað að fiskur hrygni í veiðivatni í september og er veiðimálastjóra þá rétt að fenginni umsögn veiðimálanefndar að ákveða að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju að fengnum tillögum hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.
c. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þá er sérstaklega stendur á getur veiðimálastjóri að feng-

inni umsögn veiðimálanefndar leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og færi.

7. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að ákveða að friðun sú sem getur í 1. mgr. skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar enda telji hann það nauðsynlegt til jöfnunar fiskigengd í því vatni.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ falla brott.
c. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

9. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

10. gr.

2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Veiðimálastjóri gefur út veiðiskírteini.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „með samþykki ráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
c. Við greinina bætast átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

5. Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

6. Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangaveiði er óheimill.

7. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. að fengnu sérstöku mati á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki veiðivatnsins og aðliggjandi veiðivatna skv. 8. og 12. mgr.

8. Til þess að fá undanþágu frá banni skv. 5. og 6. mgr. þarf veiðifélag eða eigandi veiðivatnsins sem áformar fiskrækt með framandi stofni eða flutning framandi stofns í veiðivatn að sækja um það til veiðimálastjóra. Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn skal fylgja greinargerð um framkvæmdina, umsögn dýralæknis fisksjúkdóma um fisksjúkdóma og Veiðimálastofnunar um önnur hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þar með talda erfðamengun. Framkvæmdaraðili ber kostnað af gerð umsagna. Veiðimálastjóri setur almennar reglur um slíkar umsagnir.

9. Innan tveggja vikna frá móttöku birtir veiðimálastjóri með opinberri auglýsingu umsókn framkvæmdaraðila og kallar eftir umsögnum veiðifélaga á viðkomandi vatnasviði um framkvæmdina. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá veiðimálastjóra að umsögnum skv. 8. mgr. Athugasemdum skal skilað til veiðimálastjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Innan átta vikna frá því að veiðimálastjóri hefur birt umsókn framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað. Veiðimálastjóra er heimilt að binda undanþágu skilyrðum.

10. Þegar ákvörðun veiðimálastjóra liggur fyrir skal hún kynnt framkvæmdaraðila og þeim sem hlut eiga að máli, þar á meðal öðrum veiðifélögum á viðkomandi vatnasviði. Jafnframt skal birta hana opinberlega.

11. Ráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis veiðimálastjóra af málsmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. Úrskurð veiðimálastjóra skv. 9. mgr. má kæra til landbúnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá birtingu. Ráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni barst honum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
2. Veiðimálastjóra er rétt að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri.

b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni er veiðimálastjóra rétt að leyfa lagnetaveiði til heimilisnota á friðunartímanum.

c. 4. mgr. orðast svo:
4. Veiðimálastjóri getur sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

13. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni, svo sem vegna sjúkdóma eða til þess að rækta aðrar fisktegundir en þær er fyrir voru í vatninu, og skal veiðimálastjóra þá heimilt að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3., 4. og 6. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.

b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr., „og veiðimálastjóri“ í 4. mgr. og „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ í 6. mgr. falla brott.

15. gr.

4. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Veiðimálastjóra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

16. gr.

2. málsl. 37. gr. laganna orðast svo: Þó getur veiðimálastjóri leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 3. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.

b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Veiðimálastjóra er þó rétt að veita viðkomandi veiðifélagi undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálanefnd með því.
c. Orðin „að fengnum tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

19. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

20. gr.

2. mgr. 61. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. kemur: veiðimálastjóra.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 1. mgr. kemur: veiðimálanefndar.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Veiðimálastjóri skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar um fyrirhugaða hafbeit ef náttúrulegar aðstæður á svæðinu gefa tilefni til hættu á erfðablöndun.
d. Í stað orðsins „ráðherra“ hvarvetna í 3. mgr. kemur: veiðimálastjóri.
e. Orðin „og veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.
f. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

5. Flutningur seiða í hafbeitarstöð er óheimill fyrr en fullgilt rekstrarleyfi er fengið. Veiðimálastjóri getur þó veitt undanþágu til flutnings á seiðum í hafbeitarstöð hafi stöðin fengið heimild til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga er varða slíkan atvinnurekstur.

22. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal veiðimálastjóri, með samþykki veiðimálanefndar, setja reglur um töku á laxi er kemur úr sjó í hafbeitarstöð og um merkingar og sýnatöku úr fiskinum.

23. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að fenginni umsögn veiðimálanefndar að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva á sama hátt og kveðið er á um í 7. og 8. mgr. 14. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 86. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: hann fer með stjórn veiðimála og er ráðherra til aðstoðar um þau mál eins og kveðið er á um í lögum þessum.
b. D-liður orðast svo: hann gefur leyfi til merkinga vatnafiska með skilyrðum sem hann setur.
c. E-liður orðast svo: hann ber ábyrgð á söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi; hann má fela öðrum aðila söfnun og úrvinnslu gagna.
d. F-liður orðast svo: hann skipar veiðieftirlitsmenn.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

a. Orðin „og veiðimálastjóra“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 2. mgr. kemur: framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda.
b. 2. mgr. orðast svo:

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fer veiðimálanefnd. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra.

28. gr.

Í stað orðanna „eða 38. gr.“ í f-lið 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: 38. eða 62. gr.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjáreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fóðurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóðuröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar, svo og uppskera korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Telji hann meðferð þess ábótavant skal hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra það án tafar.

Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis búfjáreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum. Skal þá búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað. Skylt er lögreglu að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði. Ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum. Landeigandi er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf skráir búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Bændasamtök Íslands láta í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu þessa og skal hún send Bændasamtökum Íslands sem fyrst að lokinni haustskoðun. Bændasamtök Íslands hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda, fóðurforða og uppskeru korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Telji búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

3. júní 1998 Nr. 52

# LÖG

## um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað tölunnar „25“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# FORSETABRÉF

**um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, frá 5. júní 1998 til septemberloka.

*Gjört á Bessastöðum, 5. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

Nr. 54 8. júní 1998

# AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 8. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

*Kristján Andri Stefánsson.*

Nr. 55 10. júní 1998

# LÖG

**um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu unnar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

### 2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst:
*Sjávarafli:* Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.
*Fiskafurðir:* Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.

*Sjávarafurðir:* Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Dreifing:* Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talinn innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.

*Eldisfiskur:* Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem náð hafa sölustærð, teknir hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.

*Eldisafurðir:* Heill eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

*Fiskmarkaður:* Uppboðs- eða heildsölumarkaður fyrir sjávarafla.

*Flutningatæki:* Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, svo sem lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.

*Hollustuhættir:* Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu sjávarafurða.

*Hreinn sjór:* Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt heilnæmi fiskafurða og sem notað er við þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þessum.

*Neysluvatn:* Vatn sem fullnægir kröfum íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns.

*Pökkun:* Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, ílátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.

*Vinnsluskip:* Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting fisks um borð eða suða á rækjum og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í merkingu laga þessara.

*Vinnslustöð:* Hver sú aðstaða þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu teljast ekki vinnslustöð.

3. gr.

Lög þessi taka til meðferðar, vinnslu og dreifingar sjávarafurða og jafnframt til eftirlits með vinnslu, dreifingu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.

Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

## II. KAFLI
## Opinberar kröfur.

5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar og ómengaðar.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða skal vera í samræmi við góða framleiðslu- og hollustuhætti.

Starfsfólk skal gæta fyllsta hreinlætis og skulu öll svæði, búnaður, ílát, áhöld, geymslur

og flutningatæki eða annað er kemst í snertingu við sjávarafurðir þrifið og ef við á gerileytt svo að þær mengist ekki.

Meðferð og dreifingu sjávarafurða skal hagað í samræmi við eðli þeirra og eiginleika.

Halda ber sjávarafurðum við hitastig í samræmi við eðli þeirra, geymslu- og verkunaraðferðir.

Ráðherra setur frekari reglur um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem skulu tryggja heilnæmi og gæði þeirra.

6. gr.

Hönnun og búnaður skipa, vinnslustöðva, fiskmarkaða, íláta, áhalda, geymslna og flutningatækja og annars er kemst í snertingu við sjávarafurðir skal vera með þeim hætti að þrif og gerileyðing, þar sem við á, séu auðveld og unnt að gæta fyllsta hreinlætis svo sjávarafurðir mengist ekki eða gæði þeirra spillist.

Ráðherra skal setja nánari reglur um hönnun og búnað skv. 1. mgr., þar með talið um kæli- eða frystibúnað, fiskmóttöku, vinnslusvæði, hreinlætisaðstöðu og aðbúnað fyrir starfsfólk og eftirlitsaðila.

7. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands og til sölu á Evrópska efnahagsvæðinu má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings til annarra landa má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir sem sjávarafurðir koma í snertingu við skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk yfirvöld heimila.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir

8. gr.

Nota skal neysluvatn eða hreinan sjó til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við vinnslu sjávarafurða.

9. gr.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Ráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum.

10. gr.

Sjávarafurðum skal pakkað við fullnægjandi hreinlæti til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna. Umbúðir og annað sem líklegt er að komist í snertingu við fiskafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti og gæði. Ráðherra setur frekari reglur um pökkun sjávarafurða.

11. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn Íslands, óstytt eða skammstafað

IS, og leyfisnúmer viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfishafa þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

12. gr.

Ákvæði laga þessara um vinnslu, dreifingu, pökkun og merkingar taka einnig til eldisafurða. Ráðherra getur sett frekari reglur þar um.

13. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka eða dreifa sjávarafurðum og eldisafurðum sem ekki uppfylla settar kröfur um meðferð, flutning, geymslu, gæði, heilnæmi, aukefni, pökkun og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stoð í þeim. Þetta gildir einnig um afurðir sem líklegt er að uppfylli ekki settar kröfur þegar þær koma á áfangastað.

## III. KAFLI
## Leyfisveitingar og eftirlit.

14. gr.

Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskimjölsverksmiðjur, framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem vinnsla eða pökkun hafbeitar- og eldisfisks fer fram.

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á, og samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.

Fiskistofa heldur skrá yfir vinnslu- og starfsleyfishafa sem skal senda til sjávarútvegsráðuneytis, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um veitingu leyfa og skráningu þeirra.

15. gr.

Forsvarsmenn vinnslustöðva bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með vinnslunni og starfseminni til þess að tryggja að hvort tveggja sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang vinnslunnar og starfseminnar og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskeiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, vinnslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi vinnslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, vinnslu og birgðir.

5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.– 4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

16. gr.

Öllum starfs- og vinnsluleyfishöfum, sbr. 14. gr., er skylt að hafa samning við faggilta skoðunarstofu. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur frá þessu skilyrði mæli sérstakar ástæður með því.

Fiskistofa veitir skoðunarstofum starfsleyfi hafi þær sótt um eða hlotið faggildingu frá faggildingarsviði Löggildingarstofu eða öðrum viðurkenndum faggildingaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu og að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Skoðunarstofur skulu vera óháðar öllum hlutaðeigandi aðilum. Skoðunarstofa og starfsfólk hennar má ekki taka þátt í störfum sem geta haft áhrif á sjálfstæði dómgreindar eða ráðvendni þeirra varðandi skoðunarstarfsemina. Allir hagsmunaaðilar skulu geta sótt þjónustu til skoðunarstofa. Ekki skulu vera óréttlát skilyrði fjárhagslega eða af öðrum toga. Starfsemi stofunnar skal hagað með þeim hætti að viðskiptavinum sé ekki mismunað.

Skoðunarstofur skulu fylgjast reglulega með húsnæði, ástandi skipa, hreinlæti, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa.

Skoðunarstofur rækja eftirlit sitt á vegum Fiskistofu sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þær veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Fiskistofa ákveður.

Verði misbrestur á að skoðunarstofur ræki skyldur sínar, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær starfsleyfi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur nánari reglur um innra eftirlit og starfsemi skoðunarstofa. Ráðherra getur meðal annars sett reglur um framkvæmd skoðana til að tryggja samræmi þeirra.

17. gr.

Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samráði við Fiskistofu að gera vettvangskannanir hjá þeim aðilum sem falla undir ákvæði þessara laga og reglugerða settra með stoð í þeim til þess að ganga úr skugga um að ákvæði þeirra séu virt. Fiskistofa getur heimilað erlendum eftirlitsaðilum sambærilegar vettvangskannanir. Íslensk yfirvöld skulu veita þessum eftirlitsmönnum alla nauðsynlega aðstoð við að gegna skyldum sínum.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

18. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð fyrir sjávarafurðir sé þess krafist.

19. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eldisafurða og afurða vatna- og hafbeitarfisks sem brjóta í bága við ákvæði II. kafla laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt honum. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis eða fóðurs ber eiganda vinnslunnar eða útflytjanda að eyða vörunni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

## IV. KAFLI
## Innflutningur sjávarafurða.
## Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

21. gr.

Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 14. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

### Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

22. gr.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskimjöli, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum.

Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

**Öryggisákvæði.**

24. gr.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

V. KAFLI

**Landamærastöðvar.**

25. gr.

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

26. gr.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 23. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskimjöl, enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

27. gr.

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

**Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.**

28. gr.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lögmanni er skylt að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður í opinberu máli, enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

21. gr.

Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

22. gr.

Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.

23. gr.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.

24. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

25. gr.

Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

Lögmönnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Dómsmálaráðherra skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta vátryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

## V. KAFLI
## Ágreiningur um störf lögmanna.

26. gr.

Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir úrskurðarnefndina verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

Ef lagt er fyrir úrskurðarnefndina ágreiningsefni sem dómsmál er rekið um getur hún að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitsgerð til afnota þar. Hafi dómsmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar nefndin því frá sér.

27. gr.

Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum. Nefndin vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því að kostur var á að koma henni á framfæri.

Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum viðvörun eða áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.

28. gr.

Mál skal lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar nefndinni berst erindi um hana.

Úrskurðarnefndinni er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir henni.

Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

Úrskurði nefndarinnar eða sátt sem kemst á fyrir henni má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

## VI. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

29. gr.

Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmenn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður sem hefur fullgild starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

## VII. KAFLI
## Gildistaka o.fl.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Falla þá úr gildi lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með áorðnum breytingum.

31. gr.

Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslögmanna og hæstaréttarlögmanna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

Hafi maður fyrir gildistöku laga þessara byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður en ekki lokið henni skal hann eiga kost á að ljúka henni eftir eldri reglum fyrir 1. júlí 2000. Fer þá um skilyrði til að veita réttindin eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 14. gr. eldri laga.

Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. janúar 1999 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

Lögmenn, sem telja sig við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. til að njóta þargreindrar undanþágu, hafa frest til 1. apríl 1999 til að leita eftir henni.

Þeim sem við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 14. gr. laga um málflytjendur til að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi án þess að þreyta prófraun, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, öðrum en skilyrði um 30 ára aldur, má veita slík málflutningsréttindi þegar í stað, enda sé sótt um þau fyrir 1. apríl 1999.

Nú er svo ástatt um einhvern sem greinir í 5. mgr., og hann fullnægir heldur ekki kröfu um starfsreynslu en hefur þó í sex mánuði að lágmarki verið alþingismaður, gegnt málflutn-

ingsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga, og má þá veita honum slík réttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmanna skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

15. júní 1998 Nr. 78

# LÖG

**um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996 (eftirlit með meðferð áfengis).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að starfrækja áfengiseftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.** **Ólafur G. Einarsson.** **Pétur Kr. Hafstein.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 16. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

*Kristján Andri Stefánsson.*

Nr. 80 16. júní 1998

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Aðgangur að vegamannvirkjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

Nr. 81 16. júní 1998

# LÖG

**um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á orðskilgreiningum 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. viðauka II við lög þessi“ í skilgreiningu orðsins *Tollabinding* kemur: sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherrayfirlýsingu

um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.

b. Orðin „Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet“ í skilgreiningu orðsins *Gagnaflutningsnet* falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „IIA og IIB“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: IIA, IIB og IIC.

3. gr.

Í stað orðsins „sölugengi“ hvarvetna í 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: viðmiðunargengi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða tollvörugeymslu fellur þó niður hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda vöru hjá tollstjóra, nema umboðs- eða rekstraraðili hafi ekki haft heimild frá innflytjanda eða viðtakanda til skuldfærslunnar eða ef umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru í tengslum við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.

b. Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 16. gr.

c. Orðin „enda ábyrgist umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda“ í 3. málsl. 3. mgr. falla brott.

d. 6. mgr. orðast svo:

Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau ef þess er óskað.

e. 7. mgr. orðast svo:

Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er bókhaldsskyldur skal hann varðveita skrifleg gögn er varða innflutning og tollafgreiðslu í samræmi við ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim lögum. Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er ekki bókhaldsskyldur skulu tollstjóra afhent öll skrifleg gögn er snerta tollmeðferð vöru.

f. Í stað orðsins „póststofnunar“ í 9. mgr. kemur: póstþjónustuaðila.

5. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tollyfirvaldi heimilt að taka við pro forma reikningum eða viðskiptareikningum í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða.

6. gr.

2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Að tillögu ríkistoll-

stjóra getur ráðherra ákveðið að einn þeirra skuli vera staðgengill ríkistollstjóra. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Ríkistollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

8. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

9. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.

10. gr.

39. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Skipun tollvarða og ráðning tollstarfsmanna.*

Tollstjórar og ríkistollstjóri skipa tollverði til fimm ára í senn og ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun. Tollverðir og aðrir tollstarfsmenn starfa í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Tollstjórum og ríkistollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra og ríkistollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 1. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

11. gr.

Orðin „sem ákveður um framhald málsins“ í 3. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Í stað orðsins „Póststjórnin“ í 68. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili.

13. gr.

1. málsl. 4. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

14. gr.

Orðin „eða innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 100. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ríkistollstjóri getur kært úrskurð tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurð tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.

c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning séu byggð.

d. 11. mgr. fellur brott.

16. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ og „hún“ í 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili, og: hann.

17. gr.

1. og 2. mgr. 111. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda eða viðtakanda vöru.

Nú kemur annar en innflytjandi eða viðtakandi vöru fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda *in solidum* ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð umboðsmanns fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 14. gr.

18. gr.

Í stað orðanna „afhent farmflytjanda eða öðrum vörsluaðila til útflutnings“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: flutt úr landi.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. 5. málsl. 2. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Sé útflytjandi framleiðsluvara annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

20. gr.

Tollskrárnúmerið 8507.8010 í viðauka I með lögunum orðast svo:

| | | A % | E % |
|---|---|---|---|
| 8507.8010 | — — Rafgeymar sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum ..... | 0 | |

21. gr.

Við viðauka II með lögunum bætist nýr kafli, Viðauki IIC, Tollabindingar, er orðast svo:

## Viðauki IIC

**Listi sem tilgreinir tollabindingar samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem gerð var í Singapore 13. desember 1996.**

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur % |
|---|---|---|---|
| **3818** | 3818.0000 | **Kemísk frumefni efnabætt til nota í rafeindatækni, sem diskar, þynnur eða í áþekku formi; kemísk sambönd efnabætt til nota í rafeindatækni** | 0 |
| **6815** | | **Vörur úr steini eða öðrum jarðefnum (þar með taldar kolefnistrefjar, vörur úr kolefnistrefjum og vörur úr mó), ót.a.:** | |
| | | – Aðrar vörur: | |
| | | –– Annars: | |
| | | ––– Aðrar: | |
| úr | 6815.9909 | ———— Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarofna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| **7017** | | **Glervörur fyrir rannsóknarstofur og til hjúkrunar og lækninga, einnig með rúmmálsmerkingum eða rúmtaksréttingum:** | |
| | 7017.1000 | – Úr glæddu kvartsi eða öðrum glæddum kísil | 0 |
| **7020** | | **Aðrar vörur úr gleri:** | |
| | | – Annars: | |
| úr | 7020.0009 | –– Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarofna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| **8208** | | **Hnífar og skurðarblöð í vélar eða vélræn tæki:** | |
| | | – Annað: | |
| úr | 8208.9000 | –– Í vélar til að saga einkristals hálfleiðarasúlur í sneiðar eða hálfleiðaraþynnur í flögur | 0 |
| úr | 8208.9000 | –– Í vélar til að strika eða marka í hálfleiðaraþynnur | 0 |
| **8419** | | **Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur, einnig rafmagnshitaður, til vinnslu á efnum með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu, svo sem með hitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, gerilsneyðingu, eimvætingu, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu, þó ekki vélbúnaður eða vélakostur til heimilisnota; hrað- eða geymavatnshitarar, ekki fyrir rafmagn:** | |
| | | – Annar vélbúnaður, vélakostur og tæki: | |
| | | –– Annars: | |
| | | ––– Annað: | |
| úr | 8419.8909 | ———— Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8419.8909 | ———— Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8419.8909 | ———— Tæki til snögghitunar hálfleiðaraþynna | 0 |
| | | – Hlutar: | |
| úr | 8419.9000 | –– Til tækja til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8419.9000 | –– Til tækja til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8419.9000 | –– Til tækja til snögghitunar hálfleiðaraþynna | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| **8421** | | **Miðflóttaaflsvindur, þar með taldir miðflóttaaflsþurrkarar; vél- og tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökva og lofttegundum:** | |
| | | – Hlutar: | |
| | | -- Til miðflóttaaflsvindna, þar með talið miðflóttaaflsþurrkara: | |
| úr | 8421.9100 | --- Hlutar í miðflóttaaflsþurrkara til nota við aðvinnslu hálfleiðaraþynna | 0 |
| úr | 8421.9100 | --- Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur | 0 |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 8421.9900 | --- Í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur | 0 |
| **8424** | | **Vélræn tæki (einnig fyrir handafl) til sprautunar, dreifingar eða úðunar á vökvum eða dufti; slökkvitæki, einnig hlaðin; úðabyssur og áþekk tæki; gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar:** | |
| | | – Gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar : | |
| úr | 8424.3000 | -- Til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| | | – Önnur tæki: | |
| | | -- Annars: | |
| úr | 8424.8900 | --- "Deflash" vélar til að hreinsa og fjarlægja óhreinindi af málmleiðslum í hálfleiðarapökkum fyrir rafhúðunarmeðferð | 0 |
| úr | 8424.8900 | --- Úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| úr | 8424.8900 | --- Vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur | 0 |
| | | – Hlutar: | |
| úr | 8424.9000 | -- Hlutar í vélar og tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| úr | 8424.9000 | -- Hlutar í úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| úr | 8424.9000 | -- Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur | 0 |
| **8428** | | **Annar vélbúnaður til lyftingar, meðhöndlunar, hleðslu eða losunar (t.d. lyftur, rennistigar, færibönd, togbrautir):** | |
| | | – Aðrar sívinnslulyftur og -færibönd, fyrir vörur eða efni: | |
| | | -- Annars: | |
| úr | 8428.3900 | --- Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl. | 0 |
| | | – Annar vélbúnaður: | |
| | | -- Annar: | |
| úr | 8428.9009 | --- Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl. | 0 |
| **8431** | | **Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til vélbúnaðar í nr. 8425-8430:** | |
| | | – Til vélbúnaðar í nr. 8428: | |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 8431.3900 | --- Hlutar í sjálfvirkan búnað til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl. | 0 |
| úr | 8431.3900 | --- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |

| | Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|---|
| | | | – Til vélbúnaðar í nr. 8426, 8429 eða 8430: | |
| | | | –– Aðrir: | |
| úr | 8431.4900 | | ––– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| **8456** | | | **Vélar til smíða úr hvers konar efni með efnistöku, með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageisla, hátíðni-, rafhleðslu-, rafkemískri-, rafeindageisla-, jóngeisla- eða plasmabogaaðferð:** | |
| | | | – Sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum: | |
| | | | –– Vélar til að bora eða skera málma og önnur hörð efni með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum: | |
| úr | 8456.1001 | | ––– Við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| | | | –– Aðrar: | |
| úr | 8456.1009 | | ––– Við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| | | | – Aðrar: | |
| | 8456.9100 | | –– Til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni | 0 |
| | | | –– Annars: | |
| | | | ––– Smíðavélar sem vinna með rafgreiningaraðferð: | |
| úr | 8456.9901 | | ———– Tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| | | | ––– Aðrar: | |
| úr | 8456.9909 | | ———– Skerpustilltir jóngeislafræsarar til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði | 0 |
| úr | 8456.9909 | | ———– Tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| úr | 8456.9909 | | ———– Leysigeisla skurðtæki til að skera tengiraufar í hálfleiðaraefni | 0 |
| **8466** | | | **Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í nr. 8456-8465, þar með taldar efnis- eða verkfærafestingar, sjálfopnandi skurðarhausar, deilihausar og annar sérhæfður aukabúnaður fyrir smíðavélar; verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri:** | |
| | | | – Annað: | |
| | | | –– Til véla í nr. 8456-8461: | |
| úr | 8466.9300 | | ––– Hlutar í skerpustillta jóngeislafræsara til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði | 0 |
| úr | 8466.9300 | | ––– Hlutar í tæki sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| úr | 8466.9300 | | ––– Hlutar í tæki til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni | 0 |
| úr | 8466.9300 | | ––– Hlutar í tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| **8469** | | | **Ritvélar, þó ekki prentarar í nr. 8471; ritvinnsluvélar:** | |
| | | | – Sjálfvirkar ritvélar og ritvinnsluvélar: | |
| | 8469.1100 | | –– Ritvinnsluvélar | 0 |
| **8470** | | | **Reiknivélar og vélar í vasastærð til skráningar, endurskila og sýningar gagna, með reikniverki; bókhaldsvélar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekkar vélar, með reikniútbúnaði; stimpilpeningakassar:** | 0 |
| **8471** | | | **Sjáfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.:** | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| **8472** | | **Aðrar skrifstofuvélar (t.d. fjölritarar eða stensilvélar, áritunarvélar, sjálfvirkir peningaseðlaskammtarar, myntflokkunar-, mynttalningar- eða myntpökkunarvélar, blýantsyddarar, götunar- eða heftivélar):** | |
| | | – Annars: | |
| úr | 8472.9000 | –– Sjálfvirkar talningsvélar | 0 |
| **8473** | | **Hlutar og fylgihlutir (þó ekki hlífar, handtöskur og þess háttar), sem eingöngu eða aðallega má nota til véla í nr. 8469-8472:** | 0 |
| **8479** | | **Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:** | |
| | 8479.5000 | – Vélmenni til iðnaðar, ót.a. | 0 |
| | | – Aðrar vélar og vélræn tæki: | |
| | | –– Annars: | |
| | | ––– Annað: | |
| úr | 8479.8909 | ———— Tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules) | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays) | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Sjálvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Mótafestibúnaður fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum | 0 |
| úr | 8479.8909 | ———— Tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum | 0 |
| | | – Hlutar: | |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules) | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays) | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar til búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í sjálvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar | 0 |
| úr | 8479.9000 | –– Hlutar í mótafestibúnað fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| úr | 8479.9000 | -- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum | 0 |
| úr | 8479.9000 | -- Hlutar í tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum ..... | 0 |
| **8504** | | **Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:** | |
| | 8504.4000 | - Stöðustraumbreytar ..... | 0 |
| úr | 8504.4000 | -- Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja..... | 0 |
| | 8504.5000 | - Önnur spankefli ..... | 0 |
| úr | 8504.5000 | -- Til aflgjafa fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja ..... | 0 |
| | | - Hlutar: | |
| úr | 8504.9000 | -- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| **8517** | | **Raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma, á línu, þar með talið línusímtæki með þráðlausu handtóli og fjarskiptatækjabúnaður við burðarbylgjusímakerfi á línu eða við stafræn línukerfi; myndsímar:** ..... | 0 |
| **8518** | | **Hljóðnemar og standar fyrir þá; hátalarar, einnig í hátalaraboxi; heyrnartól, eyrnatól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett; rafmagnsheyrnartíðnimagnarar; rafmagnshljóðmagnarasett:** | |
| | | - Hljóðnemar og standar fyrir þá: | |
| úr | 8518.1000 | -- Hljóðnemar með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 10 mm og hæð ekki meira en 3 mm, til nota við fjarskipti ..... | 0 |
| | | - Hátalarar, einnig í hátalaraboxi: | |
| | | -- Einfaldir hátalarar, í boxi: | |
| | | --- Aðrir: | |
| úr | 8518.2109 | ---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)..... | 0 |
| | | -- Margfaldir hátalarar, uppsettir í einu boxi: | |
| | | --- Aðrir: | |
| úr | 8518.2209 | ---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)..... | 0 |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 8518.2900 | --- Hátalarar, ekki uppsettir í boxi, með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 50 mm, til nota við fjarskipti ..... | 0 |
| úr | 8518.2900 | --- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort) ..... | 0 |
| | | - Heyrnartól, eyrnartól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett: | |
| úr | 8518.3000 | -- Handtól fyrir línusímtæki ..... | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| | | – Hlutar: | |
| úr | 8518.9000 | -- Til margmiðlunarviðbæta fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort).... | 0 |
| úr | 8518.9000 | -- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| **8520** | | **Segulbandsupptökutæki og önnur hljóðupptökutæki, einnig með búnaði til endurskila á hljóði:** | |
| | 8520.2000 | – Símsvarar | 0 |
| **8521** | | **Myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner):** | |
| | | – Önnur: | |
| | | -- Annað: | |
| | | --- Annars: | |
| úr | 8521.9029 | ---- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| **8522** | | **Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru nothæfir til tækjabúnaðar í nr. 8519-8521:** | |
| | | – Annað: | |
| úr | 8522.9000 | -- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| **8523** | | **Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða ápekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla:** | |
| | | – Segulbönd: | |
| | | -- Ekki yfir 4 mm að breidd: | |
| | 8523.1101 | --- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | --- Myndbönd: | |
| úr | 8523.1102 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Önnur: | |
| úr | 8523.1109 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | -- Meira en 4 mm til og með 6,5 mm að breidd: | |
| | 8523.1201 | --- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | --- Myndbönd: | |
| úr | 8523.1202 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Önnur: | |
| úr | 8523.1209 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | -- Meira en 6,5 mm að breidd: | |
| | 8523.1301 | --- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | --- Myndbönd: | |
| úr | 8523.1302 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Önnur: | |
| úr | 8523.1309 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | – Seguldiskar: | |
| | 8523.2001 | -- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 8523.2009 | --- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli | 0 |
| | | – Aðrir: | |
| úr | 8523.9000 | -- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| 8524 | | **Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37. kafla:** | |
| | | – Diskar fyrir leysileskerfi: | |
| | | -- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd: | |
| | 8524.3101 | --- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | --- Aðrir: | |
| úr | 8524.3109 | ---- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli | 0 |
| | | -- Aðrir: | |
| | | --- Með íslensku efni: | |
| | | ---- Með tónlist: | |
| úr | 8524.3911 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með leikjum: | |
| úr | 8524.3912 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með kennsluefni: | |
| úr | 8524.3913 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Aðrir: | |
| úr | 8524.3919 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | --- Með erlendu efni: | |
| | | ---- Með tónlist: | |
| úr | 8524.3921 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með leikjum: | |
| úr | 8524.3922 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með kennsluefni: | |
| úr | 8524.3923 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| | | ---- Aðrir: | |
| úr | 8524.3929 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | – Segulbönd til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd: | |
| | 8524.4001 | -- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 8524.4009 | --- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | | – Annað: | |
| | | -- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd: | |
| | 8524.9101 | --- Fyrir vélar í nr. 8471 | 0 |
| | | --- Aðrir: | |
| úr | 8524.9109 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | | -- Annars: | |
| | | --- Með íslensku efni: | |
| | | ---- Með tónlist: | |
| úr | 8524.9911 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með leikjum: | |
| úr | 8524.9912 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með kennsluefni: | |
| úr | 8524.9913 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Aðrir: | |
| úr | 8524.9919 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | --- Með erlendu efni: | |
| | | ---- Með tónlist: | |
| úr | 8524.9921 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- Með leikjum: | |
| úr | 8524.9922 | ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |

| | Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|---|
| | | ---- | Með kennsluefni: | |
| úr | 8524.9923 | ----- | Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| | | ---- | Aðrir: | |
| úr | 8524.9929 | ----- | Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél | 0 |
| **8525** | | | **Senditæki fyrir firðtal, loftskeytasendingar, útvarpssendingar eða sjónvarp, einnig með móttökubúnaði eða hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði; sjónvarpsmyndavélar; myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar:** | |
| | | | – Senditæki: | |
| | 8525.1001 | -- | Til neyðarsendinga, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins | 0 |
| | | -- | Önnur: | |
| úr | 8525.1009 | --- | Senditæki önnur en fyrir útvarps- eða sjónvarpssendingar | 0 |
| | | | – Senditæki búin móttökubúnaði: | |
| | 8525.2001 | -- | Til neyðarsendinga og móttöku, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins | 0 |
| | 8525.2009 | -- | Önnur | 0 |
| | | | – Myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar: | |
| úr | 8525.4000 | -- | Stafrænar myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir | 0 |
| **8527** | | | **Móttökutæki fyrir firðtal, loftskeytasendingar eða útvarpssendingar, einnig sambyggð, í sama hylki, með hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði eða klukku:** | |
| | | | – Útvarpsviðtæki sem geta gengið án ytri orkugjafa, þar með talin tæki sem einnig geta tekið á móti firðtali og loftskeytasendingum: | |
| | | -- | Önnur: | |
| úr | 8527.1900 | --- | Boðtæki | 0 |
| | | | – Önnur tæki: | |
| | | -- | Sérhönnuð viðtæki fyrir neyðarmerki frá skipum og flugvélum: | |
| úr | 8527.9001 | --- | Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar | 0 |
| | | -- | Fyrir firðtal eða loftskeytasendingar: | |
| úr | 8527.9002 | --- | Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar | 0 |
| | | -- | Annað: | |
| úr | 8527.9009 | --- | Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar | 0 |
| **8528** | | | **Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði; myndskjáir (video monitors) og myndvörpur (video projectors):** | |
| | | | – Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði: | |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| | | -- Fyrir lit: | |
| | | --- Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins: | |
| úr | 8528.1201 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði: | |
| úr | 8528.1202 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Önnur: | |
| úr | 8528.1209 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | -- Fyrir svart og hvítt eða einlit: | |
| | | --- Fyrir sjónarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins: | |
| úr | 8528.1301 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði: | |
| úr | 8528.1302 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | --- Önnur: | |
| úr | 8528.1309 | ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... | 0 |
| | | - Myndskjáir: | |
| | | -- Fyrir lit: | |
| | 8528.2101 | --- Skjáir (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar ..... | 0 |
| | | -- Fyrir svart og hvítt eða einlit: | |
| | 8528.2201 | --- Skjáir (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar ..... | 0 |
| | | - Myndvörpur: | |
| | | -- Fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegar eru við gagnavinnsluvélar: | |
| | 8528.3001 | --- Til nota með sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og sem geta sýnt stafrænar upplýsingar frá miðstöðinni .... | 0 |
| **8529** | | **Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8525-8528:** | |
| | | - Loftnet og loftnetsdiskar hvers konar; hlutar nothæfir til þeirra: | |
| | 8529.1001 | -- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201 og 8528.1301 ..... | 0 |
| | | -- Annars: | |
| úr | 8529.1009 | --- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins .... | 0 |
| | | - Aðrir: | |
| | 8529.9001 | -- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201, 8528.1301, 8528.2101, 8528.2201 og 8528.3001 ..... | 0 |
| | | -- Annars: | |
| úr | 8529.9009 | --- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins .... | 0 |
| **8531** | | **Rafmagnshljóðtæki eða rafmagnsljósmerkjatæki (t.d. bjöllur, sírenur, merkjatöflur, innbrota- eða bruna-viðvörunarkerfi), þó ekki vörur í nr. 8512 eða 8530:** | |
| | 8531.2000 | - Merkjatöflur búnar vökvakristalsbúnaði (LCD) eða ljósdíóðum (LED) ..... | 0 |
| | | - Hlutar: | |
| úr | 8531.9000 | -- Til tækja í nr. 8531.2000 ..... | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| **8536** | | **Raftækjabúnaður til að tengja, rjúfa eða vernda rafrásir, eða til tengingar við eða í rafrásum (t.d. rofar, rafliðar, vör, yfirspennuafrásir, klær, tenglar, lampafalir, greinikassar), fyrir 1000 volta spennu eða minni:** | |
| | | – Aðrir rofar: | |
| úr | 8536.5000 | –– Rafeinda riðstraumsrofar samsettir úr optískum inn- og úttaksrásum (Insulated thyristor AC switches) | 0 |
| úr | 8536.5000 | –– Rafeindarofar, þ.m.t. hitavarðir rafeindarofar, samsettir úr smára og rökrás (chip-on-chip technology) | 0 |
| úr | 8536.5000 | –– Rafvélrænir smellurofar fyrir straum til og með 11 amperum | 0 |
| | | – Lampafalir, klær og tenglar: | |
| | | –– Annað: | |
| úr | 8536.6900 | –– Klær og tenglar fyrir samása kapla og prentrásir | 0 |
| | | – Annar búnaður: | |
| úr | 8536.9000 | –– Til tækja til að mæla og prófa hálfleiðaraþynnubúnað | 0 |
| **8538** | | **Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8535, 8536 eða 8537:** | |
| | | – Aðrir: | |
| úr | 8538.9000 | –– Til tækja til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað | 0 |
| úr | 8538.9000 | –– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins | 0 |
| **8540** | | **Varmaskauts-, kaldskauts- eða ljósskautsrafeinda-lokar og -lampar (t.d. lofttæmdir eða gufu- eða gas-fylltir lokar og lampar, kvikasilfursafriðilslokar og -lampar, sjárör, sjónvarpsmyndavélalampar):** | |
| | | – Sjárör fyrir sjónvarpsmynd, þar með talið sjárör fyrir myndbandsskjái: | |
| | | –– Fyrir lit: | |
| úr | 8540.1100 | ––– Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar | 0 |
| | | –– Fyrir svart og hvítt eða einlit: | |
| úr | 8540.1200 | ––– Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar | 0 |
| | | – Sjónvarpsmyndavélalampar; myndbreytar og myndskerpar; aðrir myndlampar: | |
| úr | 8540.2000 | –– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar | 0 |
| | 8540.4000 | – Gagna-/grafasjárör, fyrir lit, með fosfórpunktaskjábili minna en 0,4 mm | 0 |
| | 8540.5000 | – Gagna-/grafasjárör, fyrir svart og hvítt eða einlit | 0 |
| | | – Önnur sjárör: | |
| úr | 8540.6000 | –– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar | 0 |
| **8543** | | **Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:** | |
| | | – Rafeindahraðlar (particle accelerators): | |
| | 8543.1100 | –– Jónvísar (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðara-efni | 0 |
| | | – Vélar og tækjabúnaður til rafhúðunar, rafsundrunar eða rafdráttar: | |
| úr | 8543.3000 | –– Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays) | 0 |
| | | – Aðrar vélar og tækjabúnaður: | |
| | 8543.8100 | –– Nándarkort og -spjöld (proximity cards and tags) | 0 |
| | | –– Annað: | |
| | | ––– Heimilistæki: | |
| úr | 8543.8901 | ––––– Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni | 0 |
| | | ––– Annars : | |
| úr | 8543.8909 | ––––– Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| | | – Hlutar: | |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 8543.9009 | --- Hlutar í jónvísa (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðaraefni | 0 |
| úr | 8543.9009 | --- Hlutar til tækja til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays) | 0 |
| úr | 8543.9009 | --- Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu | 0 |
| úr | 8543.9009 | --- Hlutar í tæki til að skyndihita þynnur | 0 |
| úr | 8543.9009 | --- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum | 0 |
| **8544** | | **Einangraður (þar með talinn gljábrenndur eða skauthúðaður) vír, kaplar (þar með taldir samása kaplar) og aðrir einangraðir rafleiðarar, einnig með tengihlutum; ljósleiðarar úr sérslíðruðum trefjum, einnig búnir rafleiðurun eða með tengihlutum:** | |
| | | – Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir 80 V spennu eða minni: | |
| | | -- Með tengihlutum: | |
| | | --- Annars: | |
| úr | 8544.4109 | ---- Til nota með samskiptabúnaði | 0 |
| | | -- Annars: | |
| | | --- Annars: | |
| úr | 8544.4909 | ---- Til nota með samskiptabúnaði | 0 |
| | | – Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir meira en 80 V spennu til og með 1000 V: | |
| | | -- Með tengihlutum: | |
| | | --- Annars: | |
| úr | 8544.5109 | ---- Til nota með samskiptabúnaði | 0 |
| | 8544.7000 | – Ljósleiðarar | 0 |
| **9006** | | **Ljósmyndavélar (þó ekki fyrir kvikmyndir); leiftur-tæki til ljósmyndunar og leifturlampar, þó ekki úr-hleðslulampar í nr. 8539:** | |
| | 9006.1000 | – Myndavélar til að búa til prentplötur eða prentvalsa | 0 |
| | | – Hlutar og fylgihlutir: | |
| | | -- Aðrir: | |
| úr | 9006.9900 | --- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum | 0 |
| **9009** | | **Ljósritunarvélar með innbyggðu optísku kerfi eða fyrir snertiaðferð og varmaafritunarvélar:** | |
| | | – Rafstöðuljósritunarvélar: | |
| | 9009.1100 | -- Sem gera eftirmynd frumritsins beint (beinn ferill) | 0 |
| | | – Aðrar ljósritunarvélar: | |
| | 9009.2100 | -- Með innbyggðu optísku kerfi | 0 |
| | 9009.9000 | – Hlutar og fylgihlutir | 0 |
| **9010** | | **Tæki og búnaður til nota í ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndavinnustofur) (einnig tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni), ót.a. í þessum kafla; negatívusjár; sýningartjöld:** | |
| | | – Tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni: | |
| | 9010.4100 | -- Tæki til beinritunar á þynnur | 0 |
| | 9010.4200 | -- Endurtökuraðarar (step and repeat aligners) | 0 |
| | 9010.4900 | -- Önnur | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| | | – Hlutar og fylgihlutir: | |
| úr | 9010.9000 | –– Til tækja í nr. 9010.4100 til 9010.4900 | 0 |
| **9011** | | **Sambyggðar optískar smásjár, einnig til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar:** | |
| | | – Þrívíddarsmásjár: | |
| úr | 9011.1000 | –– Með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum | 0 |
| | | – Aðrar smásjár til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar: | |
| úr | 9011.2000 | –– Smásjár til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum | 0 |
| | | – Hlutar og fylgihlutir: | |
| úr | 9011.9000 | –– Til þrívíddarsmásjáa með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum | 0 |
| úr | 9011.9000 | –– Til smásjáa til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum | 0 |
| **9012** | | **Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki:** | |
| | | – Smásjár, þó ekki optískar smásjár, og ljósbylgjutæki: | |
| úr | 9012.1000 | –– Rafeindageislasmásjár með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum | 0 |
| | | – Hlutar og fylgihlutir: | |
| úr | 9012.9000 | –– Til rafeindageislasmásjáa með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum | 0 |
| **9013** | | **Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum vöruliðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ót.a. í þessum kafla:** | |
| | 9013.2000 | – Leysitæki, þó ekki leysidíóður | 0 |
| | 9013.8000 | – Annar búnaður, tæki og áhöld | 0 |
| | 9013.9000 | – Hlutar og fylgihlutir | 0 |
| **9017** | | **Áhöld til teiknunar, afmörkunar eða útreiknings (t.d. teiknivélar, uppdráttaafritarar (pantographs), gráðubogar, teikniáhaldasamstæður, reiknistokkar, reikniskífur); handáhöld til lengdarmælinga (t.d. málstokkar og málbönd, örkvarðar, rennimál), ót.a. í þessum kafla:** | |
| | | – Teikniborð og teiknivélar, einnig sjálfvirkt: | |
| úr | 9017.1000 | –– "Plotterar" | 0 |
| | | – Önnur áhöld til teiknunar, afmörkunar eða útreiknings: | |
| úr | 9017.2000 | –– Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum | 0 |
| | | – Hlutar og fylgihlutir: | |
| úr | 9017.9000 | –– Til mynsturgerðartækja til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum | 0 |
| **9026** | | **Áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa flæði, hæð, þrýsting eða aðrar breytur í vökvum eða gasi (t.d. rennslismælar, vökvahæðarmælar, þrýstimælar, varmanotkunarmælar), þó ekki áhöld og tækjabúnaður í nr. 9014, 9015, 9028 eða 9032:** | 0 |

| Tollskrárnúmer | | Vörulýsing | Hámarkstollur |
|---|---|---|---|
| **9030** | | **Sveiflusjár, litrófsgreiningartæki og önnur áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa rafmagnsstærðir, þó ekki mælar í nr. 9028; áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða greina alfa-, beta-, gamma-, röntgen-, geim- eða aðra jónandi geislun:** | |
| | 9030.4000 | – Önnur áhöld og tækjabúnaður, sérstaklega hannað fyrir fjarskipti (t.d. milliheyrslumælar, mögnunarmælar, bjögunarmælar, sófómælar) | 0 |
| | | – Önnur áhöld og tækjabúnaður: | |
| | 9030.8200 | –– Til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað | 0 |
| | | – Hlutar og fylgihlutir: | |
| úr | 9030.9000 | –– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9030.8200 | 0 |
| **9031** | | **Áhöld, tækjabúnaður og vélar til mælinga eða prófana, ót.a. í þessum kafla; sniðmyndavörpur:** | |
| | | – Önnur optísk áhöld og tækjabúnaður: | |
| | 9031.4100 | –– Til skoðunar á hálfleiðaraþynnum eða -búnaði eða til skoðunar á myndmöskum eða þráðum til framleiðslu á hálfleiðarabúnaði | 0 |
| | | –– Annars: | |
| úr | 9031.4900 | ––– Til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðaraþynna | 0 |
| | | – Hlutar og fylgihlutar: | |
| úr | 9031.9000 | –– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9031.4100 | 0 |
| úr | 9031.9000 | –– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðaraþynna.... | 0 |

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: refsingu.

2. gr.

Í stað orðsins „varðhald“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

3. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru fangelsi og fésektir.

Fangelsi skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, mánuður 30 dagar og ár 360 dagar.

4. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976, kemur: fangelsisrefsing.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 42/1985:

a. Í stað orðanna „refsivist, sem ólokið er“ í 1. mgr. kemur: fangelsi, sem óafplánað er.
b. Í stað orðanna „refsivist eftir“ í 1. mgr. kemur: fangelsi samkvæmt.
c. Í stað orðanna „taki út refsivist“ í 3. mgr. kemur: afpláni fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. kemur: fangelsisrefsingar.

7. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: fangelsi.

9. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1997:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur svohljóðandi málsgrein:

Þegar sekt er tiltekin ákveður dómstóll í dómi, úrskurði eða sátt tímalengd vararefsingar, sem ekki skal vera styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár.

b. 4. mgr. fellur brott.

c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sekt allt að 100.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi eftir meðfylgjandi töflu.

d. Í stað orðsins „varðhaldsins“ í 6. mgr. kemur: fangelsisins.

11. gr.

55. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991, orðast svo:

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast í fangelsi.

Dagsektir skal afplána í fangelsi og ákveður sýslumaður tímalengd vistunar. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Afplánun sekta og greiðslna samkvæmt þessari grein skal ákvarðaður tími sem ekki er styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár. Hafi hluti skuldar verið greiddur skal stytta afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig að hann verði ekki styttri en 2 dagar. Skuld, sem samsvarar hluta úr degi, afplánast með heilum degi.

12. gr.

1. mgr. 57. gr. a laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Í dómi er heimilt að ákveða að allt að 3 mánuðir fangelsisrefsingar verði óskilorðsbundnir, en aðrir hlutar skilorðsbundnir.

13. gr.

Í stað orðanna „þyngri refsingu en varðhald“ í 1. málsl. 67. gr. laganna kemur: fangelsi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi.

b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falla brott.

15. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 75. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.

b. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 4. mgr. kemur: fangelsi.

17. gr.

2. málsl. 78. gr. laganna orðast svo: Má þá dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

18. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Nú heimila lög aukna refsingu við broti og skulu þá takmörk þau, sem sett eru í 34. gr., ekki vera því til fyrirstöðu að dæma megi í fangelsi allt að 20 árum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1981:

a. Í stað orðsins „Refsivist“ í 1. mgr. kemur: Fangelsi.
b. Orðin „varðhald eða“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsis.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsi.

20. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 84. gr. laganna kemur: fangelsi.

21. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 88. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, falla brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

23. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 93. gr. laganna falla brott.

26. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru“ í 1. mgr. 95. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að 6 árum.

27. gr.

96. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

2. málsl. 1. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum“ í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur: Sömu refsingu.

30. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 103. gr. laganna falla brott.

31. gr.

104. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

33. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 109. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

34. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 110. gr. laganna kemur: fangelsi.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

36. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 112. gr. og 1. og 2. mgr. 113. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 114. gr. laganna falla brott.

38. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 115. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 116. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

40. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 118. gr. laganna falla brott.

41. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 119. gr. laganna kemur: fangelsi.

42. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 120. gr. laganna kemur: fangelsi.

43. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 120. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973 og 2. gr. laga nr. 16/1990, fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

46. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 123. gr. laganna fellur brott.

47. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.

48. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 125. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

49. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 126. gr. laganna falla brott.

50. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi.

51. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 128. gr. laganna falla brott.

52. gr.

3. málsl. 129. gr. laganna fellur brott.

53. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 131. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 132. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

55. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 133. gr. laganna falla brott.

56. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 134. gr. laganna falla brott.

57. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 136. gr. laganna falla brott.

58. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 137. gr. laganna falla brott.

59. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 139. gr. laganna fellur brott.

60. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 140. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

61. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 141. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

62. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 142. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

63. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 144. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

64. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 145. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

65. gr.
Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 1. mgr. 146. gr. laganna falla brott.

66. gr.
Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 147. gr. laganna falla brott.

67. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 148. gr. laganna falla brott.

68. gr.
Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru“ í 149. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

69. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 151. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

70. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 152. gr. laganna falla brott.

71. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 154. gr. laganna kemur: fangelsi.

72. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 155. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

73. gr.
Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 157. gr. laganna falla brott.

74. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 158. gr. laganna falla brott.

75. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. 159. gr. laganna fellur brott.

76. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 160. gr. laganna falla brott.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 162. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum“ í 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef málsbætur eru og brot varðar ekki þyngri refsingu að lögum má beita sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

78. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 163. gr. laganna falla brott.

79. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 167. gr. laganna fellur brott.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 168. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

81. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 169. gr. laganna fellur brott.

82. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. 170. gr. laganna fellur brott.

83. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 4. mgr. 171. gr. laganna fellur brott.

84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 172. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum“ í 1. mgr. kemur: sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 173. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

86. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 174. gr. laganna falla brott.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 175. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 3. mgr. fellur brott.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 176. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

89. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 177. gr. laganna falla brott.

90. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 178. gr. laganna fellur brott.

91. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 180. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 135/1996, fellur brott.

92. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 183. gr. laganna fellur brott.

93. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 184. gr. laganna fellur brott.

94. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 185. gr. laganna fellur brott.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 186. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

96. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 187. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 188. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða varðhald“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

98. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 189. gr. laganna falla brott.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 191. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: Fangelsi allt að 1 ári.

100. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 192. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

101. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 193. gr. laganna fellur brott.

102. gr.

Í stað orðanna „úr lægsta stigi refsivistar“ í 204. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fyrir lágmark fangelsis.

103. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 5. mgr. 206. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

104. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 209. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

105. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 210. gr. laganna fellur brott.

106. gr.

Orðin „eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga“ í 213. gr. laganna falla brott.

107. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 214. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

108. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 215. gr. laganna fellur brott.

109. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 216. gr. laganna falla brott.

110. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 217. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

111. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, falla brott.

112. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 219. gr. laganna fellur brott.

113. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 220. gr. laganna kemur: Fangelsi.

114. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 221. gr. laganna falla brott.

115. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 222. gr. laganna kemur: fangelsi.

116. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 223. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

117. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 225. gr. laganna fellur brott.

118. gr.
Orðin „eða varðhaldi, ef málsbætur eru“ í 1. mgr. 226. gr. laganna falla brott.

119. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 227. gr. laganna fellur brott.

120. gr.
Eftirfarandi breytingar verða á 228. gr. laganna:
a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.

121. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 229. gr. laganna kemur: fangelsi.

122. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 230. gr. laganna kemur: fangelsi allt 1 ári.

123. gr.
Eftirfarandi breytingar verða á 231. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. kemur: fangelsi.
b. Orðin „varðhaldi á hærra stigi eða“ í 2. málsl. falla brott.

124. gr.
Eftirfarandi breytingar verða á 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976:
a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

125. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. laganna fellur brott.

126. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. a laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973, fellur brott.

127. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi.

128. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 235. gr. laganna kemur: fangelsi.

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 236. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.

b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

130. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 240. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

131. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 246. gr. laganna fellur brott.

132. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 253. gr. laganna falla brott.

133. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 254. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

134. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 1. mgr. 256. gr. laganna falla brott.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 257. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.

b. Orðin „eða varðhaldi“ í 3. mgr. falla brott.

136. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 258. gr. laganna fellur brott.

137. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 259. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.

b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

138. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 261. gr. laganna fellur brott.

139. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 262. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, falla brott.

140. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 263. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „varðhald eða“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

142. gr.

267. gr. laganna fellur brott.

143. gr.

XXIX. kafli laganna, 268.–271. gr., fellur brott.

II. KAFLI

**Breytingar á öðrum lögum.**

144. gr.

*Lög um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

145. gr.

*Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í a-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í b-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi.

146. gr.

*Lög um friðun Þingvalla, nr. 59 7. maí 1928.*

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 8. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

147. gr.

*Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1982, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

148. gr.

*Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

149. gr.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 116/1990, fellur brott.

150. gr.

*Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, nr. 60 29. apríl 1943.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

151. gr.

*Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.*

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 4. tölul. B-liðar 9. gr. b laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1982, kemur: í fangelsi.

152. gr.

*Lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.*

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðanna „til refsivistar sem ekki hefur verið afplánuð“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi sem ekki hefur verið afplánað.
c. Orðið „varðhaldi“ í 3. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

153. gr.

*Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

154. gr.

*Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7. 14. mars 1962.*

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsing.
b. 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Nú er óskað framsals á manni sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmdur í fangelsi hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af hælinu.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi.

155. gr.

*Lög um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 31. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

156. gr.

*Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963.*

Í stað orðsins „varðhald“ í 35. gr. laganna kemur: fangelsi.

157. gr.

*Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4 19. febrúar 1963.*

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhald“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi.

158. gr.

*Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

159. gr.

*Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.*

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
b. 4. gr. laganna orðast svo:
Fullnusta skal refsingu skv. 3. gr. í fangelsi að íslenskum lögum um jafnlangan tíma.
c. Orðin „eða varðhalds“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
f. Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Fullnusta fangelsisdóma o.fl.**
g. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 2. málsl. 8. gr. laganna kemur: refsingu.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 13. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: refsingu.
j. Í stað orðsins „refsivist“ í 18. gr. laganna kemur: fangelsi.
k. Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Umsjón með mönnum sem fengið hafa reynslulausn.**
l. Í stað orðsins „refsivist“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

160. gr.

*Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.*

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

161. gr.

*Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.*

a. Í stað orðanna „og varðhaldi“ í inngangsmálslið 1. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

162. gr.

*Höfundalög, nr. 73 29. maí 1972.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 78/1984, fellur brott.

163. gr.

*Lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

164. gr.

*Námulög, nr. 24 17. apríl 1973.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

165. gr.

*Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

166. gr.

*Lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, fellur brott.

167. gr.

*Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25 22. maí 1975.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

168. gr.

*Lög um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976.*

Orðið „varðhaldi“ í 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1988, fellur brott.

169. gr.

*Lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 29. maí 1979.*

Orðið „varðhaldi“ í 10. gr. laganna fellur brott.

170. gr.

*Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. mgr. 107. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

171. gr.

*Lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

172. gr.

*Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.*

a. Í stað orðanna „styttri refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi um styttri tíma.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í fangelsi eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðni fjallar um er ekki heimilt að framselja hann fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

173. gr.

*Lög um tóbaksvarnir, nr. 74 28. maí 1984.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í grein 19.1 í lögunum kemur: fangelsi allt að 2 árum.

174. gr.

*Lög um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984.*

Orðið „varðhaldi“ í 24. gr. laganna fellur brott.

175. gr.

*Siglingalög, nr. 34 19. júní 1985.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 236. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 237. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að fjórum árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 239. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 241. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

176. gr.

*Sjómannalög, nr. 35 19. júní 1985.*

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 76. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum eða fangelsi allt að fjórum árum ef miklar sakir eru.
b. Orðin „varðhald eða“ í 2. mgr. 80. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 82. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 83. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að fjórum árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 86. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 87. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

177. gr.

*Lög um tannlækningar, nr. 38 12. júní 1985.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

178. gr.

*Útvarpslög, nr. 68 27. júní 1985.*

a. Í stað orðsins „varðhaldsrefsingu“ í 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 98/1995, kemur: fangelsi.

179. gr.

*Lög um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985.*

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 21. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 3 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

180. gr.

*Lög um geislavarnir, nr. 117 31. desember 1985.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

181. gr.

*Lög um varnir gegn megnun sjávar, nr. 32 5. maí 1986.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi.

182. gr.

*Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

183. gr.

*Lög um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

184. gr.

*Vaxtalög, nr. 25 27. mars 1987.*

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.

185. gr.

*Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

186. gr.

*Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

187. gr.

*Tollalög, nr. 55 30. mars 1987.*

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 2. mgr. 126. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 69/1996, kemur: fangelsi allt að sex árum.
c. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 126. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
f. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 129. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum.

g. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
h. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að sex árum.
i. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 135. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

188. gr.

*Lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.*

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálslið 136. gr. laganna falla brott.

189. gr.

*Lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

190. gr.

*Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.*

a. Orðið „varðhald“ í 3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „óskilorðsbundna refsivist“ í 1. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: óskilorðsbundið fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
e. Í stað orðsins „heildarrefsivist“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: heildarrefsing.
f. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
g. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 1. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur í viðeigandi falli: fangelsisrefsing.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðsins „refsivistardómur“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisdómur.
j. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
k. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
l. Í stað orðanna „refsivist“ í 1., 3. og 4. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsing.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
n. Orðið „refsivistar“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, fellur brott.
o. Í stað orðsins „refsivistina“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
p. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
q. Orðin „varðhalds- og“ í 1. mgr. 35. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 123/1997, falla brott.

191. gr.

*Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 40. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

192. gr.

*Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

193. gr.

*Læknalög, nr. 53 19. maí 1988.*

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

194. gr.

*Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31 23. apríl 1990.*

Í stað orðsins „varðhald“ í 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

195. gr.

*Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996, falla brott.

196. gr.

*Lög um innflutning dýra, nr. 54 16. maí 1990.*

Í stað orðsins „fangelsi“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

197. gr.

*Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

198. gr.

*Lög um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

199. gr.

*Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í b-lið 98. gr. laganna kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: fangelsi.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 102. gr. laganna kemur: til afplánunar fangelsisrefsingar.
f. Í stað orðsins „refsivist“ í inngangsmálslið 176. gr. laganna kemur: fangelsi.
g. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 181. gr. laganna kemur: fangelsi.

200. gr.

*Lög um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991.*

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 78. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 80. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 81. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.

201. gr.

*Lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 31. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

202. gr.

*Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58 2. júní 1992.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 59. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 60. gr. laganna fellur brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 61. gr. laganna fellur brott.
d. Orðið „varðhaldi“ í 62. gr. laganna fellur brott.
e. Orðin „varðhaldi eða“ í c-lið 63. gr. laganna falla brott.
f. Orðið „varðhaldi“ í 64. gr. laganna fellur brott.
g. Orðið „varðhaldi“ í 65. gr. laganna fellur brott.
h. Orðið „varðhaldi“ í 66. gr. laganna fellur brott.

203. gr.

*Lög um gjaldeyrismál, nr. 87 17. nóvember 1992.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

204. gr.

*Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100 16. desember 1992.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi.

205. gr.

*Samkeppnislög, nr. 8 25. febrúar 1993.*

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum en.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

206. gr.

*Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

207. gr.

*Lög um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 29. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

208. gr.

*Lög um hönnunarvernd, nr. 48 21. maí 1993.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

209. gr.

*Lög um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993.*

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

210. gr.

*Lög um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993.*

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

211. gr.

*Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123 27. desember 1993.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 24. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

212. gr.

*Lög um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

213. gr.

*Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 99. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

214. gr.

*Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

215. gr.

*Lyfjalög, nr. 93 20. maí 1994.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, falla brott.

216. gr.

*Lög um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994.*

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 127. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 128. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 129. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

217. gr.

*Lög um ársreikninga, nr. 144 29. desember 1994.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 82. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

218. gr.

*Lög um bókhald, nr. 145 29. desember 1994.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 36. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

219. gr.

*Lög um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995.*

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 153. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 154. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 154. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 155. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 156. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

220. gr.

*Lög um vörugjald af olíu, nr. 34 7. mars 1995.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

221. gr.

*Lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47 7. mars 1995.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

222. gr.

*Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.*

Í stað orðanna „og varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

223. gr.

*Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.*

Í stað orðanna „refsivist í fangelsi“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

224. gr.

*Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134 22. desember 1995.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 28. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

225. gr.

*Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

226. gr.

*Lög um náttúruvernd, nr. 93 14. júní 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

227. gr.

*Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

228. gr.

*Lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113 12. júlí 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 101. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

229. gr.

*Lög um póstþjónustu, nr. 142 27. desember 1996.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.

230. gr.

*Lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: fangelsi.

231. gr.

*Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

232. gr.

*Lög um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 20. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

233. gr.

*Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23 29. apríl 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

234. gr.

*Lög um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

235. gr.

*Lög um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997.*

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

236. gr.

*Lög um öryggisþjónustu, nr. 58 22. maí 1997.*

Í stað orðanna „til refsivistar“ í d-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

237. gr.

*Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

238. gr.

*Skipulags- og byggingarlög, nr. 73 28. maí 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 60. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

239. gr.

*Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

240. gr.

*Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.*

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

241. gr.

*Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 6. mars 1998.*

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálsgrein 104. gr. laganna falla brott.

242. gr.

*Vopnalög, nr. 16 25. mars 1998.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

243. gr.

*Lög um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. kemur: fangelsi allt að 2 árum.

III. KAFLI

**Gildistaka.**

244. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar refsing er dæmd vegna brots sem framið er fyrir gildistöku laga þessara, og hæfileg refsing hefði verið varðhald samkvæmt eldri lögum, skal refsing ákveðin í fangelsi um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Nú hefur maður verið dæmdur í varðhald en ekki afplánað dóm að einhverju leyti eða öllu og skal þá refsing, eða eftirstöðvar hennar, afplánuð sem fangelsi um jafnlangan tíma. Sama gildir ef refsing er ákvörðuð á ný vegna rofa á skilorði varðhaldsrefsingar og ef vararefsing hefur verið ákveðin í varðhaldi.

Varðhaldsrefsing fellur niður ef fullnusta dóms er eigi byrjuð innan fimm ára. Um fyrningu fer að öðru leyti eftir 2.–5. mgr. 83. gr.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Brottfall laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.

1. gr.

Lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997, eru felld úr gildi.

### II. KAFLI
### Breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af bifreiðum, tengi- og festivögnum, sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, skal auk gjalds vegna ekinna kílómetra greitt fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 100.000 kr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

## um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „7,00 kr." í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 5,00 kr.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 400 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 400 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

3. gr.

21. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 69/1998, fellur brott.

4. gr.

Orðin „og/eða 1. mgr. 21. gr." í 7. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1995, falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Verðmiðlunargjöld og verðskerðingargjöld, sem innheimt verða af verði til framleiðenda og af slátur- og heildsölukostnaði eftir 1. september 1998, skulu endurgreidd framleiðendum og sláturleyfishöfum í samræmi við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 1998


Nr. 131 466 19. desember 1998

## FORSETABRÉF

**um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 19. desember 1998 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 6. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

Nr. 132 22. desember 1998

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimili Landmælinga Íslands er á Akranesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*


**Stjórnartíðindi A 24, nr. 131–132. Útgáfudagur 23. desember 1998.**



Gutenberg

# STJÓRNARTÍÐINDI A 25 – 1998

23. desember 1998 467 Nr. 133

# LÖG

**um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

163. gr. laganna orðast svo:

Í þessum kafla hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

a. *Björgun:* sérhver athöfn sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er.
b. *Skip:* sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga.
c. *Lausafé:* sérhver hlutur sem ekki er varanlega við ströndina skeyttur.
d. *Umhverfistjón:* umtalsvert tjón á heilsu manna, eða lífi eða auðlindum í ám eða vötnum, við ströndina og á nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni, af völdum mengunar, elds, sprengingar eða annarra sambærilegra alvarlegra atvika.

2. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal beitt um björgunarmál sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi.

Ákvæði þessa kafla gilda jafnt þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt er bjargað var. Þá gilda ákvæðin einnig um björgun sem framkvæmd er af skipi í eigu ríkisins.

Þótt björgunaraðgerðir fari fram undir stjórn eða séu framkvæmdar af stjórnvöldum í skjóli valdheimilda þeirra fer um rétt þeirra sem tekið hafa þátt í slíkum björgunaraðgerðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um skip eða lausafé sem falla undir III. kafla þjóðminjalaga.

3. gr.

165. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal þá aðeins beita að ekki sé um annað samið. Óheimilt er að semja um takmörkun á skyldu til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Skipstjóri hefur umboð til að gera samning fyrir hönd eiganda skips. Eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri hafa hver um sig umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu.

Björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Samningi um upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

Gutenberg

4. gr.

166. gr. laganna orðast svo:

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

Björgunarmaður er skyldur til þess gagnvart eiganda og útgerðarmanni skips og eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga að:

a. sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
b. leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og
c. samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar útgerðarmaður, skipstjóri eða eigandi annars lausafjár sem í hættu er krefst þess og krafan telst sanngjörn; björgunarlaun skulu þó ekki lækka ef krafan er ósanngjörn.

Eiganda skips, útgerðarmanni eða skipstjóra, ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga, ber gagnvart björgunarmanni skylda til að:

a. veita honum liðsinni við björgunina,
b. sýna aðgát meðan björgunaraðgerðir standa yfir og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni og
c. taka við hinu bjargaða eftir að því hefur verið komið á öruggan stað og björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis.

5. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Björgunarmaður á rétt til björgunarlauna beri björgunaraðgerðir árangur. Að frátöldum vaxta- og málskostnaði má ekki ákvarða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var.

Björgun mannslífa veitir ekki rétt til björgunarlauna. Sá sem bjargar mannslífi við framkvæmd björgunar á þó rétt á sanngjarnri hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun skv. 170. gr. a.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

Björgunarlaun skal ákvarða með það í huga að hvetja til björgunar. Við ákvörðunina skal þessa gætt:

a. verðmætis þess sem bjargað var,
b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgun skips, annars lausafjár og mannslífa,
c. verklagni og atorku björgunarmanna við að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
d. að hve miklu leyti björgunin tókst,
e. eðlis og umfangs hættunnar,
f. hve langan tíma björgunaraðgerðir tóku ásamt útgjöldum og tjóni því sem björgunarmenn urðu fyrir,
g. hve skjótt hjálpin var veitt,
h. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eigum þeirra var stofnað í,
i. að björgunarskip eða annar búnaður var notaður eða var til reiðu við framkvæmd björgunarinnar,

j. umfangs björgunarviðbúnaðar, afkastagetu og verðmætis búnaðar björgunarmanna.

Nú var skip það sem bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli og skal þá atriða b–j-liða 1. mgr. einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna.

7. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

Eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað var eru ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í hlutfalli við verðmæti hinna björguðu eigna þeirra.

8. gr.

170. gr. laganna orðast svo:

Við skiptingu björgunarlauna milli tveggja eða fleiri björgunarmanna skal viðmiða 1. mgr. 168. gr. gætt.

9. gr.

Við lögin bætast sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g, og orðast svo:

a. (170. gr. a.)

Ef björgunarmaður hefur unnið að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni getur hann krafið eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun sem er jafnhá kostnaði hans við björgunarvinnuna. Aðeins er hægt að krefjast sérstakrar þóknunar í þeim mæli sem hún er hærri en björgunarlaun ákvörðuð skv. 1. mgr. 168. gr.

Hafi björgunarmaður komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun um allt að 30% af kostnaði björgunarmanns. Sé það talið sanngjarnt, þegar horft er til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr., má hækkunin nema allt að 100%.

Með kostnaði björgunarmanns er átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns vegna björgunaraðgerða auk sanngjarns endurgjalds fyrir notkun búnaðar og mannafla. Við ákvörðun þess endurgjalds ber að líta til atriða sem nefnd eru í g-, i- og j-liðum 1. mgr. 168. gr.

Ef björgunarmaður hefur vegna gáleysis vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun.

b. (170. gr. b.)

Nú hefur einhver samkvæmt samningi tekist á hendur verk áður en hætta skapast og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum eða sérstakri þóknun að því leyti sem talið verður að veitt aðstoð hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum.

Nú tekur einhver þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra og á hann þá engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Sama á við um bann eiganda annars lausafjár sem er í hættu en hefur hvorki verið né er um borð í skipi.

Lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun ef mistök björgunarmanns eða vanræksla hefur gert björgunina nauðsynlega eða erfiðari en ella, eða björgunarmaður hefur gerst sekur um svik eða aðra óheiðarlega háttsemi.

c. (170. gr. c.)

Nú hefur skip sem er skrásett á Íslandi bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem

á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun skv. 3. mgr.

Því sem þá er eftir af björgunarlaununum skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því sem bjargar fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörfin, t.d. náð þar sérstaklega ríkum árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukaþóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum verður hann að hlíta því að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður ef nægar ástæður eru og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim sem á hlutdeild í björgunarlaununum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

Samningsákvæði, sem mæla fyrir um að skipstjóri eða skipshöfn skuli hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. mgr. mælir fyrir um, skulu vera ógild nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip sem sérstaklega var búið til björgunar eða samningurinn hafi verið gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinnar björgunaraðgerðar.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda einnig um skiptingu sérstakrar þóknunar skv. 2. mgr. 170. gr. a.

Nú er skip sem bjargar ekki skráð á Íslandi og gildir þá löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð.

Ef það er ekki skip sem bjargar skal um skiptingu björgunarlauna fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um réttarsambandið milli björgunarmanns og starfsmanna hans.

d. (170. gr. d.)

Krefjist björgunarmaður þess skal sá sem ábyrgð ber á greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns. Þegar trygging hefur verið sett getur björgunarmaður ekki gengið að sjóveði sínu vegna björgunarlauna.

Eigandi og útgerðarmaður skips þess sem bjargað var skulu gera sitt ýtrasta til að eigandi farms leggi fram fullnægjandi tryggingu vegna ábyrgðar gagnvart björgunarmanni, áður en honum er afhentur farmurinn.

Þar til sett hefur verið trygging skv. 1. mgr. er óheimilt án samþykkis björgunarmanns að flytja skip eða lausafé sem bjargað var frá þeim stað þar sem því var komið fyrir eftir björgunina.

e. (170. gr. e.)
Dómstóll sá eða gerðardómur sem dæma skal um kröfu björgunarmanna getur ákveðið að greiða skuli fyrir fram hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Setja má það sem skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu að björgunarmaður setji tryggingu.

f. (170. gr. f.)
Dómsmál um ákvörðun eða skiptingu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar má höfða fyrir dómstóli í því umdæmi þar sem björgunin fór fram eða þar sem hið bjargaða var flutt að landi. Mál um skiptingu skv. 170. gr. c má höfða fyrir dómstóli í heimahöfn þess skips sem bjargaði eða þar sem mál um ákvörðun björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar eða um skiptingu skv. 170. gr. er höfðað.
Þegar björgun er lokið getur útgerð þess skips sem bjargaði krafist kyrrsetningar allra hinna björguðu verðmæta. Um kyrrsetninguna gilda lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Frestur til málshöfðunar skv. 1. mgr. 36. gr. þeirra laga skal vera átta vikur frá lokum gerðar. Til gerðarinnar nægir að boða skipstjóra fyrir hönd allra gerðarþola.
Ef mál ef höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skal stefna öllum þeim aðilum sem kröfu eiga til hlutdeildar. Stefndu geta gert sjálfstæðar kröfur án þess að höfða gagnsök. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð einkamála. Sé ekki öllum aðilum stefnt skal málinu vísað frá dómi.

g. (170. gr. g.)
Ákvæði þessa kafla gilda ekki um herskip eða önnur skip sem ekki eru rekin í viðskiptalegum tilgangi, eru í eigu erlends ríkis og njóta á björgunarstundu friðhelgi samkvæmt reglum þjóðaréttar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.
Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er í eigu ríkisins og er ekki fluttur í viðskiptalegum tilgangi. Þetta gildir ekki ef kyrrsetning eða önnur tímabundin réttaraðgerð er í samræmi við reglur þjóðaréttar.
Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er ætlaður til mannúðarmála og það ríki sem gefið hefur farminn fellst á að greiða björgunarlaun eða sérstaka þóknun vegna farmsins.

10. gr.
1. tölul. 175. gr. laganna orðast svo: kröfu um björgunarlaun, kröfu um sérstaka þóknun skv. 170. gr. a, framlags til sameiginlegs sjótjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða sem greind eru í 4., 5. eða 6. tölul. 1. mgr. 174. gr.

11. gr.
1. tölul. 215. gr. laganna orðast svo: Krafa um björgunarlaun og sérstaka þóknun: innan tveggja ára frá því að björgunarstarfi lauk.

12. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

13. gr.
14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976, fellur brott.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

# LÖG

## um breytingu á lögum, nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokamálsliður skilgreiningar hugtaksins „Vinnsluskip" í 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í skilningi laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22., 26. og 28. gr. laganna:

a. Á undan orðunum „afla fiskiskipa" í 1. mgr. 22. gr. kemur: ferskum.
b. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum" í 3. mgr. 22. gr. kemur: og vinnsluskipum.
c. Í stað orðanna „vinnsluskipi eða frystiskipi" í 1. mgr. 26. gr. kemur: eða vinnsluskipi.
d. Í stað orðanna „verksmiðjuskipum og frystiskipum" í 1. mgr. 28. gr. kemur: og vinnsluskipum.

3. gr.

Í stað orðanna „Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi" í ákvæði til bráðabirgða með lögunum kemur: Til og með 31. desember 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. apríl 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

Nr. 135 23. desember 1998

# LÖG

## um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 1999" í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. janúar 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um vegabréf.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslenskur ríkisborgari á samkvæmt umsókn rétt á að fá gefið út vegabréf eftir lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Utanríkisráðuneytið gefur út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf samkvæmt reglum sem utanríkisráðherra setur.

2. gr.

Vegabréf skal gefið út af ríkislögreglustjóra.

Heimilt er að fela öðrum stjórnvöldum að gefa út vegabréf til bráðabirgða þegar sérstaklega stendur á.

Vegabréf telst eign íslenska ríkisins.

3. gr.

Þegar sótt er um vegabréf skal umsækjandi sanna á sér deili og gengið skal úr skugga um ríkisfang hans.

Með umsókn skal umsækjandi leggja fram ljósmyndir og önnur nauðsynleg gögn.

4. gr.

Við útgáfu vegabréfs til barns undir 18 ára aldri skal liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá barnsins. Þegar annað forsjárforeldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna er samþykki hins fullnægjandi.

Samþykki lögráðamanns þarf til að gefið verði út vegabréf til þess sem sviptur hefur verið sjálfræði.

Heimilt er að víkja frá framangreindum skilyrðum ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Nú er umsækjandi um vegabréf eftirlýstur af lögreglu, gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur honum eða lagt á hann farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og skal þá synja um útgáfu vegabréfs.

Heimilt er að synja um útgáfu vegabréfs þegar svo stendur á:

a. fram er komin kæra á hendur umsækjanda fyrir refsivert brot sem ætla má að varði fangelsisrefsingu og hætta er talin á að hann muni reyna að komast undan refsiábyrgð með því að fara úr landi eða dveljast áfram erlendis eða
b. umsækjandi hefur verið dæmdur til fangelsisrefsingar sem ekki hefur verið afplánuð eða sætt sektarrefsingu fyrir dómi eða hjá stjórnvaldi sem hvorki hefur verið greidd né sett trygging fyrir og hætta er á að hann muni reyna að komast hjá fullnustu refsingarinnar með því að fara úr landi eða dveljast áfram erlendis.

6. gr.

Vegabréf gildir aðeins fyrir einn einstakling.

Gildistími vegabréfs skal vera tíu ár frá útgáfudegi. Þó skal gildistími vegabréfs barns yngra en 18 ára vera fimm ár frá útgáfudegi.

Nú glatast vegabréf og skal þá nýtt vegabréf gefið út til sama tíma og fyrra vegabréf.

7. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að afturkalla vegabréf þegar:

a. skilyrði til útgáfu vegabréfs eru ekki lengur fyrir hendi,
b. fyrir liggja aðstæður þær sem greinir í 5. gr.,
c. útliti vegabréfs eða efni hefur verið breytt,
d. vegabréf er skemmt eða slitið eða upplýsingar í því svara ekki lengur til auðkenna handhafa,
e. vegabréf finnst í vörslu óviðkomandi eða
f. aðstæður eða atvik að öðru leyti gera það að verkum að óhjákvæmilegt er að afturkalla vegabréf.

Handhafa vegabréfs er skylt að verða við kröfu um afhendingu vegabréfs sem er afturkallað skv. 1. mgr.

8. gr.

Ríkislögreglustjóri heldur skrá um útgefin vegabréf. Þar skal einnig skrá bráðabirgðavegabréf og vegabréf sem utanríkisráðuneytið gefur út. Í skránni skulu glötuð vegabréf sérstaklega tilgreind.

9. gr.

Handhafi vegabréfs skal varðveita vegabréf sitt þannig að ekki sé hætta á að það glatist. Tilkynna skal lögreglu eða sendimönnum Íslands erlendis þegar í stað ef vegabréf glatast og skal þá gera sérstaka grein fyrir afdrifum þess.

10. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. með vísvitandi röngum upplýsingum eða sviksamlegu undanskoti upplýsinga gagnvart útgefanda vegabréfs eða viðtakanda umsóknar aflar sér ranglega vegabréfs eða annars ferðaskilríkis eða verður þess valdandi að vegabréf eða annað ferðaskilríki sem gefið er út fyrir hann hljóðar ekki á rétt nafn hans og kennitölu,
b. gefur rangar upplýsingar um forsjá barns í þeim tilgangi að gefið verði út vegabréf til þess án samþykkis forsjárforeldris,
c. aflar sér án sérstakrar heimildar fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis sem hljóðar á nafn hans, breytir eða nemur á brott hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því eða
d. selur vegabréf eða gerir sér á annan hátt að féþúfu.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal meðal annars kveðið á um:

a. gerð, form og efni vegabréfa og þau gögn sem umsækjandi skal leggja fram með umsókn,
b. heimild til að einstaklingur megi í sérstökum tilvikum hafa fleiri en eitt gilt vegabréf,
c. heimild annarra stjórnvalda til útgáfu vegabréfs til bráðabirgða í sérstökum tilvikum,
d. heimild til að binda vegabréf við tiltekið svæði, svo og til að takmarka gildistíma þess þegar 5. gr. á við eða ef ætla má að umsækjandi hafi misfarið með vegabréf,
e. heimild til að gefa út hópvegabréf, þar á meðal um gildistíma og gildissvið,
f. heimild til að gefa út vegabréf til útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn og
g. vegabréfaskrá, færslu hennar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.
Jafnframt falla úr gildi lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

23. desember 1998 Nr. 137

# LÖG

## um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:
Útflutningsráði ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi skv. 1. tölul. 3. gr. til verkefna af þeim toga.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
3. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:
Stjórn Útflutningsráðs skipa sjö menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu fulltrúa atvinnulífsins í samráðsnefnd, sbr. ákvæði 6. gr., og tvo án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:
Í samráðsnefnd Útflutningsráðs sitja fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Af hálfu atvinnulífsins sitja í nefndinni fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna, Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Bændasamtakanna, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Af opinberri hálfu

sitja í nefndinni fulltrúi utanríkisráðherra, sem er formaður, og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra. Þá eiga sæti í nefndinni fulltrúar Byggðastofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar. Utanríkisráðherra skipar í nefndina samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila til tveggja ára í senn. Honum er jafnframt heimilt í reglugerð að veita öðrum samtökum eða stofnunum aðild að samráðsnefndinni að fenginni umsögn hennar.

Samráðsnefnd Útflutningsráðs er vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um stefnu og starfsemi ráðsins og staðfestir hún reikninga þess. Nefndin fundar ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Fulltrúar atvinnulífsins í samráðsnefnd velja fimm aðalmenn og fimm varamenn til setu í stjórn Útflutningsráðs.

5. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Utanríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Útflutningsráðs, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi Útflutningsráðs og um verkaskiptingu milli þess og utanríkisráðuneytisins.

6. gr.

Í stað ákvæða til bráðabirgða I–IV í lögunum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 3. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2001, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2001 vegna gjaldstofns ársins 2000.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 2000 og við staðgreiðslu þess á árinu 1999.

Við álagningu á árinu 1999 skal markaðsgjald lagt á virðisaukaskattsskylda veltu ársins 1998 í samræmi við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 114/1990, eins og henni var breytt með 51. gr. laga nr. 122/1993.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

Nr. 138 23. desember 1998

# LEIKLISTARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI
## Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

## II. KAFLI
## Þjóðleikhús.

3. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

4. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

5. gr.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi á óperum og söngleikjum og listdanssýningum.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Skipaður skal maður með menntun á sviði lista og staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Félag íslenskra leikara tilnefnir einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Fulltrúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Um innra starfsskipulag Þjóðleikhússins má kveða á í reglugerð að fengnum tillögum þjóðleikhúsráðs.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður starfsmenn leikhússins og gerir við þá starfssamninga í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna leiklist og öðrum þeim listgreinum er starfi þess tengjast. Það skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera leiklistarnemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu.

11. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til reglubundinnar starfsemi leikhússins samkvæmt þessum lögum má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

12. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

13. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

## III. KAFLI
## Önnur leiklistarstarfsemi.

14. gr.

Auk framlaga til Þjóðleikhússins veitir Alþingi árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Slíkur fjárstuðningur getur auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans.

Að því leyti sem framlög til einstakra aðila eru ekki ákveðin í fjárlögum hverju sinni annast menntamálaráðuneytið úthlutun þess fjár sem veitt er samkvæmt þessari grein. Úthlutun styrkja til atvinnuleikhópa skal ákveðin að fengnum tillögum leiklistarráðs, sbr. 17.–18. gr., en til starfsemi áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undirbúning og tilhögun styrkveitinga.

Um veitingu starfslauna til leikhúslistafólks fer samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

15. gr.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið, með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum. Heimilt er einnig að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.

Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
**Leiklistarráð.**

17. gr.

Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir einn, Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa einn en einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í leiklistarráði meira en tvö starfstímabil í röð.

18. gr.

Leiklistarráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum, sbr. 14. gr.

Ráðið veitir umsögn um leiklistarerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í leiklistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
**Önnur ákvæði.**

19. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Heimilt er að ákvæði er taka til starfsemi Þjóðleikhússins séu sett í sérstakri reglugerð.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og lög nr. 58/1978, um Þjóðleikhús, með síðari breytingum. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1991, um listamannalaun, sbr. 9. gr. laga nr. 144/1996, breytist á þá lund að í stað orðanna „framkvæmdastjórn leiklistarráðs“ kemur: leiklistarráði.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Að loknum ráðningartíma núverandi þjóðleikhússtjóra skal miða upphaf skipunartíma þjóðleikhússtjóra samkvæmt þessum lögum við 1. janúar.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

# LÖG

## um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.
*Markmið.*

Markmið með lögum þessum er að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu.

2. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi taka til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Lögin taka ekki til sjúkraskrárkerfa einstakra heilbrigðis- og rannsóknastofnana, gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum eða skráa sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins. Lögin taka ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum.

3. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum merkir:

1. *Gagnagrunnur á heilbrigðissviði:* Safn gagna er hefur að geyma heilsufarsupplýsingar sem skráðar eru á samræmdan kerfisbundinn hátt í einn miðlægan gagnagrunn sem ætlaður er til úrvinnslu og upplýsingamiðlunar.
2. *Persónuupplýsingar:* Allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.
3. *Ópersónugreinanlegar upplýsingar:* Upplýsingar um einstakling sem ekki er persónugreinanlegur samkvæmt skilgreiningu 2. tölul.
4. *Dulkóðun*: Umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum.
5. *Dulkóðun í eina átt:* Umbreyting orða eða talna í óskiljanlega runu af táknum sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli.
6. *Heilsufarsupplýsingar:* Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar.
7. *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings eða erfðamynstur slíkra eiginleika innan hóps skyldra einstaklinga, enn fremur allar upplýsingar sem varða flutning erfðaupplýsinga (erfðavísa) er lúta að eiginleikum sem ákvarða sjúkdóma og heilsu einstaklings og hóps skyldra einstaklinga án tillits til þess hvort unnt er að greina þessa eiginleika eða ekki.

## II. KAFLI
## Rekstrarleyfi og nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

### 4. gr.
*Veiting rekstrarleyfis og greiðslur leyfishafa.*

Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði eru einungis heimilar þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum.

Að fenginni umsókn er heilbrigðisráðherra heimilt að veita rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu rekstrarleyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefndar skv. 6. gr. og öðrum kostnaði sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni, þ.m.t. eftirliti tölvunefndar sem starfar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og kostnaði við útgáfu og kynningu skv. 8. gr.

Rekstrarleyfishafi skal greiða allan kostnað við vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunn, sbr. 8. tölul. 5. gr.

Ráðherra og rekstrarleyfishafa er heimilt að semja um frekari greiðslur í ríkissjóð og skal þeim varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar.

### 5. gr.
*Skilyrði rekstrarleyfis o.fl.*

Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi.
2. Tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur tölvunefndar.
3. Skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd eða henni stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkefni umsækjanda um rekstrarleyfi.
5. Fyrir liggi ítarleg verkáætlun umsækjanda sem uppfyllir skilyrði og markmið laga þessara um verktilhögun og verkframvindu.
6. Starfræksla gagnagrunnsins sé fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.
7. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eigi ætíð aðgang að tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunninum í aðgengilegu formi, þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna fyrrgreindra aðila.
8. Rekstrarleyfishafi greiði allan kostnað við vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings í gagnagrunninn. Upplýsingarnar skulu unnar þannig að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns fyrir samræmt upplýsingakerfi, þarfir sérgreina og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 7. tölul., og að þær nýtist við vísindarannsóknir.
9. Rekstrarleyfi sé tímabundið og ekki veitt til lengri tíma en 12 ára í senn.
10. Rekstrarleyfishafi afhendi nefnd skv. 6. gr. afrit af gagnagrunninum og skal afritið uppfært reglulega samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi. Afritið skal geymt í bankahólfi eða á annan tryggilegan hátt samkvæmt nánari ákvörðun í rekstrarleyfi.
11. Rekstrarleyfishafi skal tryggja að þegar leyfistíma lýkur fái heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, eða sá sem ráðherra felur starfrækslu gagnagrunnsins, ótímabundin afnot af öllum hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til viðhalds og starfrækslu gagnagrunnsins.

Ráðherra getur bundið rekstrarleyfi frekari skilyrðum en að framan greinir.

Þegar leyfistíma lýkur samkvæmt ákvæðum í rekstrarleyfi tekur ráðherra ákvörðun um starfrækslu gagnagrunnsins að fengnu áliti nefndar skv. 6. gr. og tölvunefndar. Sama gildir ef rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Rekstrarleyfi og gagnagrunnur samkvæmt lögum þessum eru hvorki framseljanleg né aðfararhæf. Óheimilt er að setja rekstrarleyfi eða gagnagrunn til tryggingar fjárskuldbindingum.

6. gr.

*Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.*

Ráðherra skal skipa nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera heilbrigðisstarfsmaður með þekkingu á faraldsfræði, annar skal hafa þekkingu á sviði upplýsinga- og/eða tölvunarfræði. Sá þriðji skal vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu uppfylla sömu skilyrði.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að gerð og starfræksla gagnagrunnsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og skilyrði sem sett eru í rekstrarleyfi, að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal hafa umsjón með gerð samninga rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Hún skal gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og vísindamanna við gerð samninganna. Þar skal m.a. samið um endurgjald rekstrarleyfishafa skv. 4. mgr. 4. gr. og endurgjald í formi aðgangs heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna. Nefndin skal veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlækni ráðgjöf varðandi nýtingu upplýsinga úr gagnagrunninum. Verði rekstrarleyfi afturkallað eða leyfishafi sviptur rekstrarleyfi skal nefndin starfrækja gagnagrunninn uns ráðherra hefur tekið ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Nefndinni skal séð fyrir starfsmönnum og starfsaðstöðu. Nefndin skal afla sér sérfræðiaðstoðar eftir því sem þurfa þykir.

Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra og tölvunefnd viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu gagnagrunnsins.

Nefndin skal eigi síðar en 1. mars ár hvert skila ráðherra skýrslu um starfrækslu gagnagrunnsins undangengið ár.

III. KAFLI

**Söfnun upplýsinga.**

7. gr.

*Aðgengi að upplýsingum úr sjúkraskrám.*

Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er heimilt að afhenda rekstrarleyfishafa upplýsingar, sem unnar eru úr sjúkraskrám, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur viðkomandi stofnunar áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa.

Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð fyrir flutning í gagnagrunninn þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með ópersónugreinanlegar upplýsingar. Starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skulu búa upplýsingar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Heilsufarsupplýsingar skal flytja í dulkóðuðu formi til að tryggja öryggi þeirra. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð í eina átt, þ.e. með dulkóðun sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli. Tölvunefnd skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best.

Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

8. gr.

*Réttindi sjúklings.*

Sjúklingur getur hvenær sem er óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni. Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Landlæknir skal sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og um rétt sjúklings skv. 1. mgr. séu aðgengilegar almenningi. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum.

## IV. KAFLI

## Aðgengi að gagnagrunni, hagnýting upplýsinga o.fl.

9. gr.

*Aðgengi heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði.*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og landlæknir eiga ávallt rétt á tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði í aðgengilegu formi þannig að þær nýtist til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og annarra verkefna þeirra. Upplýsingar skulu látnar fyrrgreindum aðilum í té án endurgjalds.

10. gr.

*Hagnýting gagnagrunns á heilbrigðissviði.*

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði, má nýta til þess að þróa nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa og í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði.

Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum úr sjúkraskrám sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylla skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu upplýsinga úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna en fyrrgreinda fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum.

Rekstrarleyfishafa er óheimilt að veita beinan aðgang að gögnum í gagnagrunninum.

Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi.

Gagnagrunn á heilbrigðissviði má eigi flytja úr landi og úrvinnsla úr honum má einungis fara fram hér á landi.

11. gr.

*Þagnarskylda.*

Starfsmenn í þjónustu rekstrarleyfishafa, þ.m.t. verktakar, eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## V. KAFLI
## **Eftirlit.**

12. gr.

*Eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.*

Tölvunefnd hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og öryggi gagna í gagnagrunninum og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt.

Nefnd um starfrækslu gagnagrunns skv. 6. gr. skal hafa umsjón með því að við starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði sé í hvívetna fylgt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og skilyrðum rekstrarleyfis. Nefndin skal fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum. Hún skal reglulega senda vísindasiðanefnd skrá um allar fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum, ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur.

Ráðherra skal setja reglugerð um þverfaglega siðanefnd sem meta skal rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast. Mat nefndarinnar verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsókna eða vinnslu fyrirspurna.

## VI. KAFLI
## **Refsingar og önnur viðurlög.**

13. gr.

*Afturköllun rekstrarleyfis.*

Ráðherra getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða rekstrarleyfishafi verður ófær um að starfrækja gagnagrunninn. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í rekstrarleyfi skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni rekstrarleyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

14. gr.

*Refsingar.*

Brot á ákvæðum laga þessara varðar fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni samkvæmt lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til sakar starfsmanna hans.

Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

15. gr.

*Svipting rekstrarleyfis o.fl.*

Rekstrarleyfishafa má, auk refsingar skv. 14. gr., svipta rekstrarleyfi með dómi ef um ásetning eða stórfellt gáleysi er að ræða.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

16. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

*Bætur.*

Hafi rekstrarleyfishafi, starfsmaður hans eða sá sem hann hefur falið vinnslu upplýsinga brotið gegn ákvæðum um vernd persónuupplýsinga í lögum þessum, reglum sem settar eru samkvæmt þeim eða skilmálum tölvunefndar skal rekstrarleyfishafi bæta hinum skráða fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Rekstraraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu, starfsmanna hans eða vinnsluaðila.

## VII. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

18. gr.

*Reglugerðir.*

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerðum.

Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. 6. gr., og um aðgangstakmarkanir skv. 2. mgr. 10. gr.

19. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra.

### Ákvæði til bráðabirgða.

**I.**

Gjald rekstrarleyfishafa skv. 3. mgr. 4. gr. skal fyrsta árið byggt á áætluðum kostnaði við undirbúning og eftirlit með starfsemi gagnagrunns á heilbrigðissviði.

**II.**

Flutningur upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði skal ekki hefjast fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

**III.**

Áður en vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði hefst skal nefnd um starfrækslu gagnagrunns skv. 6. gr. sjá til þess að fyrir liggi úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

Nr. 140 22. desember 1998

# LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (refsiábyrgð lögaðila).**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Refsiábyrgð lögaðila,** með þremur nýjum greinum, 19. gr. a–19. gr. c, svohljóðandi:

a. (19. gr. a.)
Lögaðila verður gerð fésekt þegar lög mæla svo fyrir.

b. (19. gr. b.)
Ákvæði í lögum um refsiábyrgð lögaðila gilda, nema annað sé þar tekið fram, um sérhvern ópersónulegan aðila sem getur átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti, þar með talin hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, sameignarfélög, samvinnufélög, almenn félög, sjálfseignarstofnanir, stjórnvöld, stofnanir og sveitarfélög.

c. (19. gr. c.)
Refsiábyrgð lögaðila er bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin því skilyrði að unninn hafi verið refsinæmur og ólögmætur verknaður í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

2. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:
Þegar fjárhæð sektar er ákveðin skal eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

3. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sökunautur, sem gerð hefur verið sekt, getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

4. gr.

Við 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, bætist nýr málsliður er orðast svo: Nú er lögaðila gerð sekt og er vararefsing þá eigi ákveðin.

5. gr.

Við 4. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Nú rofnar fyrningarfrestur gagnvart fyrirsvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum og rofnar þá fyrningarfrestur jafnframt gagnvart lögaðilanum. Rof fyrningarfrests gagnvart lögaðila leiðir ekki til rofs á fyrningarfresti gagnvart fyrirsvarsmanni, starfsmanni eða öðrum á vegum lögaðilans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

22. desember 1998 Nr. 141

# LÖG

## um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Við smíði varðskips er eigi skylt að láta fara fram útboð og er heimilt að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Sama gildir um viðhald varðskips þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

Nr. 143 23. desember 1998

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Skilyrði styrkveitingar er að ekki sé unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks samkvæmt lögum þessum er nýta rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

# LÖG

## um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú hefur starfsmaður lögaðila gefið, lofað eða boðið opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í þágu lögaðilans og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Sama gildir ef slíku er beint að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

23. desember 1998 Nr. 145

# LÖG

## um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „15 ára“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 17 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Framkvæmdasjóð Íslands, nr. 70 1. júlí 1985, falla úr gildi.

2. gr.

Ríkissjóður Íslands yfirtekur eignir og skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands miðað við stöðu þeirra 31. desember 1998.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

Nr. 147 22. desember 1998

# LÖG

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns).

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum frá 21. nóvember 1997.

2. gr.

109. gr. laganna, sbr. 33. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.

Sömu refsingu skal sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Geri launamaður eða sá sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samning um tryggingavernd á grundvelli iðgjalds sem hann ákvarðar og hefur beinan ráðstöfunarrétt yfir, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal almennt tryggingagjald lækka um allt að 0,2% af gjaldstofni og sá hluti tryggingagjaldsins nýttur sem iðgjaldshluti launagreiðanda á móti iðgjaldshluta launamanns. Frádráttarbær iðgjaldshluti launagreiðanda skal vera 10% af iðgjaldshluta launamanns, þó aldrei hærri en 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Skilyrði lækkunar skv. 8. mgr. er að mótframlag sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum og ráðstafað til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tilliti til lækkunar skv. 8. mgr. einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Um uppgjör og álagningu gilda ákvæði V. kafla.

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki er háður skyldu til að skila launaframtali, sbr. 3. mgr. 12. gr., skal gera grein fyrir frádráttarbærum iðgjaldshluta á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

### II. KAFLI
### Breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Iðgjaldi samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eða III. kafla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Lífeyrissjóðum og aðilum skv. 3. mgr. 8. gr. er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda sem greitt hefur verið til þeirra fyrir hvern rétthafa á því ári.
b. Við 3. mgr. bætist: og aðila skv. 3. mgr. 8. gr.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt skal í framtali sínu eða

á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður tilgreina þau iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði og aðila skv. 3. mgr. 8. gr. sem hann hefur greitt til.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og.
b. Við 3. mgr. bætist: enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

Nr. 149 22. desember 1998

# LÖG

## um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri

þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbót á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

22. desember 1998 Nr. 150

# LÖG

## um breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996.

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 16. gr. laganna kemur: 18 ára.

### II. KAFLI
### Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

4. gr.

Við 2. málsl. 7. gr. laganna bætist: enda liggi fyrir afstaða forsjárforeldra til hjúskaparstofnunarinnar.

III. KAFLI
**Gildistaka.**
5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

Nr. 151 28. desember 1998

# LÖG

**um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
**Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.**
1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiðendum bifreiðagjalds sem greiddu hærra gjald en 36.200 kr. á 2. gjaldtímabili 1998 skal endurgreiddur mismunurinn á 36.200 kr. og þeirri fjárhæð sem þeir greiddu.

II. KAFLI
**Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.**
3. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „132.053 kr.“ og „7.555 kr.“ í 2. mgr. kemur: 136.675 kr., og: 7.819 kr.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. Orðin „tengi- og festivögnum“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.

b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ekki greitt fast árgjald þungaskatts af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

c. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald bifreiða skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

| Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg | Kílómetragjald, kr. | Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg | Kílómetragjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 4.000–4.999 | 6,97 | 18.000–18.999 | 13,40 |
| 5.000–5.999 | 7,41 | 19.000–19.999 | 14,43 |
| 6.000–6.999 | 8,01 | 20.000–20.999 | 15,20 |
| 7.000–7.999 | 8,42 | 21.000–21.999 | 16,08 |
| 8.000–8.999 | 8,78 | 22.000–22.999 | 17,09 |
| 9.000–9.999 | 9,17 | 23.000–23.999 | 17,90 |
| 10.000–10.999 | 9,73 | 24.000–24.999 | 18,71 |
| 11.000–11.999 | 10,10 | 25.000–25.999 | 19,63 |
| 12.000–12.999 | 11,38 | 26.000–26.999 | 20,50 |
| 13.000–13.999 | 12,44 | 27.000–27.999 | 21,41 |
| 14.000–14.999 | 10,14 | 28.000–28.999 | 22,32 |
| 15.000–15.999 | 10,92 | 29.000–29.999 | 23,23 |
| 16.000–16.999 | 11,79 | 30.000–30.999 | 24,14 |
| 17.000–17.999 | 12,64 | 31.000 og yfir | 25,05 |

d. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kílómetragjald festi- og tengivagna skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

| Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg | Kílómetragjald, kr. | Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg | Kílómetragjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 6.000–6.999 | 7,63 | 19.000–19.999 | 17,31 |
| 7.000–7.999 | 8,01 | 20.000–20.999 | 18,24 |
| 8.000–8.999 | 8,36 | 21.000–21.999 | 19,29 |
| 9.000–9.999 | 8,73 | 22.000–22.999 | 20,51 |
| 10.000–10.999 | 9,28 | 23.000–23.999 | 21,49 |
| 11.000–11.999 | 9,62 | 24.000–24.999 | 22,46 |
| 12.000–12.999 | 10,83 | 25.000–25.999 | 23,55 |
| 13.000–13.999 | 11,85 | 26.000–26.999 | 24,59 |
| 14.000–14.999 | 12,17 | 27.000–27.999 | 25,70 |
| 15.000–15.999 | 13,10 | 28.000–28.999 | 26,79 |
| 16.000–16.999 | 14,15 | 29.000–29.999 | 27,87 |
| 17.000–17.999 | 15,18 | 30.000–30.999 | 28,96 |
| 18.000–18.999 | 16,08 | 31.000 og yfir | 30,07 |

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja áður en gjaldár hefst að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða áætlað kílómetragjald skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein verður ekki breytt vegna viðkomandi ökutækis eftir að gjaldár er hafið.

e. Lokamálsliður 3. mgr. fellur brott.

6. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðast svo:

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal greiða þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. Af bifreiðum, sem eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, og nýttar eru í atvinnuskyni, sbr. 2. mgr. 4. gr. A, skal vikugjaldið vera 25% hærra. Af bifreiðum, sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og nýtt eru í atvinnuskyni skal greiða þungaskatt samkvæmt ákvæðum B-liðar.

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

| Eigin þyngd ökutækis, kg | Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr. | Eigin þyngd ökutækis, kg | Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr. |
|---|---|---|---|
| Allt að 1.000 | 1.813 | 2.800–2.999 | 3.380 |
| 1.000–1.499 | 2.176 | 3.000–3.199 | 3.531 |
| 1.500–1.999 | 2.628 | 3.200–3.399 | 3.681 |
| 2.000–2.199 | 2.779 | 3.400–3.599 | 3.831 |
| 2.200–2.399 | 2.929 | 3.600–3.799 | 3.982 |
| 2.400–2.599 | 3.079 | 3.800–3.999 | 4.132 |
| 2.600–2.799 | 3.230 | | |

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

7. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt“ í 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna kemur: Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. 15 daga samfellt.

8. gr.

Í stað orðanna „30 daga“ í 3. mgr. B-liðar 7. gr. laganna kemur: 15 daga.

9. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

10. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. Gjaldskrár þungaskatts skv. A- og C-lið 4. gr. hækka um 2% 1. júlí 1999. Hækkunin nær þó ekki til ökutækja sem eru 0–1.499 kg.

Gjaldskrá þungaskatts skv. B-lið 4. gr. hækkar um 2% 11. júní 1999, að undanskildu föstu árgjaldi skv. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. Hækkun gjaldsins fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok annars álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

b. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. B-liðar 4. gr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 63.333 km á öðru og þriðja gjaldtímabili í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk fasts árgjalds skv. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laga þessara. Heimildin skal einungis veitt að mætt hafi verið í álestur á tímabilinu 20. janúar – 10. febrúar 1999 og umsókn borist ríkisskattstjóra fyrir 11. febrúar 1999.

## III. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

11. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald af eftirfarandi ökutækjum vera sem hér greinir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
   a. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
   b. Snjóplógar.
   c. Slökkvibifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   d. Sjúkrabifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
   f. Bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum, sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
   g. Dráttarvélar til nota á lögbýlum.
   h. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
   i. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
   j. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
   k. Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarmerki bifreiðanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.
2. Greiða skal 10% vörugjald af hópferðabifreiðum sem eru skráðar fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa. Gjaldið skal lækka í 5% frá 1. janúar 2000.

3. Af eftirtöldum ökutækjum skal greiða 30% vörugjald:
   a. Ökutæki á beltum undir 700 kg sem eru sérstaklega ætluð til flutninga í snjó, á svæðum þar sem aðrar samgöngur eru erfiðleikum bundnar verulegan hluta árs.
   b. Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
   c. Bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.
   d. Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum sem hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu.
   e. Vélsleðar í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu sem eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða flutnings á þeim.
4. Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentímetrum:

| | Sprengirými aflvélar | | |
|---|---|---|---|
| **Flokkur** | **Bensínvélar** | **Dísilvélar** | **Gjald í %** |
| I | 0–1.600 | 0–2.100 | 10 |
| II | 1.601–2.500 | 2.101–3.000 | 12 |
| III | yfir 2.500 | yfir 3.000 | 17 |

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess, reglur um hvað teljist vera fyrirtæki í ferðaþjónustu, sbr. e-lið 3. tölul. 2. mgr., og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr. og ákvæði um endurgreiðslu á mismuni vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga þessara skal gjald í % vera 14 fyrir I. flokk, 16 fyrir II. flokk og 21 fyrir III. flokk á árinu 1999.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 að undanskildum ákvæðum 3. og 5. gr. sem öðlast gildi 11. febrúar 1999. Gjaldskrár 5. gr. taka gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok fyrsta álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára" í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*



# LÖG

## um byggingarsamvinnufélög.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
b. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessara laga taka til, skal hafa orðið „byggingarsamvinnufélag" í nafni sínu og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

2. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarksfjöldi stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarksfjöldi stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna félagsmönnum á fullnægjandi hátt að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár á eftirfarandi hátt:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.
c. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð sem nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Íbúðalánasjóði eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir sem aðild eiga að honum kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim sem fullnægt hafa settum skilyrðum koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð en ekki enn eignast tilskilinn ⅕ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum þannig að þeir sem eiga

meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en fimm ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknalista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og er henni heimilt að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

6. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á fimm ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum, enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu, enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

7. gr.

Íbúðalánasjóður skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, enda komi gjald fyrir.

8. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður taka við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt lögum þessum.

**II.**

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra láta kanna starfshætti byggingarsamvinnufélaga og eftirlit með fjármálastarfsemi slíkra félaga. Að slíkri könnun lokinni skal ráðherra vinna að endurskoðun löggjafar um byggingarsamvinnufélög.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

Nr. 154 28. desember 1998

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skulu vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljast til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr. þegar slíkar greiðslur eru greiddar út.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og teljast því ekki til skattskyldra tekna hlutareigandans.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er félagi slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna. Einnig telst til arðs lækkun hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, umfram kaupverð. Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð

hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., í árslok 1996 skal vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996 að viðbættri þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem giltu í árslok 1996. Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð til hlutafélagaskrár, eða gert skattstjóra grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis í síðasta lagi í árslok 1999, skal jöfnunarverðmætið við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996. Jöfnunarverðmætið skv. 1. og 2. málsl. skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og hlutafjármiðum.

Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu jöfnunarverðmæti þeirra, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996 þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

c. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

Við 1. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 3. tölul. A-liðar orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi og ríkisskattstjóri hefur staðfest að uppfylli skilyrði þessa töluliðar.

b. 1. tölul. B-liðar orðast svo: Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum hlutabréfum á árunum 1998–2002 samkvæmt þessum tölulið.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærri en 80.000 kr. hjá einstaklingi og 160.000 kr. hjá hjónum.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem uppfylla skilyrði 5. mgr. og ríkisskattstjóri hefur staðfest eða hlutabréf í félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir fimm áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Þó skal skilyrðið um þriggja ára

eignarhaldstíma samkvæmt lögum nr. 137/1996 halda gildi sínu fyrir þá sem nutu frádráttar samkvæmt þeim lögum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var og félagið uppfyllir skilyrði þessa töluliðar. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 3. málsl. eiga við um mismuninn. Reglur þessarar málsgreinar eiga jafnframt við um kaup og sölu hlutabréfa fyrir gildistöku laga þessara.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er bundinn því skilyrði að um sé að ræða kaup á hlutabréfum í félagi með hlutafé a.m.k. að fjárhæð 22.000.000 kr., fjöldi hluthafa sé a.m.k. 25, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess öllum aðgengilegir. Hlutafélag, sem ekki er skráð á Verðbréfaþingi Íslands, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næstliðið reikningsár. Ríkisskattstjóri skal árlega veita þeim hlutafélögum staðfestingu um að skilyrðum þessa töluliðar sé fullnægt.

Ríkisskattstjóri getur heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst. Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. sé ekki fullnægt þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að ákvörðun var tekin um hlutafjáraukningu eða fjölgun hluthafa.

Reglur þessa töluliðar skulu gilda á sama hátt um samvinnuhlutabréf og stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar. Þetta á þó ekki við um aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri sem heimilt var að flytja á milli ára á árunum 1996 og fyrr, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1996.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. A laganna:

a. Orðin „og því slitið“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. orðast svo: Eignarhlutir hluthafa í félögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er.
c. 4. málsl. orðast svo: Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við þegar hlutafélagi er skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taka við hluta eigna og skulda í upprunalegu félagi.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skiptingu skv. 1. mgr. skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.

7. gr.

Við 57. gr. A laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skiptingu eða sameiningu félaga er heimilt að miða uppgjör rekstrar og framtalsskil, sbr. 91. gr., félaga þeirra er skiptingin eða slitin varða við það tímamark þegar skiptingin eða slitin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.

8. gr.

Á eftir 57. gr. A laganna kemur ný grein, 57. gr. B, með fyrirsögninni *Samsköttun hlutafélaga,* svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., séu skattlögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samsköttunar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samsköttuninni. Jafnframt hafi öll hlutafélögin sama reikningsár og eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár og ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að henni var slitið.

Umsókn um samsköttun skal beint til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélag er heimilisfast eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað.

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra hlutafélaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er skattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó skal viðkomandi tekjuár ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi. Þó er heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem varð til fyrir samsköttun ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga þessara og ef uppfyllt eru öll skilyrði 57. gr. A, um sameiningu félaga.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga, svo sem um nýtingu taps á milli félaga.

9. gr.

Orðin „t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár“ í 3. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna falla brott.

10. gr.

4. málsl. 2. mgr. A-liðar 68 gr. laganna orðast svo: Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal $^{19}/_{38}$ hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

11. gr.

120. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXV með lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996, orðast svo:

Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis hlutabréfa skv. 3. mgr. 17. gr. í síðasta lagi í ársloks 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við ákvörðun jöfnunarverðmætis.

13. gr.

Í stað orðanna „17., 30., 41." í ákvæði til bráðabirgða XXXVI með lögunum, sbr. f-lið 5. gr. laga nr. 65/1997, kemur: 17. gr., 2. tölul. B-liðar 30. gr., 41. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu árið 1999 vegna tekna á árinu 1998. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

Nr. 155 28. desember 1998

# LÖG

## um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
**Heiti, hlutverk, aðild, stjórn og iðgjald.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Skylda til greiðslu iðgjalds nær til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður

sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr. Sé um launþega að ræða skiptist iðgjald þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.

Iðgjald skv. 1. mgr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 1. mgr. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldshluta. Gjalddagi iðgjalds hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar og eindagi síðasta dag sama mánaðar. Hafi ekki verið greitt á eindaga skal innheimta hæstu vanskilavexti sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta þóknun allt að 2% af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Heimilt er að draga þóknunina frá iðgjaldi áður en það er fært í réttindabókhald.

## II. KAFLI
## Lífeyrisréttindi.

### 9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélaga eftir því sem við á ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka og börnum lífeyri í samræmi við ákvæði þessa kafla og samþykkta sjóðsins.

### 10. gr.

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem annars yrði skv. 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

### 11. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira í samræmi við áunninn rétt fram að orkutapi, enda hafi hann greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum sjóðsins, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í þrjú ár á undanfarandi fjórum árum,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Hundraðshluta orkutapsins og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og að fengnu áliti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Í samþykktir sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um örokulífeyrinn, svo sem örorkumat, fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu.

### 12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 19 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára, skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið og eiga þá börn hans eða kjörbörn, sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

## III. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

14. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

15. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

Nr. 156 28. desember 1998

# LÖG

## um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 161/1996.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar skipaðir af ráðherra til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fjögurra ára.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, að fenginni umsögn svæðisráða, til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fimm ára.

3. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III með lögunum, sbr. lög nr. 161/1996, orðast svo:
Áður en yfirfærsla málaflokksins kemur til framkvæmda hafi Alþingi m.a. samþykkt:

a. ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

35. gr. laganna orðast svo:
Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

1. Húsbréf og húsnæðisbréf.
2. Skuldabréf og víxlar sem gefin eru út af ríkissjóði, enda séu bréfin skráð á skipulögðum markaði.
3. Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
4. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns samkvæmt lögum um húsnæðismál. Sama gildir um skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga um húsnæðismál.
5. Heimildarbréf fyrir íbúð þegar viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði, sbr. 4. tölul., er veitt til kaupa á henni.
6. Húsaleigusamningar.
7. Skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip eða loftfar við skráningu, umskráningu eða afskráningu þess hérlendis, enda sé skráningin tímabundin og skipið eða loftfarið í eigu aðila sem ekki er heimilisfastur hér á landi.
8. Afsalsbréf og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands, að og frá landinu eða milli hafna erlendis. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé gefið út vegna afhendingar á skipinu úr landi eða afhendingar á skipinu til landsins.
9. Skjöl sem leggja höft eða bönd á loftfar, enda hafi eigandi loftfarsins flugrekstrarleyfi og loftfarið sé ætlað til nota í reglubundið áætlunarflug eða leiguflug innan lands eða milli landa. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé annaðhvort gefið út vegna sölu loftfarsins úr landi eða vegna kaupa á því.
10. Samningar landbúnaðarráðherra við bændur um kaup á greiðslumarki, um töku jarða til nytjaskógræktar eða um niðurskurð sauðfjár sem þinglýst er sem kvöðum á viðkomandi jarðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og 46. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 154/1995, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

### Um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laganna skulu ákvæði 1. og 5. mgr. 2. gr., 4. mgr. 5. gr., 6., 8. og 9. gr. laga nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. desember 1999 og gildistöku 4. mgr. 9. gr., 11. og 12. gr. laga nr. 66/1998 frestað til sama tíma.

### Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1999 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

### Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1999 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

### Um breytingu á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingu.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1997, skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# LÖG

## um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.

### II. KAFLI
### Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað ártalsins „1999“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 2004.

### III. KAFLI
### Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætast sjö nýir tölulíðir, 29.–35. tölul., sem orðast svo:

29. Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu ..... 80.000 kr.
30. Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets ..... 20.000 kr.
31. Leyfi til reksturs póstþjónustu ..... 80.000 kr.
32. Leyfi til sjónvarps
    a. til þriggja ára ..... 96.000 kr.
    b. til fimm ára ..... 160.000 kr.
    c. til sjö ára ..... 224.000 kr.
33. Leyfi til hljóðvarps
    a. til allt að tveggja mánaða ..... 3.000 kr.
    b. til eins árs ..... 22.000 kr.
    c. til tveggja ára ..... 44.000 kr.
    d. til þriggja ára ..... 66.000 kr.
    e. til fimm ára ..... 110.000 kr.
34. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul.
35. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð
    a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997 ..... 50.000 kr.
    b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 ..... 30.000 kr.
    c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 ..... 10.000 kr.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 14. og 15. tölul., er orðast svo:

14. Skráning póstrekenda ..... 10.000 kr.
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu ..... 10.000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:
   1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
      a. Almennt gjald ..... 4.600 kr.
      b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 9.200 kr.
      c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 2.300 kr.

b. 2. tölul. orðast svo:
   2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
      a. Almennt gjald ..... 1.700 kr.
      b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 3.400 kr.
      c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 850 kr.

c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
   15. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni ..... 3.500 kr.
   16. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini 65 ára og eldri og ökuskírteini fyrir flokkana M og T ..... 2.000 kr.

## IV. KAFLI
## Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.

## V. KAFLI
## Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, að undanskilinni 2. gr. laganna sem öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. og „eða ungmenni“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna. Börn skulu njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska.
c. 2. mgr. orðast svo:
Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs.

2. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „og ungmenni“ og „og ungmenna“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og ungmenna“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða ungmennis“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

5. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „og ungmenna“ og „eða ungmenna“ í 1. mgr. og „og ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

9. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 4. málsl. 17. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í b-lið 1. mgr. og „eða ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 20. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og c-lið 1. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til meðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun eða heimili. Vistun skal ávallt vera tímabundin og eigi standa lengur en þörf krefur. Hún skal sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta og rétt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti ef það þykir hafa aldur og þroska til eða óski barnið þess, sbr. 43. gr. a.

c. 3. mgr. fellur brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við börn í hættu vegna eigin hegðunar.*

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 46. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 43. gr. a.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við barn sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.*

17. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984“ í 1. málsl. 26. gr. laganna kemur: samkvæmt ákvæðum lögræðislaga.

18. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: 18 ára.

19. gr.

Orðin „eða ungmenni“ og „eða ungmenninu“ í 1. málsl. 28. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og fjölskyldum þeirra.**

21. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. og „og ungmenna“ í 2. mgr. 32. gr. laganna falla brott.

22. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 37. gr. laganna falla brott.

23. gr.

Orðin „eða ungmennis“ hvarvetna í 43. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein, 43. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Réttindi barns við málsmeðferð.*

Veita ber barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls, allt í samræmi við aldur og þroska barnsins.

Ávallt skal veita barni 12 ára og eldra kost á að tjá sig um mál.

Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur.

25. gr.

Orðið „ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmennis“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 2. og 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Um réttindi barns við málsmeðferð gilda ákvæði 43. gr. a.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. Orðin „eða unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „fyrir unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fyrir börn.
c. Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr., „og ungmenni“ í 1. málsl. 4. mgr. og „og ungmennum“ í 5. mgr. falla brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heimili fyrir börn.*

28. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 2. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og „og ungmenna“ í 2. málsl. falla brott.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eftirlit með vinnu barna.*

30. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. málsl. og „eða ungmennum“ í 2. málsl. 55. gr. laganna falla brott.

31. gr.

Í stað orðsins „ungmennum“ í 1. málsl. 56. gr. laganna kemur: börnum.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Orðin „eða ungmennum“ í 1. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Ungmenni“ í 3. mgr. kemur: Börn.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Aðgangur barna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.*

33. gr.

Orðin „eða ungmennis“ í 60. gr. laganna falla brott.

34. gr.

Orðin „eða ungmenni“ hvarvetna í 61.–66. gr. laganna falla brott.

35. gr.

Heiti laganna verður: **Barnaverndarlög.**

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, halda gildi sínu gagnvart ungmennum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, sem fædd eru fyrir 1. janúar 1982.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

Nr. 161 28. desember 1998

# LÖG

**um húsnæðissamvinnufélög.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
**Gildissvið og orðskýringar.**

1. gr.
*Gildissvið.*

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim gegn greiðslu búseturéttargjalds.

Markmið félaga skv. 1. mgr. skal jafnframt vera að eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögunum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

Félag sem ákvæði þessara laga taka til skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

2. gr.

*Orðskýringar.*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Búsetuíbúð* er íbúð í eigu húsnæðissamvinnufélags.
2. *Búseturéttur* er ótímabundinn afnotaréttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi af búsetuíbúð.
3. *Búseturétthafi* er félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi sem öðlast hefur búseturétt.
4. *Búsetusamningur* er samningur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi við félagið um búseturétt.
5. *Búseturéttargjald* er það gjald sem félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi greiðir til þess að öðlast búseturétt.
6. *Búsetugjald* er það gjald sem búseturétthafi greiðir vegna rekstrar-, viðhalds- og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð.
7. *Búsetufélag* er félag búseturétthafa í ákveðnum byggingaráfanga eða á ákveðnu svæði sem sér um rekstur búsetuíbúða og starfar innan húsnæðissamvinnufélagsins.
8. *Húsnæðissamvinnufélag* er samvinnufélag sem á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúða sem það hefur byggt eða keypt til þess að veita félagsmönnum sínum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

## II. KAFLI
## **Félagsstofnun og búseturéttur.**

3. gr.

*Félagsstofnun.*

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags, svo og önnur atriði sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um, skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum laga um samvinnufélög á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði meðal annars að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

4. gr.

*Stofnun búseturéttar.*

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið, enda greiði þeir ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins, sbr. d-lið 16. gr.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

Þegar félagsmaður notfærir sér rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 5. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr.

Búseturétt geta þeir einir eignast eða keypt sem eru orðnir fjárráða.

5. gr.

*Búseturéttargjald.*

Búseturéttargjald vegna íbúðar sem ráðstafað er í fyrsta sinn ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði hennar eða kaupverði og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds, sbr. 1. mgr., og hvenær það skuli innt af hendi.

Gangi búseturéttur kaupum til annars félagsmanns skal miða búseturéttargjald við upprunalegt verð, að teknu tilliti til kostnaðar seljanda vegna endurbóta, en draga frá kostnað vegna vanrækslu á viðhaldi.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að kveða á um í samþykktum sínum að við ákvörðun búseturéttargjalds við endursölu skv. 3. mgr. skuli taka mið af hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

6. gr.

*Búseturéttur.*

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn afnotarétt yfir íbúð, enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann afnotarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 7. gr. um ráðstöfun búseturéttar og 14. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

7. gr.

*Ráðstöfun búseturéttar.*

Réttur búseturétthafa til íbúðar er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseturétthafa, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

8. gr.

*Vanskil félagsmanns.*

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 10. gr. Búseturétthafa er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins, enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

## III. KAFLI
## Búsetufélög.

### 9. gr.
*Stofnun búsetufélags.*

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturétthafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér búsetufélag. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturétthafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturétthafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir að mynda sérstakt búsetufélag fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en byggingaráfanginn skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturétthafa í byggingaráfanganum eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélags verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

### 10. gr.
*Ábyrgð búsetufélags og búsetugjald.*

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

Búsetufélag skal skila staðfestum og samþykktum ársreikningum til húsnæðissamvinnufélags fyrir 1. júlí ár hvert.

### 11. gr.
*Veðsetning íbúða.*

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir lánum sem tekin eru til byggingar eða kaupa á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

## IV. KAFLI
## Réttindi og skyldur búseturétthafa.

### 12. gr.
*Búsetusamningur.*

Hver sá sem hefur fengið keyptan búseturétt skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseturétthafi geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseturétthafa er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturréttar í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá uppsögn búsetusamnings. Um endurgreiðslu andvirðis búseturéttar fer að öðru leyti eftir því sem segir í 13. gr. laga þessara.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

### 13. gr.
*Endurgreiðsla andvirðis búseturéttar.*

Hætti búseturétthafi afnotum af íbúð skal andvirði búseturéttarins endurgreitt honum í samræmi við fyrirmæli 3. og 4. mgr. 5. gr. og að gættum ákvæðum 1. mgr. 12. gr.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélaga skal kveðið á um hvernig hagað skuli mati og úttektum á búsetuíbúðum, þar á meðal vegna endurbóta og vanrækts viðhalds. Nái aðilar búsetusamnings ekki samkomulagi á grundvelli þeirra reglna skal fara eftir ákvæðum gildandi húsaleigulaga um úttektir og mat á leiguhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

Takist ekki að úthluta búseturétti til nýs félagsmanns innan þess tíma sem ákveðinn er í 1. mgr. 12. gr. getur félagið fengið kostnað sinn við að endurúthluta búseturéttinum bættan úr varasjóði, sbr. c-lið 16. gr. Á sama hátt getur húsnæðissamvinnufélag fengið greitt úr varasjóði kostnað við að endurákvarða búseturéttargjald til síðari félagsmanna.

Í samþykktum skal nánar mælt fyrir um rétt húsnæðissamvinnufélags til þess að fá tjón sitt bætt skv. 3. mgr.

### 14. gr.
*Framleiga.*

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseturétthafi eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseturétthafi hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, sem eigi er áritaður

af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigjandi fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigjanda.

15. gr.

*Viðhaldssjóður.*

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur búsetufélags ákveður gjöld til hverju sinni. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags getur þó ákveðið lágmarksgjald í viðhaldssjóð. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 10. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utan húss, sem búsetufélagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseturétthafi hverrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur búsetufélagsins setur.

V. KAFLI

**Fjármál.**

16. gr.

*Fjáröflun.*

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi.
b. Með lánum úr Íbúðalánasjóði samkvæmt lögum um húsnæðismál og með öðrum lánum á almennum markaði. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með framlagi í varasjóð sem nema skal 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Í varasjóð rennur enn fremur árlegt framlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri lánastofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og verðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu, enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.
e. Með gjöldum fyrir veitta þjónustu við félagsmenn og aðra sem renna í rekstrarsjóð samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

17. gr.

*Kvaðir.*

Húsnæðissamvinnufélögum er óheimilt að selja íbúðir sínar á meðan á þeim hvíla lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum.

VI. KAFLI
**Ýmis ákvæði.**

18. gr.
*Setning reglugerðar.*

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.
*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

20. gr.
*Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest fyrir húsnæðissamvinnufélög og einstök búsetufélög í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins halda gildi sínu.

Búsetusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skulu húsnæðissamvinnufélög endurskoða samþykktir sínar m.a. með hliðsjón af ákvæðum 5. og 13. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður yfirtaka öll eldri lán sem Byggingarsjóður verkamanna og eftir atvikum Byggingarsjóður ríkisins hafa veitt til húsnæðissamvinnufélaga vegna búsetuíbúða, ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánum fylgja.

**II.**

Við endurgreiðslu búseturéttargjalds til þeirra er gert hafa búsetusamning fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 13. gr., skal enn fremur gæta ákvæða 6. mgr. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

29. desember 1998 525 Nr. 162

# FJÁRAUKALÖG

**fyrir árið 1998.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## A-hluti
## Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1 og 2:

| m.kr. | Rekstrar-grunnur | Sjóðs-hreyfingar |
|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **9.104,0** | **9.487,0** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 2.119,0 | 2.536,0 |
| Tryggingagjöld | 651,0 | 639,0 |
| Eignarskattar | -16,0 | -112,0 |
| Skattar á vörur og þjónustu | 6.350,0 | 6.424,0 |
| Aðrar rekstrartekjur | 107,0 | 57,0 |
| Sala eigna | -121,0 | -121,0 |
| **Tekjur samtals** | **9.090,0** | **9.423,0** |
| Æðsta stjórn ríkisins | 14,3 | 14,3 |
| Forsætisráðuneyti | 204,8 | 204,8 |
| Menntamálaráðuneyti | 574,4 | 574,4 |
| Utanríkisráðuneyti | 340,6 | 340,6 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 415,5 | 415,5 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 64,3 | 64,3 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 365,5 | 365,5 |
| Félagsmálaráðuneyti | 334,5 | 334,5 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 1.621,5 | 1.596,5 |
| Fjármálaráðuneyti | 10.547,7 | 1.355,7 |
| Samgönguráðuneyti | 433,6 | 464,6 |
| Iðnaðarráðuneyti | 54,5 | 54,5 |
| Viðskiptaráðuneyti | 15,8 | 15,8 |
| Umhverfisráðuneyti | 129,0 | 129,0 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | -400,0 | -1.150,0 |
| **Gjöld samtals** | **14.716,0** | **4.780,0** |
| **Tekjujöfnuður** | **-5.626,0** | |



Gutenberg

# A-hluti
# Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

| m.kr. | |
|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | |
| Tekjujöfnuður | -5.626,0 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi | 9.994,0 |
| Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins | 1.288,0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | |
| Viðskiptakröfur, (breyting) | 1.202,0 |
| Viðskiptaskuldir, (breyting) | -6,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **6.852,0** |
| ***Fjármunahreyfingar*** | |
| Veitt löng lán | 2.485,0 |
| Afborganir veittra lána | 3.380,0 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | -600,0 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | -1.900,0 |
| **Fjármunahreyfingar samtals** | **3.365,0** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **10.217,0** |
| ***Fjármögnun*** | |
| Tekin löng lán | 7.450,0 |
| Afborganir lána | -9.698,0 |
| **Fjármögnun samtals** | **-2.248,0** |
| **Breyting á handbæru fé** | **7.969,0** |

Ýmis ákvæði

## Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

6. Ýmis ákvæði.

1.1 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta, eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

6.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 6.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

## Heimildir

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

8.21 Að semja við Reykjavíkurborg um yfirtöku núverandi hluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöll, Laugardal, í tengslum við niðurfellingu 40 m.kr. skuldar sambandsins við Endurlán ríkissjóðs.

| m.kr. | | Rekstrar-grunnur | Greiðslu-grunnur |
|---|---|---|---|
| | Sundurliðun 1 | | |
| | **Tekjur A-hluta** | | |
| **I** | **Skatttekjur** | | |
| **1** | **Skattar á tekjur og hagnað** | | |
| 1.1.1.1 | Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla | 1.799,0 | 2.225,0 |
| 1.1.1.5 | Sérstakur tekjuskattur | -30,0 | 11,0 |
| 1.1.5.1 | Skattar á söluhagnað, arð og vaxtatekjur | 350,0 | 300,0 |
| | **Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga** | **2.119,0** | **2.536,0** |
